

26–27

28

33

Skógar binda 83% af árlegri CO₂ losun í Svíþjóð

Ræktuð verða lífrænt vottuð epli í úrvalsflokki

Gæðastýring er tilbóta en ekki hafin yfir gagnrýni

Bændablaðið

12. tölublað 2019 • Fimmtudagur 27. júní • Blað nr. 541 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Ríðið upp með Merkurhrauni suðaustan við Búrfell og Þjórsá á Suðurlandi, skammt vestan við Heklu og efsta hluta Ytri-Rangár. Merkurhraun kallast hraunspilda á mörkum Flóa og Skeiða og er hluti af Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 6.000 árum. Jarðvegur á þessu svæði er þunnur, svo hraunstrýtur standa á mörgum stöðum upp úr mosapembunum. Nafn sitt dregur hraunið af bænum Mörk sem var á þessu svæði samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Könnun sem Maskína gerði fyrir Heimssýn um viðhorf Íslendinga til innflutnings á hráu kjöti:

Flestir Íslendingar nema þeir tekjuhæstu ósáttir við innflutning á fersku og ófrosnu kjöti

— Af þeim sem afstöðu taka eru 59% á móti innflutningi en 41% eru fylgjandi — Konur eru mun harðari í andstöðu sinni en karlar

Könnun sem Maskína gerði fyrir Heimssýn og birt var 18. júní um viðhorf Íslendinga til innflutnings á fersku/ófrosnu kjöti, kemur fram hörð andstaða við áform ríkisstjórnarinnar í þeim málum.

Svarendur voru 793 sem fengnir voru með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Voru gögnin vegin með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Var svarhlutfall gildra svara mjög gott, eða 96%. Stærsta hlutfallið í þessum hópi reyndist vera andvíg innflutningi á ófrosnu kjöti.

Spurt var, ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að heimila innflutning á fersku/ófrosnu kjöti?

Gefnir voru fimm svarmöguleikar. Þar reyndust 15,2% mjög fylgjandi innflutningi á fersku/ófrosnu kjöti. Fremur fylgjandi voru 18,9%. Í meðallagi [hvorki né] voru 16,8%. Fremur andvíg(ur) 20,4%. Mjög andvíg(ur) 28,7%.

Ef einungis er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu til málsins

voru 59% á móti því að heimilaður yrði innflutningur á fersku/ófrosnu kjöti. Reyndust 41% því fylgjandi.

Hvergi á landinu er hreinn meirihlutastuðningur við innflutning

Þegar skoðuð er afstaða fólks í samræmi við búsetu reyndist hvergi vera hreinn meirihlutastuðningur við innflutning. Hann var þó mestur í Reykjavík, eða 42,4% og í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur 39,5%. Andstaðan við innflutning reyndist nærri eins mikill á báðum stöðum, eða 39,9% í Reykjavík og 40,6% í nágrennasveitarfélögum.

Á öllum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins var meirihluti svarenda á móti innflutningi. Þannig var andstaðan 76,8% á Austurlandi, 73,7% á Norðurlandi, 60,8% á Vesturlandi og Vestfjörðum og 56% á Suðurlandi og Reykjanesi.

Andstaða í flestum aldurshópum

Í öllum aldursflokkum nema í aldursflokki 30–39 ára var andstaðan við innflutning meiri en stuðningurinn. Meirihluti 50 ára og eldri var á móti innflutningi, en athygli vekur að í yngsta aldursflokknum, 18–29 ára, voru andstæðingar innflutnings 47,4% en fylgjendur einungis 26,9%. Í þeim hópi var líka stærst hlutfall þeirra sem tóku ekki afstöðu, eða 25,6%. Hins vegar studdu 46,9% 30–39 ára innflutning en 41,3% voru á móti.

Þá gildi einu hvaða menntun svarendur höfðu, í öllum tilfellum í slíkri flokkun voru andstæðingar innflutnings fleiri en fylgjendur.

Athygli vekur að konur eru miklu harðari í andstöðunni en karlar, eða 60,5% á móti 38,4% andstöðu hjá körlum.

Þeir tekjuhæstu vilja innflutning

Þegar litið var á tekjuskippingu fólks

sem þátt tók í könnun Maskínu reyndist stuðningur við innflutning á fersku og ófrosnu kjöti vera mestur í hópi þeirra ríkustu. Það var eini tekjuhópurinn þar sem stuðningurinn var meiri en andstaðan.

Mestur var stuðningurinn í hópi þeirra sem voru með 1,2 milljónir á mánuði eða meira. Þar var stuðningurinn 49,3%. Þann hóp virðist helst að finna meðal stuðningsmanna Viðreisnar, en þar vildi 63,1% leyfa innflutning á fersku og ófrosnu kjöti.

Næstmestur var stuðningurinn meðal áhængenda Samfylkingarinnar, eða 56,6%. Meðal stuðningsmanna Flokks fólksins var stuðningurinn líka mikill, eða 48,8%, sem skýrist þó varla af miklum tekjum. Mögulega gæti það skýrst af hörðum áróðri sem haldið hefur verið á lofti um að fjárls innflutningur væri sérstakt hagsmunamálið neytenda. Reyndar er nær jafn hátt hlutfall kjósenda flokksins andsnúið innflutningi, eða 48,3%

Fleiri Sjálfstæðismenn á móti en þeir sem eru fylgjandi

Þá vekur líka athygli að einungis 37,2% stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins eru fylgjandi þessum innflutningi, sem er þó lagður til af ráðherra flokksins til að mæta kröfum dómstóla, en 43,1% er á móti. Meðal Pírata má meira að segja finna fleiri stuðningsmenn, eða 39,8%, en þar eru samt 41,7% á móti.

Ekki þarf að koma á óvart að andstaðan við innflutning skuli vera mest meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins, eða 83,5%, og 70,4% meðal stuðningsmanna Miðflokksins. Þá er andstaðan líka mikil hjá stuðningsmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (VG), eða 67,4%. Stuðningsmenn þessara þriggja flokka skera sig reyndar úr og eru með hreinan meirihluta í sínum röðum gegn innflutningi á fersku og ófrosnu kjöti. Tveir þessara flokka sitja nú í ríkisstjórn. /HKr.

FRÉTTIR

Formaður Sambands garðyrkjubænda óttast frekari hækkunir á orkukostnaði við innleiðingu orkupakka 3

– Nefnir dæmi um þreföldun á flutningskostnaði raforku á milli ára vegna innleiðingar á orkupökkum 1 og 2

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, hefur ítrekað greint frá andstöðu garðyrkjumanna við innleiðingu orkupakka 3. Hann óttast um aðdrif greinarinnar verði þetta samþykkt á Alþingi.

Í viðtali í þættinum Í bítíð á Bylgjunni 4. júní síðastliðinn benti hann m.a. á að þótt bara sé búið að innleiða orkupakka 1 og 2 þá hafi það þegar leitt til verulega aukins kostnaðar garðyrkjunnar vegna tilskipana ESB um aðskilnað flutnings og framleiðslu á raforku. Garðyrkjubændur hafi því eðlilega verulegar áhyggjur af afleiðingum þriðja og fjórða orkupakkans.

270–323% kostnaðarhækkun á orkuflutningi milli ára

Hann nefndi sem dæmi að í febrúar 2017 hafi ein garðyrkjubændur notaði 40–50 þúsund kílóvattstundir af raforku verið að greiða 43 þúsund



Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda og bóndi í Gróðrarstöðinni Ártanga.

krónur í flutning á orkunni fyrir einn mánuð. Í febrúar 2018 hafi sama garðyrkjubændur verið að greiða um 139 þúsund krónur fyrir sama orkumagn. Hækkunin nemur því um 323%.

Önnur garðyrkjubændur sem væri að nota um 200 til 210 kílóvattstundir hafi borgað 162 þúsund krónur í febrúar 2017 en 437 þúsund á mánuði í febrúar 2018. Þetta er nærri 270% hækkun á einu ári. Þá á eftir að reikna verðið fyrir raforkuna sjálfa.

„Við höfum gríðarlegar áhyggjur af þessu. Ég bið menn og konur sem sitja á Alþingi að tryggja það að við förum ekki í einhverja tóma vitleysu í þessu máli,“ sagði Gunnar.

Hærra flutningsverð til landsbyggðarnotenda

Hann benti líka á þá gríðarlegu mismunum sem felst í staðsetningu orkukaupenda á landinu. Þar væri flutningskostnaður til neytenda í dreifbýli umtalsvert hærri en til íbúa í þéttbýli. Oft eru notendur í dreifbýlinu samt mun nær orkuverunum sem framleiða raforkuna en notendur í þéttbýli. Styrkir sem kæmu á móti væru auk þess í krónutölu þannig að vægi þeirra styrkja minnkaði hratt í takt við hlutfallslega aukningu á notkun.

Orkugjald hækkar um 47%

Þá benti hann einnig á að við inn-

leiðingu á orkupakka 3 ætti Orkustofnun að verða sjálfstæðari og væri það þegar að koma fram í því að orkugjald stofnunarinnar hækki um 47%.

„Það talar enginn um þetta. Nú, hvað á Orkustofnun að gera? Jú, hún á að sinna eftirlitsskyldu og sanngjarnara raforkuverði til neytenda. Ég bið bara spenntur eftir því að sjá það á reikningnum áður en maður hrópar húrta. [...] Ég velti því fyrir mér, hversu íþyngjandi verður orkupakki þrjú á þessum grunni?“

Hann segir augljóst að svona hækkunir á orkukostnaði hljóti að skila sér út í verðlagningu á framleiðslu garðyrkjubænda. Ef ekki væri svo mikill ákafi opinberra fyrirtækja í að hækka álögur á greinina þá gæti grænmetið verið ódýrara og meira af íslensku grænmeti á markaðnum og meiri fjölbreytni. Í dag væru íslenskir grænmetisbændur vart að anna nema um 50% markaðshlutdeild.

„Ég er alveg sannfærður um

að við sæjum meiri framleiðslu á tómötum. Ég held að við séum ekki að anna nema um 40% af tómatasölunni á Íslandi í dag. Ef við fengjum hagstæðari kjör á raforku og meiri fyrirsjáanleika í verði orkunnar þannig að flutningskostnaður þrefaldist ekki á einu ári, og við hefðum sirka 10 ára framtíðarsýn, þá hefðu menn einhverjar forsendur til að leggjast í fjárfestingar. Meðan staðan er eins og hún er þá leggja menn ekkert í alvöru fjárfestingar í greininni.“

Gunnar sagði að sóknarfærin í garðyrkjunnar væru gríðarleg, m.a. í framleiðslu á jarðarberjum – ef rétt væri haldið á spöðum. Hann sagðist einnig í samtali við Bændablaðið ekki skilja þá heift sem væri í málinu af hálfu stuðningsfólks innleiðingar orkupakka 3. Gert væri lítið úr fólki sem efaðist, en engin haldbær rök hafi verið lögð fram um af hverju Íslendingar ættu að innleiða þetta. /HK/

Vöruskipti óhagstæð

Árið 2018 voru fluttar út vöru fyrir 602,1 milljarð króna og inn fyrir 779,6 milljarða króna fob. Vöruviðskiptin 2018, reiknuð á fob verðmæti, voru því óhagstæð um 177,5 milljarða króna.

Vöruviðskiptahallinn 2018 var einum milljarði króna meiri en árið 2017 þegar vöruviðskiptin voru óhagstæð um 176,5 milljarða króna á gengi hvors árs.

Vöruviðskiptahallinn 2018 án skipa og flugvéla nam 162,4 milljörðum króna samanborið við 161,7 milljarða króna halla árið 2017.

Útflutningur

Á heimasíðu Hagstofunnar segir að árið 2018 hafi verðmæti vöruútflutnings verið 82,5 milljörðum króna hærra samanborið við árið 2017, eða 15,9% á gengi hvors árs. Iðnaðarvörur voru 53,3% alls útflutnings og var verðmæti þeirra 14,7% hærra en á sama tíma árið áður.

Útflutningur á áli og álafurðum átti stærstu hluteild í útflutningi á iðnaðarvörum árið 2018, eða 38,2% af heildarútflutningi. Sjávarafurðir voru 39,8% alls vöruútflutnings og var verðmæti þeirra 21,7% hærra en árið áður. Hækkun var í öllum undirlíðum sjávarafurða.

Stærstu hluteild í útflutningi sjávarafurða árið 2018 áttu ferskur fiskur (9,9% af heildarútflutningi) og fryst flök (9,3% af heildarútflutningi). Stærstu viðskiptalönd í vöruútflutningi árið 2018 voru Holland, Bretland og Spánn en 71,8% alls útflutnings fór til ríkja ESB.

Innflutningur

Árið 2018 var verðmæti vöruinnflutnings 83,5 milljörðum króna hærra en árið 2017, eða 12% á gengi hvors árs. Mestu munaði um innflutning á eldsneyti og smurólíum og á hrávörum og rekstrarvörum. Stærstu hluteild í innflutningi áttu hrá- og rekstrarvörur (28,5%) og fjárfestingarvörur (20,5%).

Stærstu viðskiptalönd í vöruinnflutningi árið 2018 voru Noregur, Þýskaland, Kína og Bandaríkin en 49% alls innflutnings kom frá ríkjum ESB. /VH

Þjóðin deilir áhyggjum með garðyrkjubændum yfir mögulegu framsali á valdi í orkumálum landsins:

Meirihluti Íslendinga, eða 61%, vill ekki orkupakka 3

– Einungis 10,7% mjög harðir fylgjendur innleiðingar orkupakkans en 26,2% eitharðir andstæðingar

Könnun sem Maskína gerði fyrir Heimssýn og birt var 18. júní um viðhorf Íslendinga til orkupakka 3 og innflutnings á ófrosnu kjöti, kemur fram hörð andstaða þjóðarinnar við áformum ríkisstjórnarinnar í báðum þessum málum.

Könnunin fór fram á netinu dagana 12.–18. júní 2019. Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá eða það sem stundum er kallað slembiúrtak. Svarendur voru af báðum kynjum á aldrinum 18 ára og eldri af öllu landinu. Send var áminning tvisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Svarendur voru 793 og voru gögnin vegin með tilliti til kyns, aldurs og búsetu í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá.

Spurt var: „Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að Ísland verði undanþegið orkulöggjöf Evrópusambandsins?“

Þessari spurningu svöruðu 708 og var svarhlutfallið því mjög gott, eða 89,3%. Gefnir voru fimm svarmöguleikar. Mjög fylgjandi, fremur fylgjandi, í meðallagi, fremur andvíg(ur) og mjög andvíg(ur).

Einungis 10,7% harðir fylgismenn innleiðingar á orkupakka 3

Það vekur athygli hversu fáir voru mjög andvígir því að Ísland verði undanþegið orkulöggjöf ESB og vilji þar með innleiða orkupakka 3. Þeir reyndust einungis vera 76, eða 10,7%. Þeir sem voru fremur andvígir reyndust vera 110 sem er 15,5% hlutfall.

Ansí margir tóku ekki ákveðna afstöðu til málsins, eða 228, sem er 32,2% hlutfall.

Það er hins vegar afgerandi hversu stór hópur er mjög fylgjandi því að Ísland verði undanþegið

orkulöggjöf ESB og vilja því ekki innleiða orkupakka 3. Þeir reyndust vera 185, eða 26,2%. Þá voru þeir sem eru fremur fylgjandi því að Ísland innleiði ekki orkupakka 3 109, eða 15,4%.

61% Íslendinga á móti orkupakka 3

Þegar skoðuð er afstaða þeirra sem tóku afstöðu í málinu fer vart á milli mála hvaða ályktun má draga af könnuninni um vilja þjóðarinnar. Þar voru 61,3% þátttakenda í könnuninni á móti innleiðingu á orkupakka 3 og fylgjandi því að Ísland verði undanþegið orkulöggjöf ESB. Einungis 38,8% voru fylgjandi innleiðingu á orkupakka 3 og á móti því að Ísland verði undanþegið orkulöggjöf ESB.

Skýr skilaboð

Skilaboðin til ríkisstjórnarflokkanna og Alþingis geta vart verið mikið skýrari en þetta. Jafnframt má túlka þetta sem afgerandi stuðning við sjónarmið Sambands garðyrkjubænda og formanns þess, Gunnars Þorgeirssonar, sem gengið hefur hnarreistur fram fyrir skjöldu í baráttu gegn innleiðingu á orkupakka 3.


Meirihluti stuðningsmanna ríkisstjórnarflokkanna eru á móti orkupakkanum

Í könnuninni kom líka fram að meirihluti fylgjenda Framsóknarflokksins, eða 68,4%, er á móti innleiðingu orkupakka 3, en aðeins 6,9% fylgjandi innleiðingu. Þá eru 48,7% fylgjenda Sjálfstæðisflokks á móti orkupakkanum, en einungis 19,9% vilja innleiða hann. Meðal fylgjenda Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs (VG) voru 40% á móti orkupakka 3, en einungis 24,3% fylgjandi.

Það hlýtur að teljast afar

Orkulöggjöf Evrópusambandsins

Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að Ísland verði undanþegið orkulöggjöf ESB?



Heimild: Maskína - Hlutfall þeirra sem taka afstöðu Viðhorfsskönnun gerð fyrir Heimssýn í júní 2019 Svarendur 708, gild svör 89,3%

athyglisvert að hlutfallslega er mestur stuðningur við innleiðingu orkupakka 3 meðal kjósenda VG af öllum stuðningsmönnum ríkisstjórnarflokkanna. Það er þrátt fyrir að komið hafi fram að það séu fyrst og fremst peningalegir hagsmunir fjárfesta og ESB sem knýja þetta mál áfram.

Mest er andstaðan við orkupakka 3 meðal fylgjenda Miðflokksins, eða 82,5%, og hjá Flokki fólksins, 73,9%. Þá eru 31,5% fylgjenda Pírata á móti orkupakkanum og 23% fylgjenda Samfylkingarinnar, en einungis 11,9% fylgjenda Viðreisnar. Reyndar eru fylgjendur Viðreisnar þeir einu sem eru að meirihluta fylgjandi innleiðingu á orkupakka 3, eða 63,2%. Í engum hinna flokkanna á Alþingi er meirihlutastuðningur við innleiðingu orkupakkans meðal stuðningsmanna, ekki einu sinni í

Samfylkingunni þar sem fylgið við innleiðingu er 42%.

Þjóðin fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu

Í spurningum um orkupakkann var líka spurt um hvort fólk vildi að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um málið. Ef einungis eru teknir þeir sem tóku afstöðu voru 53% fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu en 47% á móti.

Spurt var, ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin um innleiðingu 3. orkupakkans? Gefnir voru fimm svarmöguleikar og var niðurstaðan þessi:

Mjög fylgjandi 26,8%. Fremur fylgjandi 13,7%. Í meðallagi (taka ekki beina afstöðu) 23,6%. Fremur andvíg(ur) 17,2%. Mjög andvíg(ur) 18,7%. /HK/

70 ára afmæli Massey Ferguson
á Íslandi á Hvanneyri 6. júlí.

Storsýning!

1949
-
2019



I tilefni af 70 ára afmælis Massey Ferguson
á Íslandi bíður Jötunn upp á afmælistertu.

MASSEY FERGUSON

HVANNEYRARHÁTÍÐ

6. JÚLÍ 2019

Dagskrá dagsins:

- 13:30** Ragnheiður rektor setur hátíðina á kirkjutröppunum. Ferguson í 70 ár, hugleiðingar Bjarna Guðmundssonar.
- 14:00 - 15:30** Kerruakstur með smá stoppi í fjósinu.
- 14:00** Traktorafimi á túninu fyrir sunnan kirkjugarðinn.
- 14:30 - 16:00** Ásgarður opinn gestum og gangandi í tilefni 130 ára búnaðarfræðslu á Hvanneyri.
- 15:00** Leiðsögn um Ásgarð (aðalbyggingu Landbúnaðarháskóla Íslands).
- 14:30** Leiðsögn um Yndisgróður. Fræðsla um býflugnarækt.
- 14:30 - 15:30** Gróðursetning í gróðurhúsinu.
- 13:00 - 16:00** Ferguson á Íslandi í 70 ár – sýning á vegum Fergusonfélagsins.

- Kvenfélagið 19. júní verður með kaffisölu í Gamla-Bút
- Skemman Káffihús verður opið
- Sölubásar í Íþróttahöllinni
- Ljósmyndasýning barna í Skólastjóraíbúðinni
- Lopapeysusýning á vegum Kvenfélagsins 19. júní
- Ullarselið opið
- Landbúnaðarsafn Íslands opið

- Sýning á tækjum frá Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands
- Gestastofa fyrir friðland fugla opin
- Sýningin „Konur í landbúnaði í 100 ár“ verður opin
- Hvetjum fólk til að kíkja í sund í Hreppslaug eftir hátíð
- KK með tónleika á Hvanneyri Pub um kvöldið
- STÓRSÝNING Jötuns og Fergusons félagsins



FRÉTTIR

Heyskapur á fullu um allar sveitir:

Ekki ástæða til að fyllast svartsýni þótt víða hafi verið orðið þurrt

„Heyskapur er á fullu þessa dagana en því er ekki að neita að bændur eru að verða aðeins áhyggjufullir þar sem spretta er víðast hvar slök, maí og júní voru frekar svalir, auk þess er það orðið mjög þurrt þótt engin séu harðindin samt,“ segir Sigurgeir Hreinsson, formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar, um heyskapinn í Eyjafirði.

Á Suður- og Vesturlandi var ekki hægt að kvarta yfir kulda, en óvenjumikið sólskin og þurrviðri setti hins vegar strik í reikninginn og spretta því lítil. Heldur glaðnaði þó yfir bændum nú í vikunni þegar aðeins tók að rigna og spáð er skúrum og rigningu víða á vestanverðu landinu jafnvel fram yfir helgi.

Sigurgeir bendir á að margir eigi fyrningar og stutt sé liðið á sumarið, „þannig að ekki er ástæða til að fyllast svartsýni, þótt maður verði síður fyrir vonbrigðum ef búist er við því versta sem hugsast getur.“

Heyskapur er ekki byrjaður af neinum krafti í Þingeyjarsýslum og eins ekki langt kominn í Svarfaðardal svo dæmi séu tekin.

Þokkaleg gæði en minni uppskera

Baldur Helgi Benjamínsson á Ytri-Tjörnum segir að fyrri sláttur í framanverðum Eyjafirði sé í hámarki um þessar mundir, þeir allra fyrstu séu búnir en flestir í miðju kafi. „Ég geri ráð fyrir að klára núna seinni partinn í vikunni,“ segir hann. Gæði eru að sögn þokkaleg, en uppskera með minna móti miðað við hin síðari ár. Vart sé þó réttlætlanlegt að miða við síðasta sumar sem var einstakt hvað magn varðar.

„Það var lítið hægt að heyja hér í síðustu viku, það rignði alltaf smávegis af og til, en svo um helgina var hægt að fara að sinna heyskap af krafti og margir sjá fram á að ljúka fyrri slætti núna um mánaðamótin,“ segir Baldur Helgi.



Slegið á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði.

Mynd / Baldur Helgi Benjamínsson

Kúabændur á Vesturlandi að ljúka fyrri slætti

Haraldur Benediktsson, bóndi í Vestri-Reyni, segir kúabændur á vestanverðu landinu flesta vera langt komna með heyskap og þeir fyrstu sjái fram á að ljúka fyrri slætti um

þessar mundir, en þar hefur grasið oft verið meira.

„Kúabændur eru allir byrjaðir fyrri slátt, margir langt komnir, en sauðfjárabændur eru aðeins byrjaðir að kroppa, eru rétt að byrja,“ segir hann.

Sprettan er að sögn Haraldar

misjöfn eftir svæðum, gæðin eru ágæt en hafa verið betri og sama gildir um magnið, það hefur áður verið meira en nú.

„Veðurfarið var með þeim hætti að grasið fór snemma í skrið, apríl byrjaði ljómandi vel og allt fór vel af stað en öll spretta stöðvaðist í

kuldakastinu í maí. En við eigum eftir að sjá hvernig sumarið kemur út í heild þegar heyskap lýkur. Við erum aðeins að ljúka fyrri slætti, sá síðari er eftir og þá kemur niðurstaðan í ljós,“ segir Haraldur Benediktsson, bóndi og alþingismaður. /MPÞ

Milljónir evrópskra bændu óttast neikvæð áhrif af tollasamningi ESB og Mercosur-ríkja

Finninn Pekka Peson, aðalritari Copa Cogeca, landbúnaðarviðskiptasamtaka bændu innan ESB, hefur ritað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bréf þar sem lýst er miklum áhyggjum evrópskra bændu yfir fyrirhuguðum Mercosur tollasamningi.

Peson ritar bréfið fyrir hönd 22 milljóna bændu og fjölskyldna þeirra auk 22.000 samstarfsaðila í landbúnaði. Er forseti framkvæmdastjórnarinnar, Jean-Claude Juncker, ásamt stjórnarfulltrúunum Cecilia Malmström og Phil Hogan hvött til að ana ekki til neinna samninga við Mercosur ríkin.

Mercosur viðskiptablokkinn

Nýr fríverslunarsamningur hefur verið lengi í undirbúningi milli ESB og Mercosur ríkjanna sem eru Argentína, Brazílía, Paragvæ og Úrúgvæ. Venesúela var fullgildur aðili að þessu milliríkjasamningi þar til 1. desember 2016 að ríkið



Pekka Peson, aðalritari Copa Cogeca.

var rekið úr þessu bandalagi. Þá eru Bólívía, Chile, Columbía, Ekvador, Guyana, Perú og Suriname líka tengd þessum samningum og tengingu við þá hafa einnig Nýja-Sjáland og Mexíkó. Mercosur viðskiptablokkinn var stofnuð 1994 til að halda utan um tollasamning milli aðildarríkjanna.

Ekki ana að samningi

Í bréfi Pesons segir m.a. að það kunnir að vera erfitt að standast



Bændur í Frakklandi og víðar um Evrópu óttast að tollasamningur ESB við Mercosur-ríkin geti eyðilagt evrópskan landbúnað.

freistingar um að flýta samningum og ljúka samningum sem leitt geta til ójafnvægis þvert á helstu hagsmuni landbúnaðarins. Væntanleg niðurstaða í viðræðum um slíkan samning muni hafa afgerandi áhrif á áframhaldandi sjálfbærni landbúnaðar í Evrópu.

Varað er við fljótræði í ákvarðanatöku sem grunduð væri á tvöfeldni í skilmálum af hálfu

Mercosur ríkjanna. Vísaði Peson m.a. í ummæli Junckers sjálfs um loftslagsbreytingar og hvað evrópskir bændur þyrftu að gera til að bregðast við þeim. Einnig vísaði Peson í notkun skordýraeiturs og annarra varnarefna sem heimilt væri að nota í Brasilíu til að auka framleiðni. Það skapaði ójafnvægi og gæti haft veruleg áhrif á viðskipti með nautakjöt, sykurl, etanol,

kjúklinga, hrisgrjón, appelsínur og drykkjarvörur. Í niðurlagi bréfsins segir:

Framtíð evrópskra lifnaðarháttanna í húfi

„Ákvarðanir sem teknar eru núna munu hafa áhrif á grunn evrópskra lifnaðarháttanna og komandi kynslóðir. Það er á sama tíma og evrópskur landbúnaður reynir að tryggja tilverurétt sinn og nýliðun í greininni. Við höfum ekki efni á einhverjum tvískinnungi í þessum efnum. Það sem hér er í húfi snýst ekki bara um efnahag, heldur þrjá megin þætti er varðar framtíðarsjálfbærni Evrópu; þjóðfélagið, efnahaginn og umhverfið. Það snýst líka um þína arfleifð sem forseta framkvæmdastjórnarinnar.“

Samsvarandi bréf voru send Jean-Claude Juncker af hálfu leiðtoga á Írlandi, Frakklandi, Póllandi og Belgíu sem lýsa áhyggjum yfir væntanlegum tollasamningi og þeim áhrifum sem hann geti haft á landbúnað í þeirra ríkjum. /HKr

94
%

Inniheldur 94% vatn

Kynörvandi Kuldaskræfa

Tómaturinn er sagður hafa kynörvandi áhrif – summs staðar kallaður „ástareplið“. Hann er viðkvæmur fyrir kulda, enda á hann ættir sínar að rekja til heitu landanna.

Geymsla við stofuhita er því æskileg.



islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAD
KEMUR



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öllum lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Stöndum með þjóðinni

Íslendingar eru á margan hátt ófundsverðir ef horft er til landsgæða þótt hér hafi menn lítt verið að grafa eftir málum, úrani, kolum eða olíu. Þess í stað eiga Íslendingar mun verðmætari náttúrugæði til lengri tíma, nefnilega gjöful fiskimið, gnægð af vatni og ómetanlega náttúrufegurð svo ekki sé minnst á mannaúð og landgæði til ræktunar.

Þó oft sé sagt með nokkurri kerskni að Ísland sé á mörkum hins byggilega heims, þá er víst að náttúruöflin hafa ekki alltaf verið okkur hliðholl. Þannig hefur hafið og óblítt veðurfar oft valdið miklu manntjóni. Eldgos hafa líka í gegnum aldirnar höggvið skörð í byggðir landsins og orsakað mannfelli, bæði með beinum hætti vegna öskufalls og hraunflæðis og einnig kostað uppskerubrest og dauða búfjár. Sagnir eru til um að við slíkar aðstæður hafi fiskgengd og fuglalíf við Breiðafjörð og á Vestfjörðum haldið lífi í þjóðinni oftar en einu sinni.

Þótt okkur þykir sögur um hörmungar vegna eldgosa fjarlægur og óraunverulegt sé að slíkt geti gerst á okkar dögum hjá hátæknivæddri þjóð, þá minnti Eyjafjallajökulsgosið okkur óneitanlega á mátt eldfjallanna.

Forfeður okkar í sínum fábreytta veruleika voru ekki háðir ýmsum þáttum sem nútímapjóðfélagið hefur vanið sig á. Þá var ekki búið að finna upp tæki eins og flugvélar. Eldgosið í Eyjafjallajökli, þó lítið væri á sögulegum mælikvarða, náði að stöðva för milljóna manna víða um lönd og loka fyrir nær allar flugsamgöngur í Evrópu svo vikum skipti.

Í dag er umtalsverður hluti af því grænmeti sem neytt er í landinu flutt inn með flugvéllum og skilur það um leið eftir sig stór kolefnisfótspor. Öflugt eldgos gæti hæglega lokað að mestu fyrir þessa aðflutningsleið. Ef aðflutningar truflast gæti fæðuöryggi þjóðarinnar líka verið ógnað.

Á sama tíma búum við við þann veruleika að hægt væri að framleiða hér á landi stærstan hlutann af því grænmeti sem nú er flutt inn. Við þurfum ekki að vera háð innflutningi á grænmeti. Það er því kaldhæðnislegt að það skuli vera komið í veg fyrir það með okkar eigin stjórnvaldsadgerðum að þjóðin geti verið sjálfri sér næg um framleiðslu á nær öllu grænmeti. Erlendar tilskipanir sem hér hafa verið innleiddar hafa gert það að verkum að orkuverð til garðyrkjubænda hefur margfaldast á skömmum tíma. Ástæðan er m.a. tilskipun um aðskilnað framleiðslu og flutnings á raforku.

Samkvæmt gögnum sem Bændablaðið hefur undir höndum eru dæmi um þreföldun á flutningskostnaði raforku til garðyrkjubænda á einu ári. Margar milljónir í aukinn kostnað hjá hverri garðyrkjustöð er stór bita að kyngja og gúrkan gæti orðið ansi dýr ef ekki verður lát á slíku. Ekki er skrítið að þeir bændur óttist frekari innleiðingar á erlendum reglugerðum sem hæglega gæti ríðið greininni að fullu.

Íslenskir bændur ásamt íslenskum sjómönnum hafa alla burði til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar ef samgöngur við útlönd bregðast. Þeir gera það þó ekki nema að hér á landi sé rekin meðvituð stefna um slíkt. Það er ekki nóg að flagga fæðuöryggissjónarmiðum í ræðum ef hugur fylgir ekki máli þegar til kastanna kemur. Ráðamenn mega ekki láta grípa sig í bólinu með allt niður um sig í þessum málum og ákveða adgerðir sem stefna grunnþörfum þjóðarinnar í voða.

Íslendingar eru sannarlega ófundsverðir af öllum þeim gæðum sem landið og miðin bjóða upp á. Vonandi berum við gæfu til að varðveita og nýta þessa perlu af skynsemi, þjóðinni til hagsbóta. Þannig að fólk sjái sér hag í því að búa í þessu landi. /HKr.

Sigurður Eyþórsson

framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands – sigey@bondi.is



Alþingi hefur samþykkt lög sem heimila innflutning á ófrosnu kjöti og ógerilsneyddum eggjum frá og með næstu áramótum. Deilur hafa staðið um þetta mál lengi, eða allt frá því að stjórnvöld sömdu um að innleiða matvælaöryggis ESB fyrir meira en áratug. Sú löggjöf var ekki hluti af EES-samningnum þegar hann var upphaflega gerður.

Rökin að baki innleiðingunni voru að tryggja útflutningshagsmunum íslensks sjávarútvegs inn á EES-svæðið, sem vissulega eru gríðarlegir. Það hefur jafnframt þýtt að hagsmunir landbúnaðar hafa þá verið settir til hliðar á móti, eins og ofangreind niðurstaða sýnir.


Bændur hafa lagst gegn þessum breytingum, eins og oft hefur komið fram hér, en lögðu jafnframt mikla vinnu í að leita lausna. Þess gætti ekki síst í þeim takmörkunum sem urðu hluti af löggjöfinni þegar hún var samþykkt mótakvæðalaust á Alþingi 2009. Við tóku þá deilur fyrir innlendum og erlendum dómstólum sem nú hafa verið leiddar til lykta með samþykkt ofangreindra breytinga.

Ákvæði um vernd búfjár- og lýðheilsu dæmd út af bordinu

Hér verður ekki deilt við dómarann en sárast við niðurstöðu þeirra er samt að ekkert hald væri í ákvæðum 13. greinar EES-samningsins sem heimila takmarkanir til að vernda búfjár- og lýðheilsu. Þau voru einfaldlega dæmd út af bordinu. Það er sérstakt að í ljósi þess þá hafa nú ESB-ríkin betri heimildir til að verja sína hagsmuni á þessu sviði heldur en EES-ríkin. Jafnræðið er ekki lengur fyrir hendi eins og fræðimenn hafa bent á.

Að þessu sögðu verður að halda til haga að samþykkt laganna fylgdi líka sérstök þingsályktun í 17 liðum. Með henni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að hrinda í

Næsta verkefni



framkvæmd adgerðaáætlun í því skyni að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Þar er að finna ýmsar þýðingarmiklar adgerðir sem verður að fylgja vel eftir en geta alveg falið í sér ýmis tækifæri til að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu.

Vöktun á sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum mikilvæg

Af einstökum adgerðum má sérstaklega nefna fyrirætlunir um að standa betur að vöktun á sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum og hamlu því að matvælum þar sem þær greinast sé dreift á neytendamarkaði. Þetta er afar mikilvægt og setur Ísland í fremstu röð í baráttu gegn sýklalyfjaónæmi sem kallað hefur verið eitt stærsta heilbrigðisvandamál 21. aldarinnar.

Þýðingarmikið er jafnframt að fá allar viðbótartryggingar sem hægt er vegna salmonellu og dreifing á alifuglakjöti þar sem greinst hefur kampýlóbakter verði áfram bönnuð eins og gildir um innlenda framleiðslu. Þetta er til að varðveita þá einstöku stöðu

sem okkur hefur tekist að ná í baráttu gegn þessum tveimur sjúkdómum. Það var gert með markvissum adgerðum sem unnar voru í samstarfi framleiðenda og stjórnvalda sem skiluðu árangri sem aðrar þjóðir ófunda okkur af.

Ráðherra á að skila skýrslu til Alþingis um framgang áætlunarinnar þann 1. nóvember næstkmandi. Þá er hægt að meta hvernig gengur, en auðvitað skiptir höfuðmáli að öllum adgerðum verði fylgt vel og markvisst eftir, ekki síst þar sem tíminn fram að áramótum verður ekki lengi að líða. Bændur lögðu til að aðlögunartíminn yrði lengri til að adgerðirnar væru lengra komnar þegar opnað yrði fyrir innflutninginn. Það gekk ekki eftir, þannig að nú er aðeins hálf töl stefnu. Það er skammur tími og því skiptir enn meira máli að allar adgerðir fari strax í gang.

Betri gögn

Hér í blaðinu og í síðasta blaði hefur verið fjallað um ný gögn varðandi losun kolefnis frá framræstu landi sem fram komu á ráðunautafundi Landbúnaðarháskólans og RML fyrir skömmu. Fagna ber að verið sé að vinna að því að bæta mat á þessari losun enda hefur margoft verið bent á að það sé ónákvæmt. Sú vinna þarf að halda áfram, en það má ekki gleyma því að loftslagsváin er ekki vandamál sem hægt er að kasta á milli eins og heitri kartöflu.

Við erum öll hluti af vandanum og við þurfum öll að verða hluti af lausninni ef ekki á illa að fara. Það eru engar einfaldar lausnir til eða auðveldar ákvarðanir. Endurheimt votlendis þarf að vera hluti af lausninni ef Ísland ætlar sér að ná kolefnishlutleysi árið 2040 eins og stjórnvöld stefna að. En hún er engin heildarlausn sem hægt er að einblína á. Með því þurfa að fylgja orkuskipti, minni matarsóun, ábyrgari neysla, landgræðsla, skógrækt og hvað annað sem að gagni getur komið. Á sama tíma þurfum við að halda áfram að rannsaka þessi mál og bæta gögnin að baki. Við munum rekast á fleiri skekkjur, en á sama tíma þarf adgerðir. Þær geta ekki beðið.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Hvannadalshnjúkur í Öræfajökli er hæsti tindur á barmi gríðarstórs eldgígs í jöklinum og jafnframt hæsti tindur Íslands, 2.109,6 metrar. Við hlið hans hægra megin á myndinni blasir Dyrhamar við. Hvannadalshnjúkur er staðsettur innan Vatnajökulsþjóðgarðs og er vinsæll hjá fjallgöngufólki, reyndu sem og óreyndu. Tindurinn er ekki flókinn uppgöngu og þarfnast ekki mikillar reynslu eða tækni í fjallgöngu. Gangan krefst þó mikils úthalds þar sem oftast er gengið á tindinn og niður aftur á sama deginum. Hækkunin er rúmlega 2.000 metrar, gangan tekur oftast 12–14 klst. í heild. Tvær uppgönguleiðir eru algengastar á hnjúkinn. Önnur þeirra er svokölluð Virkisjökulsleið, sem er fremur erfð og tæknileg. Er hún ekki talin æskileg nema fyrir reynda fjallagarpa. Hin leiðin sem flestir fara er farin upp frá Sandfelli og þykir öruggari og mun auðveldari. Mynd / HKr.



Upprunalegu peysurnar sem voru endurgerðar.

Myndir / Jóhannes Torfason

Sérsýning Heimilisiðnaðarsafnsins:

Íslenska lopapeysan, uppruni, saga og hönnun

Sérsýning Heimilisiðnaðarsafnsins nú í sumar nefnist Íslenska lopapeysan, uppruni, saga og hönnun og var hún opnuð á uppstigningardag. Um er að ræða farandsýningu sem má rekja til rannsóknarverkefnis Heimilisiðnaðarsafnsins, Hönnunarsafns Íslands og Gljúfrasteins – húss skáldsins.

Skýrsla um þessa rannsókn er birt á vefsíðum safnanna. Í framhaldi var ákveðið að hlutgera afraksturinn með farandsýningu sem var fyrst opnuð í Hönnunarsafninu í desember árið 2017. Auður Ösp Guðmundsdóttir sýningarhönnuður sá um að hanna sýninguna og koma henni upp. Um svipað leyti kom út bókin um íslensku lopapeysuna eftir Ásdísi Jóelsdóttur sem byggð er á rannsóknarskýrslunni sem hún vann á sínum tíma.

Fyrri hluta árs 2018 var sýningin sett upp á Nord Atlantes Brygge í Kaupmannahöfn og síðan fór sýningin til Odense. Auður Ösp setti svo sýninguna upp aftur í Heimilisiðnaðarsafninu.

Kom fyrst fram á fimmta áratug síðustu aldar

Safnasjóður styrkti bæði rannsóknarvinnuna og farandsýninguna og einnig fékkst styrkur frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra til sýningarinnar og má segja að sá styrkur hafi gert Heimilisiðnaðarsafninu kleift að taka þátt í verkefninu.

Íslenska lopapeysan kom ekki fram á sjónarsviðið fyrir en á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Einnig er ljóst að engin ein prjónakona hannaði lopapeysuna heldur hefur útlit og gerð hennar tengst mörgum áhrifaþáttum. Auður Laxness átti þó mikinn þátt í því að móta útlit peysunnar og kynna hana í gegnum tengslanet sitt.

Duggarapeysurnar til sýnis

Elín S. Sigurðardóttir safnstjóri fór nokkrum orðum um frumgerðir þriggja peysa sem allar eru varðveittar í safninu og voru í fyrstu uppsetningu sýningarinnar. Peysurnar voru síðan endurgerðar áður en sýningin var send til Danmerkur.

Sagði Elín að í heimildum um sjómanspeysuna, eða duggarapeysuna, úr safni Halldóru Bjarnadóttur komi fram að



Björg Baldursdóttir frá Kvæðamannafélaginu Gná kvað stemmur bæði í upphafi athafnar og í lokin og var gerður góður rómur af.



Björg Baldursdóttir og Elín S. Sigurðardóttir safnstjóri við opnunina.

peysan hafi verið prjónuð árið 1920. Halldóra segir einnig að á kreppuárunum hafi peysur af því tagi verið handprjónaðar þúsundum saman, aðallega norðanlands en einnig á Vestfjörðum og seldar veiðarfæraverslunum í Reykjavík og Akureyri. Haft er eftir Halldóru að það

hafi þótt góð atvinna og eftirsótt að prjóna peysur.

Gömlu peysurnar liggja frammi á meðan sýningin verður í Heimilisiðnaðarsafninu.

Elín kvað samstarfsverkefnið hafa verið mjög árangursríkt og gott dæmi um góðan ávöxt af samstarfi ólíkra safna.

Sautjándi sérsýningin

Í lokaorðum Elínar kom fram að þetta væri í sautjándi sinn sem sérsýning væri opnuð í safninu sem teljist merkilegt hjá ekki stærri stofnun.

Hún minnti einnig á þann heiður og ábyrgð sem byggðarlaginu hefði hlotnast að eiga slíkt safn sem Heimilisiðnaðarsafnið, sem nyti daglegar viðurkenningar gesta, fræða- og listafólks og augljósasta dæmi um þessa viðurkenningu væri stöðugur áhugi listafólks um að fá að halda sérsýningu í safninu.

Ágæt aðsókn var við opnunina og þáðu gestir kaffi og kleinur og áttu notalega samverustund í kaffirými safnsins. Safnið er opið í sumar, frá júní og til ágústloka, frá kl. 10 til 17.

/MPP

MÆLT AF
MUNNI FRAM

228

Í þessum vísnaþætti verður áfram valið efni úr „úrklippubók“ **Hermanns Jónssonar** frá Lambanesi í Fljótum. **Ingibjörg Gísladóttir** á Akranesi orti þessa lipru stöku þegar gengi hinnar eldri Viðreisnar tók að halla verulega:

*Viðreisnin er voða bág,
vekur það mörgum angur.
Henni sæmir hédan í frá
heitið niðurgangur.*

Eftir **Pormóð Pálsson** frá Njálssstöðum er þessi staka:

*Mörg er vist og víða gist,
varir þyrstar, dans og kæti.
Ein er kysst en óðar misst
önnur flyzt í hennar sæti.*

Vestur í Winnipeg orti **Einar Þorgrímsson**:

*Ég er blauður orðinn þræll
og mun traudur gleyma,
nú væri auður vinur sæll
að vera snauður heima.*

Eftir **Ólínu Jónsdóttur** er þessi lipra hringhenda:

*Steffagróður, stuðlaföll
styttu hljóða vöku.
Hlýnar blóð og hugsun öll
heyri ég góða stöku.*

Jónas bóndi Illugason frá Brattahlíð gaf atómskáldum svofellda einkunn:

*Atómskálda þynnkan þynnt
er þynnri en nokkur skíta.
Hvort hún verður þynnra þynnt
það má fjandinn vita.*

Þegar **Guðmundur Friðbjarnarson** frá Skál í Köldukinn las ljóðkorn eftir eitt af okkar yngri skáldum, orti hann þessa snjöllu vísu:

*Hann nær ekki landi, því bilið er breitt,
það er bölvæð að vera kjáni.
Þó hefur manngreyið þrjátíu og eitt
þingmannsvit, að láni.*

Þrátt fyrir napra samlíkingu er ofan greinir, þá fylgdist **Karl Sigtryggsson** á Húsavík nokkuð með úrslitum kosninga. Í þeim kosningum sem greinir, jók Framsókn heldur fylgi sitt. Karl orti þá þessar tvær vísur:

*Maddaman er meira en drjúg
í mála ragi.*

*Þó ei gali hátt á haugi,
hún er að verða efst á baugi.*

*Þó að standi á fínum fótum
fremri partur,
aftur hluti er eitil hertur,
einkum Löngumýrar stertur.*

Þá svaraði **Guðmundur Friðbjarnarson**:

*Engu þyrmir þjóðin mín
þegar fína gömlu sprekin.
Þegar breytt er vatni í vín
vítaspyrna er dæmd- og tekin.*

Sigurður Jónsson í Katadal leit í heit og ástleitni augu ungrar stúlku og kvað:

*Böl er sveinum bið og hik,
best í leynum gengur.
Þetta eina augnablik
ætti að treina stengur.*

Og **Hannes Hafstein** orti um svipað efni:

*Karlmansþrá er vitum vér,
vefja svanna fangi.
kvenmannsþráin einkum er
að hann til þess langi.*

Stephan G. Stephansson orti um trúarskoðun sína þessa vísu:

*Í æsku tók ég eins og barn
alheimsunnar trúna.
Með aldri varð ég efagjarn,
engu trúu ég núna.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Garðar og Aðalsteinn Hallgrímssynir, bændur í Garði í Eyjafjarðarsveit, með Benedikt Hjaltasyni, sem flytur inn og setur hollensku flatgryfjurnar upp.

Margvíslegur ávinningur af því að nota flatgryfjur: Stuttur byggingartími, minni plastnotkun og sparar tíma við heyskap

Á bænum Garði í Eyjafjarðarsveit var fyrri part þessarar viku tekin í notkun ný flatgryfja.

„Ávinningurinn er margvíslegur, en ekki hvað síst horfum við til umhverfissjónarmiða og drögum töluvert úr okkar plastnotkun með því að verka hey og geyma með þessum hætti,“ segja bræðurnir Aðalsteinn og Garðar Hallgrímssynir.

Stuttur byggingartími og sterk steypa

Flatgryfjan er frá hollenska fyrir-tækinu Boschbeton, en um er að ræða forsteyptar einingar sem hver um sig vegur tæp 4 tonn.

Stæð gryfjunnar við Garð er 60 sinnum 12 og vegghæðin er um 2 metrar. Benedikt Hjaltason, sem flytur flatgryfjurnar inn og sér um uppsetningu þeirra, segir að það sem einkenni þær sé óvenju sterk og endingargóð steypa, þannig að viðbúið sé að flatgryfjurnar standi um langa hríð án viðhalds. Benedikt hefur verið við uppsetningu á flatgryfjunni við Garð síðustu daga, en hann segir að einn af kostum gryfjanna sé stuttur vinnutími við uppsetningu.

„Byggingartíminn er afskaplega stuttur, frá því menn panta einingarnar í Hollandi og þar til gryfjan er tilbúin til notkunar líða um þrjár vikur,“ segir Benedikt.

Flatgryfjan við Garð er hin fyrsta þessarar tegundar sem sett er upp hér á landi, en Benedikt segir bændur forvitna um gryfjurnar og fjölmargar fyrirspurnir hafi borist. Gryfjan við Garð, þ.e. forsteyptu einingarnar og öll vinna við uppsetningu þeirra, kostar 6.250.000 þúsund krónur án virðisaukaskatts.

Draga úr plastnotkun

Aðalsteinn og Garðar eru hæstánægðir með nýju flatgryfjunna, en þeir segja að það magn sem komist fyrir í henni samsvari um það bil eitt þúsund rúllum. Sparnaður við kaup á plasti sé því þónokkur, líkast til um 400 þúsund krónur. Ekki síður megi horfa til umhverfissjónarmiða, bændur hafi verið hvattir til að stilla plastnotkun sinni í hóf sem kostur er. Með því að verka og geyma hey í flatgryfjum sé komið til móts við þau sjónarmið.

„Við teljum okkur vera að svara því kalli með því að koma þessari flatgryfju upp,“ segir Aðalsteinn.

Tímasparnaður við heyskap og gjöf

Hann segir að Garðsbændur hafi áður verkað hey í flatgryfjur, en þær hafi verið annars konar. Hlakkir menn til að sjá hver útkoman á nýju gryfjunni verður. Aðalsteinn segir að flatgryfjunni fylgi mikill tímasparnaður við heyskapinn þar sem ekki þurfi lengur að rúlla. Einnig verði töluverður tímasparnaður við hverja gjöf þegar kýr eru í fjósi, ekki þurfi þá lengur að taka til rúllur og rífa utan af þeim.

„Þetta verður mun minni vinna og auðveldari, gjöfin mun ganga fljótar fyrir sig en þegar notaðar eru rúllur,“ segir Aðalsteinn. Þá bætir hann því við að eflaust henti flatgryfjur stærri búum betur en þeim minni. Fjárfestingin sé lengur að borga sig upp á minni búunum. /MPB

Sóknarfæri í nautakjötsframleiðslu geta legið víða:

Nærtækir möguleikar með ung- og alikálfa

– og markvissri markaðssetningu

Á ráðunautafundi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri á dögnum fór Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, ráðunautur hjá RML, yfir stöðu og horfur í íslenskri nautakjötsframleiðslu og um möguleg sóknarfæri í greininni. Hún benti til dæmis á það hvort það mætti ekki huga meira að kálfakjötsmarkaði, með því að setja kálfana nýfædda í eldi fremur en í sláturhús.

„Já, þetta var eitt af því sem ég benti á,“ segir Jóna um þennan sóknarmöguleika. „Þegar maður skoðar hversu margir kálfar fara nýfæddir í sláturhús vakna spurningar hvort bændur ættu ekki að skoða meira þann möguleika að spila meira á kálfakjötsmarkaðinn. Það er auðvitað dýr framleiðsla en það fæst líka verðmætt gæðakjöt í staðinn.“

Sóknarfæri háð góðri markaðssetningu

Jóna beinir sjónum að tveimur kálfaflokkum; unglálfar, nýfæddir mjólkurkálfar (UK), og alikálfar (AK) sem er slátrað innan við ársögmlum. Á bilinu 1.200 og 1.500 unglálfum er slátrað nýfæddum árlega, sem gætu skilað 300–400 tonnum af skrokkum miðað við meðalfall ef þeir yrðu settir í eins til tveggja ára eldi. Sóknarfærin fyrir alikálfana eru að mati Jónu háð því að markaðssetning yrði mjög öflug, því slíkt eldi sé mjög dýrt. Hún áætla fallþunga skrokkanna um 80–100 kíló og gerðarflokkar frá O- til P-, sumsé mest í lægri flokkum. Um 160 alikálfum var slátrað á síðasta ári.

Nokkur heilræði fyrir betra nautkálfaeldi

Jóna leggur til nokkrar ábendingar til framfara við eldi íslenskra nautkálfa. Mikilvægt sé að huga að því að nægt pláss sé, því plássleysi sé almennt vandamál og geti dregið úr fódurnýtingu. Vanda skuli



Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, ráðunautur hjá RML.

Mynd / úr einkasafni

hönnun húsa og gott sé að láta gripi fylgjast að allan eldistímamann. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að kálfarnir drekki nægt vatn og setur spurningarmerki við það að fódrun hafi almennt batnað. Hún leggur til að eldi verði hraðað og slátrað sé 18–20 mánaða frekar en 24 mánaða, þó þannig að lágmarksfall verði alltaf 250 kíló. Vænlegra geti verið að hafa minni hópa, tíðari slátrun og meiri veltu gripa í gegnum húsið. Þannig geti verið mögulegt að ná 20–25 prósent fleiri gripum í sláturstærð og það geti minnkað þörf á viðahaldsfóðri.

Víða pottur brotinn í holdanautaeldi

Jóna telur að víða sé pottur brotinn í eldi holdagripanna, þar sem holdablendingarnir séu lítið þyngri en Íslendingarnir og ljóst að þar þurfi bændur að taka ýmis atriði til endurskoðunar.

Í lok erindis síns vék Jóna máli

sínu að möguleikum markaðssetningar, þar væru nokkur atriði sem væru þess virði að gefa gaum.

Hún nefndi möguleikana á heimtöku og eigin markaðssetningu, einnig fyrirbærinu REKO – þar sem bændur geti átt í milliliðalausum viðskiptum við neytendur í gegnum Facebook, mikilvægi markaðssetningar á staðbundnum matvællum sem innlegg í loftslagsumræðuna og að grasfóðrun hefði jákvæða ímynd fyrir gæði afurðanna og vegna dýravelferðar. Þá skipti framsetning kjötafurðanna máli og hlusta þyrfti eftir röddum neytenda og matreiðslumanna – en einnig eftir óskum þeirra sem væru óreyndir í eldhúsinu.

Að lokum nefndi hún möguleikann á markaðssetningu á kjöti af kvígum í meira mæli vegna mögulegs offramboðs kvígna til ásetningu. Kjöt af þeim væri meyrara en af nautum – svipað uxakjöti. /smh

Sauðfjárslátrun haustið 2019:

SS hækkar verð fyrir dilkakjöt um átta prósent frá því í fyrra

– Greiðir bændum álag fyrstu fjórar vikurnar og líka í lok sláturtíðar

Sláturfélag Suðurlands (SS) hefur gefið út verðskrá fyrir innlagt kindakjöt haustið 2019. Verð fyrir dilka hækkar um átta prósent milli ára og verð fyrir fullorðið hækkar um fjögur prósent.

Að sögn Steinþórs Skúlasonar, forstjóra SS, eru aðstæður á markaði að mörgu leyti góðar og því ekkert sem kemur í veg fyrir að gefa út verð núna. Stefna SS er að greiða samkeppnishæft afurðaverð og ef vel gengur að miðla hluta af rekstrarafgangi til bænda í formi viðbóta á afurðaverði.

Eins og áður verður innlegg staðgreitt föstudaginn eftir innleggsviku. Slátrun hefst miðvikudaginn 4. september og lýkur miðvikudaginn 6. nóvember, sem er lenging um einn dag frá því í fyrra.

Verðhlutföll hjálpa bændum að ákveða sláturtíma

Á vef SS kemur fram að verðhlutföll hjálpi bændum til að meta hvenær hagkvæmast er að slátra eftir aðstæðum hvers og eins.

Vikuna 4. til 6. september, eða 36 viku ársins, verður 20 prósent álag fyrir dilkakjöt og verður verðhlutfallið því 120 prósent af verðskrá, en fer síðan lækkandi.

Með þessu hyggst SS reyna að fá bændur til að koma fyrir með fé til slátrunar og jafna fjölda yfir tímabilið.

Reiknað er með að slátra um 2.000 fjár á dag fyrstu vikuna. Það fari síðan stigfjölgaði í 2.400, 2.500 og mest í 2.600 dilka á dag þegar mest lætur í vikum 40, 41, 42 og 43.

Heimtaka á kjöti

SS birtir einnig verðskrá fyrir heimtöku á kjöti. Ekki er hægt að taka heim skrokka eftir númerum. Ef bændur vilja taka valda gripi heim þarf að merkja þá á haus fyrir flutning í sláturhús.

Gjald í haust fyrir heimtöku og 7 parta sögun er tvískipt. Fyrir magn sem er minna en 15 stykki á innleggjanda er gjaldið 3.800 kr./stk., en á það magn sem er umfram 15 stk. er gjaldið 4.900 kr./stk.

Ef slög og hálsar eru lögð inn verður þetta gjald annars vegar 3.300 kr./stk. og hins vegar 4.400 kr./stk. á magn umfram 15 stk. Heimtaka á fullorðnu fé kostar 4.200 kr./stk. Fínsögun kostar aukalega 780 kr./stk. Félagið tekur ekki fullorðna hrúta til innlegs. /smh/HK:



Kínverjar æfir út í svissneskan banka:

Misskilið orðalag í tölvupóstum um svínapest í Kína hefur alvarleg áhrif á stöðu UBS-bankans í Sviss

Afríska svínapestin hefur höggvið gríðarlegt skarð í svínarækt í Kína. Hefur svínastofninn í landinu minnkað um rúmlega 20%, eða um 100 milljón dýr á einu ári, að því er fram kemur í Economist. Faraldurinn er líka farinn að hafa alvarleg áhrif á stöðu UBS-bankans í Sviss í samskiptum við Kínverja vegna mistúlkunar á orðalagi í tölvupóstum starfsmanns.

Vandræði þessi stafa af því að menn hafa haft áhyggjur af verðbólguáhrifum svínapestarinnar á heimsvísu, sem hefur ýtt undir hækun á neysluverðsverði. Því skiptir miklu máli hvernig menn koma þeim áhyggjum á framfæri í tölvupóstum, sér í lagi þegar rætt er um kínverska markaðinn eins og Paul Donovan, sem er aðalhaf fræðingur UBS-bankans í auðlindastjórnunarmálum, hefur fengið að finna fyrir.

Í tölvupóstum frá Donovan til fjárfesta talaði hann um kínversk svín (Chinese pig) í stað þess að segja svín í Kína. Þetta orðasamband þykir hins vegar afar móðgandi í Kína og hljómar jafnvel eins og örgustu kynþáttafordómar.

Fóru tölvupóstar Donovan á flug meðal fjárfesta og sérfræðinga og kölluðu fram mikla reiði. Þaðst Donovan skriflega afsökunar á að UBS hafi ekki eytt þeim tölvupóstum, en sú afsökunarbeiðni breytti litlu.

Kínverska verðbréfafyrirtækið í Hong Kong fór fram á að Donovan yrði rekinn. Verðbréfamiðlunin Haitong International Securities sagðist myndu slíta viðskiptum við UBS-bankann. Kínverska járnbrautafélagið China Railway Construction Corp ákvað síðan að afturkalla tilnefningu um að fyrirtækið starfaði sem samræmingaraðili fyrir skuldabréfaútgáfu UBS-bankann. Vegna vaxandi þrýstings ákvað stjórn USB-bankans að senda Donovan í leyfi.

Misskilningur, mistúlkun eða samsæri?

Sumir áheyrnarfulltrúar hafa greint þessi viðbrögð sem merki um vaxandi andúð í Kína gagnvart erlendum viðskiptum og að það geti aukið enn þann klofning sem verið hefur í viðskiptum Kína og Bandaríkjanna. Aðrir tala hreinlega um samsæri gegn USB-bankanum. Er bent á að UBS hefur verið eitt vinsælasta erlenda fjármálafyrirtækið í Kína og hafi verið ætlað að gegna stóru hlutverki eftir að hafa hlotið samþykki til að leiða fjármálaöryggisverkefni kínverskra stjórnvalda. Kínverskir keppinautar gætu því alveg sætt sig við að ná skerf að þeirri köku ef UBS verður fyrir áföllum.

Dýrkeypt tungumálakennsla

Reiðin í garð USB-bankans er allavega mikil. Það að kalla einhvern svín í Kína er mjög móðgandi. Í því samhengi er samt ljóst að Donovan meinti raunveruleg svín en ekki fólk í sínum tölvupóstum. Orðasambandið kínversk svín hafi hins vegar annan skilning meðal Kínverja auk þess sem ýtt hafi verið undir þetta á samfélagsmiðlum.



Hefði hann talað um „svín í Kína“ í stað „kínversk svín“ hefði þetta kannski sloppið. Eða eins og fréttastofa Bloomberg, orðaði það, þá var niðurstaðan „dýrkeypt tungumálakennsla“.

Þykir faglegur og ljúfur drengur

Fyrir þá sem þekka Mr Donovan, þykir óréttlætið vera augljóst.

Hann er sagður mjög faglegur í vinnubrögðum, vinsæll hjá samstarfsfólki og sérfræðingur í verðbólguáhrifum. Þá skrifaði hann m.a. bók um þau málefni árið 2015. Ef UBS ákveður að reka hann er talað um að bankinn geri úlfalda úr mýflugu, eða öllu heldur eins og breska máltækið segir: „it will have made a pig's ear of the whole thing.“ /HKr.



Næringarríkara hey í vetur með íblöndunarefni og rúlluplasti frá Líflandi

Advance Grass íblöndunarefni er blanda bakteríustofna og ensíma sem hefur jákvæð áhrif á gerjun, dregur úr hitamyndun, þurrrefnistapi og eykur meltanleika gróffóðurs. Gerðu gott fóður betra með Advance Grass!

Öll íblöndunarefni með 10% afslætti

TOPSIL íblöndunarefni hafa farið sigurför á dönskum markaði og gefið góða raun við að ná fram bættum verkunargæðum með minni tilkostnaði en áður.

TOPSIL max er íblöndunarefni í grasslæggju, smáratöðu og ertur til að draga úr verkunartapi. TOPSIL max lækkar sýrustig með skjóttum og áhrifaríkum hætti og stöðvar niðurbrot próteina og kolvetna.

TOPSIL stabil notist í kornheilsæði, repjuheilsæði, grasslæggju og smáratöðu. TOPSIL stabil dregur úr fjölda ger- og myglusveppa sem minnkar líkur á hitamyndun og myglu í stæðu- og rúlluverkuðu fóðri með háu þurrrefnishlutfalli.

Megastretch rúlluplastið hefur skapað sér góðan orðstyrk fyrir að vera gott í vinnslu, hafa góða límeiginleika og fyrir að tryggja góða varðveislu fóðurs við íslenskar aðstæður. Megastretch plastið er unnið úr DOWLEX PE plastfilmu sem er þekkt fyrir styrk, ógegnðræpni og þanþol. Megastretch plastið er ekki forstrekk.

*Tilboðsverð m.v. greiðslu fyrir 15. júlí.

Sé óskað eftir greiðslum í haust leggjast 150 kr við hverja rúllu af plasti. Tilboðið miðast við kaup á 10 plastrúllum eða fleiri. Flutningur innifalinn ef tekur eru 20 plastrúllur eða fleiri. Öll verð eru í krónum án vsk.

Megastretch 75 cm x 1500 m, 5 laga, 25 mikron

VHPLAST75GR GRÆNT Verð áður 10.150 - nú 9.850

VHPLAST75HV HVÍTT Verð áður 10.250 - nú 9.950

VHPLAST75SV SVART Verð áður 9.850 - nú 9.550

Megastretch Extreme 75 cm x 1800 m, 7 laga, 22 mikron

VH5AM75G22PE GRÆNT (20 stk) Verð áður 224.500 - nú 218.000

VH5AM75W22PE HVÍTT (20 stk) UPPSELT

VH5AM75Z22PE SVART (20 stk) Verð áður 220.000 - nú 214.000

Rúlluplast 50 cm x 1800 m

VHPLAST50GR Megastretch GRÆNT Verð áður 8.550 - nú 7.990

VHUNTERLAND50 Unterland X-Plus HVÍTT 7.450 - takmarkað magn, rýmingarsala

Rúllunet

VHTC130CMX3000M Total Cover 1.30m x 3000 m Verð áður 20.800 - nú 18.900

VHTOTALCOVER3600 Total Cover 1.23m x 3600 m Verð áður 23.700 - nú 21.600

Möttulfilma – plast í stað nets

VH5VM1282200 17 mikron 1.28 x 2200 m Verð áður 25.600 - nú 24.600

VH5VM1402000 17 mikron 1.4 x 2000 m Verð áður 26.300 - nú 25.300

Stæðuplast

10% afsláttur af öllu stæðuplasti og tengdum vörum. Verðdæmi:

Megacombi 2in1 stæðuplast 16 x 50 m Verð áður 64.500 - nú 58.050

TopSeal undirplast 16 x 50 m Verð áður 12.900 - nú 11.610

MegaplastPower yfirbreiðsluplast 14 x 50 m Verð áður 36.550 - nú 32.895

Meganyl varnarnet 12 x 15 m Verð áður 33.950 - nú 30.555

Sandpokar 20 x 120 cm Verð áður 165 - nú 149


LÍFLAND
Stofnað 1917

Bændablaðið
Kemur næst út
11. júlí

Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík | Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvolsvöllur
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lynghál | Óseyri | Borgarbraut | Efstubraut | Ormsvöllur

FRÉTTIR



Handverksdagur gamalla hefða 2019 í Þingborg

Víkingahópur Suðurlands, Gallery Flói og Ullarvinnslan bjóða fólki að koma í félagsheimilið Þingborg á Suðurlandi laugardaginn 29. júní og njóta gamalla hefða í handverki líkt og stunduð var á tímum víkinga.

Þarna mun víkingahópurinn sýna gestum og gangandi hvernig þau unnu að handverki sínu.

Meðal þess sem sýnt verður af handverki er glerperlugerð og jurtalitun ullar.

Á staðnum verða íslenskar landnámsþætur sem vert er að spjalla dálítið við um daginn og veðrið. Einnig verður á boðstólum súpa fyrir gesti og gangandi á meðan að endist.

Viðburðurinn hefst klukkan 12 og stendur til kl. 15.



María Kjartansdóttir, verkefnastjóri umhverfismála hjá Isavia, Hrönn Ingólfssdóttir, forstöðumaður verkefnastofu Isavia, og Valur Klemensson, deildarstjóri umhverfisdeildar á Keflavíkurflugvelli, eru hæstnánægð með nýja samninginn.

Mynd / Isavia

Eldneytisnotkun Isavia kolefnisjöfnuð

Sveinbjörn Indriðason, starfandi forstjóri Isavia, Reynir Kristinnson, stjórnarformaður kolefnisjósins Kolviðs og Eypör Eðvarðsson, stjórnarformaður Votlendissjóðs, undirrituðu nýlega samning um kolefnisjöfnun allrar eldsneytisnotkunar Isavia.

Eldsneytisnotkun vegur þyngst í kolefnisspori Isavia. Stærsta hluta þessarar notkunar má rekja til þjónustu og viðhalds á flugbrautum og athafnasvæðum flugvalla og er sú þjónusta að miklu leyti háð veðri. Á síðasta ári var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna eldsneytis í starfsemi Isavia 2.694 t CO₂e. Um er að ræða beina losun í starfsemi Isavia og er sá þáttur þar sem félagið hefur mest tækifæri til úrbóta.

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

„Isavia hefur á síðustu árum lagt áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi. Árið 2015 var sett markmið um að lækka losun gróðurhúsalofttegunda um 29% á hvern farþega fyrir árið 2030. Í dag hefur Isavia þegar minnkað losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri sínum um tæp 40 prósent á farþega. Markmiðið verður því endurskoðað.

„Isavia er meðvitáð um þá ábyrgð sem hvílir á fyrirtækinu varðandi loftslagsmál, við vinnum með virkum og skipulögðum hætti að aðgerðum til þess að minnka kolefnisspor félagsins,“ segir Sveinbjörn, starfandi forstjóri.

Hlaka til samstarfsins

„Við hjá Kolviði hlökkum mikið til samstarfsins við Isavia um kolefnisjöfnun á starfsemi þeirra,“ segir Reynir, stjórnarformaður Kolviðs. „Þetta sýnir einnig samfélagslega ábyrgð og gott framlag til að draga úr og kolefnisjafna losun sem tengist flugstarfsemi.“

Þakklát fyrir stuðninginn

„Isavia gengur fram fyrir skjöldu af fyrirtækjum í eigu ríkisins með þessum samningum,“ segir Eypör, stjórnarformaður Votlendissjóðs. „Við erum þakklát fyrir stuðninginn, sjóðurinn verður búinn að kolefnisjafna allt magnið sem keypt er strax á þessu ári, ávinningurinn er mikill. Til viðbótar við stöðvun á losun gróðurhúsalofttegunda, þá eru votlendisvistkerfin endurheimt og þannig stuðlað að líffræðilegum fjölbreytileika dýra, fiska og fugla í íslensku náttúru.“

/MHH



Hópar hafa mjög gaman af því að skoða hellana, hér eru samstarfsráðherrar Norðurlanda og þeirra embættismenn. Myndir / MHH

Hellarnir við Ægissíðu hjá Helli opnaðir ferðamönnum


Nú er lokið framkvæmdum við þrjú af tólf hellum í landi bæjarins Ægissíðu við Helli. Þar hefur áhersla hefur verið lögð á að vernda hellana gegn veðrun og öðrum skemmdum. Verkið hefur verið unnið í samvinnu við Minjavernd.

Ætlunin er að opna hellana fyrir ferðamenn og segja þeim sögu þeirra og leyfa þeim um leið að upplifa þessi merku mannvirki. Í túninu á Ægissíðu, sem er í í Rangárþingi ytra og rétt við vesturenda brúarinnar yfir Ytri-Rangá hjá Helli, eru 12 misstórir hellar gerðir af manna höndum. Hellarnir voru m.a. notaðir sem gripahús fyrir bændur, hlöður og grænmetisgeymslur.

„Þórhallur Ægir Þorgilsson, pabbi minn og bóndi, er með þrjú



Ólöf Þórhallsdóttir og Árni Freyr Magnússon, sem eru meðal þeirra sem hafa yfirumsjón með hellunum og hafa unnið að endurgerð þeirra síðustu ár með sínu fólki. Verkefnið er með Facebook-síðu sem heitir „Hellarnir við Ægissíðu“.



Hellarnir eru skammt frá miðbænum á Helli.

hella í sínu landi og svo erum við í samstarfi við frænda okkar sem er með nokkra á sinni spildu. Undanfarnin þrjú ár erum við búin að vera að vinna að endurgerð hellanna, lagfæra og tryggja varðveislu þeirra,“ segir Ólöf Þórhallsdóttir á Ægissíðu og einn umsjónarmanna verkefnisins. Rístur í veggjum og loftum sumra hellanna gefa vísbendingar um að papar hafi búið í hellunum. Mikil vinna hefur verið að koma hellunum þremur í gott stand þannig að þar sé hægt að fara með hópa inn í þá. Þá er búið að koma upp sjö skiltum á íslensku um sögu hellanna á Ægissíðu í Hlöðuhelli og sams konar skilti verða sett upp á fleiri tungumálum.

/MHH

Landssamband smábátæigenda:

Vilja að þorskveiðikvótinn verði aukinn í 289.000 tonn

Landssamband smábátæigenda hefur sent Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tillögu um leyfilegan heildarafla í þorski.

Ráðherra er þar hvattur til að heimila 289 þúsund tonna afla á næsta fiskveiðiári sem 6% meira en Hafrannsóknastofnun ráðleggur.

Landssambandið byggir tillögu sína á að veiðistofn á árinu 2018 hafi mælst hærra en spáð var á síðasta ári. Ráðlagður heildarafla á árinu hefði því verið lægri en



Smábátar í höfn á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Landssamband smábátæigenda hvetur sjávarútvegsráðherra til að heimila 289 þúsund tonna þorskafli á næsta fiskveiðiári, sem er 6% meira en Hafrannsóknastofnun leggur til.

Mynd / HKr.

20% aflaregla reiknaði. Hér væri því um leiðréttingu að ræða sem ráðherra bæri að taka tillit til þegar


í aflaverðmætum, 49% á síðasta ári, og er undirstaða sjávarútvegs á Íslandi.“

/VH

Flott hliðgrind á lóðina þína!

Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

Númer	Lýsing	Verð án vsk.	Verð m/vsk.
F000 2140 03	Hlið 0,92 m, 7 sláa	kr. 12.695	kr. 15.742
F000 2140 04	Hlið 1,22 m, 7 sláa	kr. 15.878	kr. 19.698
F000 2140 05	Hlið 1,52 m, 7 sláa	kr. 17.536	kr. 21.745
F000 2140 06	Hlið 1.83 m, 7 sláa	kr. 19.171	kr. 23.776
F000 2140 07	Hlið 2,13 m, 7 sláa	kr. 20.823	kr. 25.821
F000 2140 09	Hlið 2.75 m, 7 sláa	kr. 22.982	kr. 28.489
F000 2140 10	Hlið 3,05 m, 7 sláa	kr. 29.456	kr. 36.525
F000 2140 11	Hlið 3,35 m, 7 sláa	kr. 31.115	kr. 39.451
F000 2140 12	Hlið 3,66 m, 7 sláa	kr. 33.112	kr. 41.059
F000 2140 13	Hlið 3,95 m, 7 sláa	kr. 34.877	kr. 43.247
F000 2140 14	Hlið 4,27 m, 7 sláa	kr. 37.852	kr. 46.936
F000 2140 15	Hlið 4,57 m, 7 sláa	kr. 39.885	kr. 49.457
F000 2140 16	Hlið 4.88 m, 7 sláa	kr. 44.606	kr. 55.311
F017 2002 46	Staur 2,4m m/ læsigati, 2 eyru	kr. 17.342	kr. 21.504
F017 2002 47	Staur 2,4m 89 mm, 4 eyru	kr. 17.986	kr. 22.303



Gerðisgrindur

Gerum tilboð í magn eftir teikningum



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ER KOMINN TÍMI
Á NÝTT GLER ?

VIÐ SÉRSMÍÐUM GLER
EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM



- EINANGRUNARGLER
- SÓLVARNARGLER
- HLJÓÐVARNARGLER
- ÖRYGGISGLER
- HAMRAÐ GLER
- HERT GLER
- LAKKAÐ GLER
- SPEGLAR

FRÉTTIR



Anna Jónsdóttir ásamt hörpuleikara við Tjarnargíg í Lakagígum.

Sópransöngkonan Anna Jónsdóttir: Lætur kvikmynda tónleikaferð á sex magnaða staði á landinu

Anna Jónsdóttir sópransöngkona verður á faraldsfæti í júlí og mun halda þjóðlagatónleika á 6 mögnum stöðum víða um land, í Tjarnargíg í Lakagígum, Akranesvíta, Lýsistanki í Djúpavík, Stefánshelli í Hallmundarhrauni, Botnstjörn í Ásbyrgi og á Emelíuklökkum í Grímsey.

Hluti af verkefninu er að kvikmynda þessa tónleikaferð og til að fjármagna það hefur verið hafin söfnun á Karolina fund á slóðinni <https://www.karolinafund.com/project/view/2502>.



Anna syngur í gömlum lýsistanki í Djúpavík.

Djúpavík var þúfan sem velti hlassinu

Anna sagði í samtali við Bændablaðið að hugmyndin að þessu hafi þróast út frá kynningu sem hún hélt í Bandaríkjunum þar sem hún var gistinguamaður. Í framhaldinu var hún beðin um að halda tónleika í Lýsistanki í gömlu síldarverksmiðjunni í Djúpavík á Ströndum.

„Eftir þessa tónleika fór ég eina hvítasunnuhelgi með upptökumann og græjur og tók upp efni á hljómdisk í þessum tanki. Má því segja að þetta ævintýri hafi byrjað þar og það hafi verið þúfan sem velti hlassinu fyrir alvöru. Ég náði reyndar ekki öllu í Djúpavík sem ég ætlaði að gera svo ég kláraði það í Akranesvíta.

Síðan hefur þetta smám saman verið að hlaða utan á sig. Ég fór svo í aðra ferð 2015 þar sem það kviknaði löngun til að kvikmynda tónleikana, þar sem mér fannst það svo mikil upplifun að syngja á þessum fallegu stöðum. Ég hef verið að leita að umhverfi sem fangar það sem ég er að gera og röddin hverfur ekki út í tómið,“ segir Anna.

„Þegar maður hugsar út í það, þá er svo eðlilegt að syngja á svona stöðum að maður furðar sig á að hafa ekki dottið þetta í hug fyrir. Það er magnað að syngja úti og í umhverfi sem er ekki bara hlý og fín hús. Maður er bara hluti af náttúrunni líkt og í móðurkviði og þetta kveikir á svo ótrúlega mörgum nemum.“

Hún segir að það hafi tekið svolítinn tíma að finna rétta fólk til að fara með sér í þetta ferðalag og finna rétta tímasetninguna.



Djúpavík á Ströndum var þúfan sem velti hlassinu og ytti undir tónleikaferð Önnu Jónsdóttur á sex áhugaverða staði á landinu.

„Nú er ákveðið að farin verður tveggja vikna ferð í júlí og verða tónleikarnir teknir upp.“

Með mögnuðu föruneyti

Með Önnu í för verða Dragos Alexandrescu, kvikmyndatökumaður og myndlistarmaður, og Árni Gylfason, hljóðmaður og kvikmyndatökumaður. Afurðirnar verða svo tónleikamynd ætluð fyrir sjónvarp, innsetningar sem verða notaðar á tónleikum erlendis og jafnvel hérlendis, sjálfstæð listaverk og tónlistarmyndbönd.

Tónleikarnir verða á eftirtöldum stöðum:

Tjarnargígur í Lakagígum

– 11. júlí klukkan 16.00

Akranesvíti

– 12. júlí klukkan 20.30

Stefánshelli í Hallmundarhrauni

– 14. júlí klukkan 16.00

Lýsistankur í Djúpavík

– 16. júlí klukkan 20.30

Botnstjörn í Ásbyrgi

– 18. júlí klukkan 16.00

Emelíuklökkur í Grímsey

– 20. júlí klukkan 15.00

Með sterka landsbyggðartengingu

Önnu þykir greinilega vænt um landsbyggðina, enda sjálf ættuð úr Öfundarfirði, Skagafirði og af Reykjanesi.

„Ég er því í aðra röndina sveitastelpa þó ég hafi eiginlega alltaf búið í borg. Ég tengi þó mest við Fljótin og Siglufjörð en taugin er líka römm við Öfundarfjörðinn,“ segir Anna Jónsdóttir. /HKr.



Kerfillinn yfirtekur land þar sem lúpinan hefur myndað næringarríkan jarðveg. Fátt virðist geta yfirunnið kerfillinn nema hávaxnari plöntur eins og tré.

Salt gott til að eyða kerfli

Kerfill er gróskumikil og dugleg planta sem vex víða við þjóðveginn. Þar sem mest er af kerfli getur hann orðið til vandræða. Tíu ára barátta bar fyrst árangur þegar stráð var salti á plönturnar snemma að vori.

Sigurbjörn Hjaltason að Kiðafelli í Mosfellsbæ segir að líkt og margir aðrir hafi hann verið að glíma við ágang kerfils í tíu ár. „Kerfillinn var orðinn talsvert dreifður hér meðfram vegum þegar ákveðið var að fara að vinna á honum fyrir um tíu árum. Það er mikill kerfill á Kjalarnesi og þar er hann búinn að eyðileggja mikið land og svo er greinilegt að plantan dreifist með vegum og það voru líka komnir öflugir brúskar inn með Hvalfirði.“

Fimmtán kílómetra hreinn kaflur

„Í fyrstu stóð hreppurinn fyrir átaki til að eyða kerflinum en það gekk fremur illa að ráða niðurlögum hans. Ég tók við verkefninu eftir að ég hætti í sveitarstjórn og hef unnið að því síðan og mér hefur tekist að halda kaflanum frá munn Hvalfjarðarganganna og inn að Laxá í Kjós hreinum, eða um 15 kílómetra vegkafla.“

Sigurbjörn segir baráttuna við kerfillinn búna að vera mikið streð síðastliðin tíu ár og að hann hafi nánast reynt hvað sem er til að



Best er að henda saltinu yfir plönturnar snemma á vorin á meðan þær eru litlar og setja um hnefayfylli af salti, eða um 250 grömm, á hvern brúsk sem síðan seytila niður að rótinni og steindrepur hana.

halda honum niðri. „Ég hef skorið af henni fræin áður en þau hafa þroskast í mörg ár og eittrað með Round up en hætti því fljótlega vegna þess að eitrið réði hreinlega ekki við kerfillinn.“

Saltið gagnar best

„Það var ekki fyrr en ég fékk salt hjá Tryggva Magnússyni í Kötlum á síðasta ári sem eitthvað fór að ganga. Saltið virkar mjög vel og ég er loksins farinn að ná tökum á kerflinum og hér sést hann varla á stórum kafla.“

/NH

Jurtir og skynjun á Skyggissteini

Á Skyggissteini nyrst í Tungunum sýsla Dagný Guðmundsdóttir og maður hennar, Sigurður Jónsson, með gróður jarðar í anda lífrænnar ræktunar og vistræktar (permakúltúr) og gera tilraunir til að bæta sig.

Í sumar halda þau nokkur námskeið um þessi hugðarefni sín og er það fyrsta laugardaginn 29. júní og fjallar um jurtir og skynjun. Þann 20. júlí verður námskeið um jurtir og skógarnyttjar og 27. júlí verður fjallað um jurtir og jóga. Síðasta námskeiðið verður svo haldið 24. ágúst og fjallar um jurtir og vinnslu.

Laugardaginn 29. júní er fólki boðið að fræðast, njóta náttúrunnar og tengja hana við myndlistina. Með þeim Dagnýju og Sigurði á laugardaginn verður Hildur Bjarnadóttir myndlistarmaður sem í verkum sínum hefur verið að skoða plöntur og tengsl þeirra við þann stað sem þær vaxa á. Hún mun ræða um eiginleika plantna til að tjá sig, tala saman, færa sig úr stað, verja



Dagný Guðmundsdóttir og Sigurður Jónsson á Skyggissteini í Tungunum.

sig og gera ýmislegt sem vanalega er talið til mannlegra eiginleika. Hún mun einnig sýna verk nokkurra myndlistarmanna í tengslum við viðfangsefnið.

Dagný sýnir þar ræktunina, segir frá hvernig hún nýtir villtar jurtir og ræktaðar. Gestir fá síðan góða máltíð beint úr garðinum og

smakka það sem verið er að gera á staðnum.


Dagskráin byrjar kl. 10 að morgni á Skyggissteini sem er í um 3 km fjarlægð frá Geysi. Gera ábúundur ráð fyrir að vera búin kl. 16.

Verðið er 15.000 krónur og skráning fer fram í síma 847 0946 eða í dagny@dagny.is.


#HVANNEYRARHATID / NÁNARI DAGSKRÁ OG UPPLÝSINGAR Á F FACEBOOK

HVANNEYRARHÁTÍÐ

6. júlí KL. 13 - 17



- 1 13:30 SETNING / Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor LbhÍ / 130 ára afmæli búnaðarfræðslu á Hvanneyri / Ferguson í 70 ár - Hugleiðingar Bjarna Guðmundssonar
- 2 14 Traktorafimi / 13-16 Ferguson á Íslandi í 70 ár - Sýning á vegum Fergusonfélagsins / 3 14 - 15:30 Kerruakstur með stoppi í fjósi / 4 14:30-15:30 Gróðursetning í gróðurhúsinu
- 5 14:30 Leiðsögn um Yndisgróður / Fræðsla um býflugnarækt / 6 14:30-16 Ásgarður opinn gestum og gangandi í tilefni 130 ára búnaðarfræðslu á Hvanneyri
- 7 Kvenfélagið 19. júní verður með kaffisölu í Gamla-Bút / 8 Skemman Kaffihús verður opið / 9 Sölubásar í Íþróttahöllinni / 10 Ljósmyndasýning barna í Skólastjóraíbúðinni
- 11 Lopapeysusýning á vegum Kvenfélagsins 19. júní / 12 Ullarselið - Landbúnaðarsafn Íslands - Gestastofa fyrir friðland fugla - Sýningin „Konur í landbúnaði í 100 ár“ opin / Jötunn vélar ehf sýna
- 13 Sýning á tækjum frá Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands / TÓNLEIKAR MEÐ KK á Hvanneyri Pub um kvöldið 14



Landbúnaðarháskóli Íslands

BORGARVERK

JÖTUNN
VÉLAR - VÆSLUN - VÁRANLITUR

STEYPUSTÖÐIN | LOFTORKA

MB
KALPPELAG BORGFRIDVIGA

LímfréVirnet



KUBOTA HEYVINNUVÉLAR BEINT Í HEYSKAPINN

Miðjuhengdar diskasláttuvélar	Heyþylur
DM3028 Diskasláttuvél - vbr. 2,80 m - 8 diskar	TE4555 vbr. 5,5 m; 4 stjórnur 7 armar, lyftutengd
DM3036 Diskasláttuvél - vbr. 3,60 m - 10 diskar	TE6576 vbr. 7,6 m; 6 stjórnur 7 armar, lyftutengd
DM3040 Diskasláttuvél - vbr. 4,00 m - 10 diskar	TE8590C vbr. 9,0 m; 8 stjórnur 6 armar, dragtengd með vagni.

Framsláttuvélar	Rakstrarvélar
DM4032 Framsláttuvél - vbr. 3,20 m - 8 diskar.	RA1039 vbr. 3,90 m; 1 stjarna, 11 armar
Rúllubindivélar	RA2072 vbr. 6,20 - 7,20 m, 2 stjórnur, 11 armar, miðjurakstur
BF3255 17 valsa rúlluvél, 14 hnifa söxun, netbinding og stifflusun.	RA2580 vbr. 7,00 - 8,00 m, 2 stjórnur, 12 armar, miðjurakstur
	RA2071 vbr. 7,1 m, 2 stjórnur, halarófa.

Gæða vélar á hagstæðu verði. Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar í sínum 568-1513 (Rvk.) og 568-1556 (Ak.) eða í tölvupósti, veladeild@thor.is

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

TIL AFGREIÐSLU STRAX

HLUNNINDI & VEIÐI



Karl Óskarsson með 78 sentímetra lax úr Urriðafossi í Þjórsá. Mynd / Kristinn

Gengið vel í Þjórsánni

Já, veiðin gekk vel hjá okkur en við fengum 10 laxa á einum degi, flotta fiska," sagði Karl Óskarsson, sem var í Þjórsá fyrir skömmu. Veiðin þar hefur gengið vel og margir fengið vel í soðið.

„Þetta var flott veiði og laxinn var vænn og vel haldinn," sagði Karl enn fremur.

„Veiðin hefur gengið vel hjá okkur og veiðst vel," sagði Harpa Hlín Þórðardóttir um veiðina á svæðinu.

Margir veiðimenn hafa náð kvótanum á svæðinu enda nóg vatn og fiskur að ganga á hverju flóði. Þetta er einmitt það sem veiðimenn vilja.

Kalt en fiskar á land

„Við skruppum í Ölvesvatn á Skagaheiði í landi Hvalness fyrir skömmu," sagði Pétur Pétursson í samtali við Bændablaðið.

„Þar voru dregnir 5 urriðar á land á ca 3 tímum. Það var ansi kalt og vindur hjá okkur við vatnið. Rennði einnig upp að Selvatni og við urðum ekki vör þar.

Þó er það ekki alveg marktækt, þar sem var þó nokkuð hvasst og skítkalt.

Það er frekar leiðinlegur slóði upp að Selvatni, eins og margir slóðar á Skagaheiði eru, en finnsti vegur upp að Ölvesvatni.

Þar er flott fjölskyldusvæði til að veiða og gott aðgengi," sagði Pétur



Flottur urriði kominn á land í Ölvesvatni. Mynd / Pétur

sem á örugglega eftir að fara á þessar slóðir seinna í sumar.

ALHLIÐA
VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönnum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Bræðurnir Davíð Már, Helgi Þór og Einar Geir við Pollinn á Akureyri.

Mynd / María Gunnarsdóttir

Bryggjuveiði færirst í aukana

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

Veiðin á bryggjum og við strendur landsins hefur færst verulega í aukana hin seinni árin. Strandveiði hefur aukist og veiðimenn á öllum aldri renna fyrir fiska.

Við vorum við Pollinn á Akureyri fyrir skömmu og þar var líf og fjör, veiðimenn að fá flotta fiska, mest ufsa, sæmilega stóran og eina og eina bleikju.

„Makrillinn er ekki mættur ennþá en hann kemur," sagði veiðimaður sem hafði veitt einn flottan ufsa og bætti við öðrum skömmu seinna. Já, það var fjör við Pollinn á Akureyri.

„Ég hef ekkert orðið var ennþá

en ætla að reyna betur," sagði Davíð Már Andrésson, sem var við veiðar á bryggjunni með bræðrum sínum, Helga og Einari Geir.

„Það er gaman að veiða," sagði Davíð sem ekki hafði áður veitt fisk enda ekki reynt áður. „Ég ætla að reyna áfram," sagði Davíð og kastaði aftur en fiskurinn var ekki í tókustuði. Það kemur fyrir hjá bestu veiðimönnum landsins. En hann bitur á að lokum.

Auðvitað vantar miklar rigningar

Staðan er alls ekki góð þessa dagana við veiðiárin. Það þarf miklar rigningar og það strax. Vatnið er orðið lítið í Norðurá, Þverá, Laxá í Leirársveit og Laxá í Kjós svo veiðimenn verða að fara varlega við veiðina.

Þeir nota litlar flugur og skriða með árbökkunum þessa dagana. Það er það eina sem menn telja að dugi. Það dugir þó alls ekki alltaf. Veiðin hefur gengið ágætlega



Vatnsmagnið fer minnkandi í veiðianum þessa dagana.

Mynd / María Gunnarsdóttir


á Seleyri við Borgarnes og veiðimenn hafa verið að fá vel í soðið. Mest er þetta flottur silungur sem veiðimenn hafa verið að fá þar.

Frábær silungsveiði hefur verið í Fögruhlíðarósi fyrir austan og veiðimaðurinn Súddi leiðsögumaður fékk við annan mann 60 flottar bleikjur. Veiðimenn fóru á eftir og fengu líka góða veiði. Mjög fallegt er við við ósinn.

Fjör á bleikju-slóðum á Þingvöllum

Veiðin á Þingvöllum hefur verið góð, fyrst urriðinn til að byrja með og svo bleikjan, en fátt er skemmtilegra en að veiða á Þingvöllum í frábæru veðri og fá vænar bleikjur til að taka fluguna. Já, það er ævintýri.

„Já, þetta var góður morgunn í Skeiðavíkinni á Þingvöllum. Arnarfell blasir við til vinstri í bakgrunni, þá Skjaldbreið í



Óttar Felix Hauksson með flotta bleikjuveiði á Þingvöllum.

fjarska," sagði Valsarinn Óttar Felix Hauksson í samtali og hélt áfram. Svo koma Hrafnabjörg og Kálfatindar og loks Miðfellið fremst til hægri.

Það verður nóg að gera í silungabolluframleiðslu eftir þessa flottu veiði. Ég steiki þær og frysti síðan í skömmtum, 6–8 bollur saman," sagði Óttar enn fremur, hress með veiðina á Þingvöllum.

Árlegur veiðitúr


Silungsveiðin hefur gengið frábærlega víða um land og veiðimenn verið að fá flotta fiska. Silungurinn kemur greinilega vel undan vetri þetta árið. Þetta á við veiðivötn og ár víða um landið.

Fjola Dís Færseth Guðjónsdóttir var í sínum fyrsta veiðitúr með afa og ömmu í Mývatnssveitinni í landi Haganess og fékk maríufiskinn, 2 punda í Urðarfossi í sól og blíðu. Ekki slæmt að byrja veiðiferilinn svona, svo vildi hún sleppa sínum

fyrsta fiski, en afi hennar og amma, Óskar Færseth og amman Ásdís Guðbrandsdóttir, ekki.

„Þetta er árlegur veiðitúr hjá okkur og gaman að fá barnabörnin með að veiða," sagði veiðimaðurinn snjalli, Óskar Færseth úr Keflavík.

Já, silungsveiðin hefur víða verið góð, Elliðavatn, Þingvallavatn, Meðalfellsvatn, Hlíðarvatn, Hreðavatn, Laxárvatn og Ölvesvatn, svo fáein séu tínd til. Þetta er greinilega silungssumarið.



Fjola Dís með maríufiskinn og hún bætti við fleirum. Mynd / Óskar

can-am



**TÆKI SEM ÞÚ
GETUR TREYST Á**



**TRAXTER
HD5 4X4**

VERÐ ÁN VSK
1.930.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
2.390.000.KR



OUTLANDER

650 FB 6X6

VERÐ ÁN VSK
2.250.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
2.790.000.KR

ELLINGSEN

FISKIÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / Síðan 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

**STEINSMÍÐJA
AKUREYRAR**

Júnítilboð

minnismerki.is
sala@minnismerki.is
s: 466 2800 / 899 9370



**Steinn 110 eða 101
svart granít - það sterkasta
blómarammi, hvít mól
2 fuglar
blómavasi
lugt með ledljósi
Uppsetning á N-landi
og höfðuðborgarsvæði
eða frí sending
559.000**



Steinn 101 - 100x57 frá sökkli - sökkull 150x30



**Svartur demantur
40x40 cm frá sökkli**

**Magnús Páll
Magnússon**

f. 26.06.1935
d. 26.06.2015

Ljóf er þín minning

sökkull 50x30



**Blár demantur
40x40 cm frá sökkli**

**Magnús Páll
Magnússon**

f. 26.06.1935
d. 26.06.2015

Ljóf er þín minning

sökkull 50x30



**Paradiso demantur
40x40 cm frá sökkli**

**Magnús Páll
Magnússon**

f. 26.06.1935
d. 26.06.2015

Ljóf er þín minning

sökkull 50x30



**Grár demantur
40x40 cm frá sökkli**

**Magnús Páll
Magnússon**

f. 26.06.1925
d. 26.06.2015

Ljóf er þín minning

sökkull 50x30

Demantur - lugt með ledljósi- frí sending 159.000

STEEKUR Kjörsýrustig trjáplantna

Við gróðursetningu trjáplantna skiptir mestu að rétt sé staðið að verki, að vinnubrögð séu vönduð og að eingöngu sé plantað út góðum og hraustum plöntum. Sýrustig jarðvegs getur einnig skipt máli þegar valdar eru saman tegundir.

Meðan á gróðursetningu stendur skal gæta þess að plönturnar verði fyrir sem minnstu hnaski og að moldin haldist sem mest á rótunum. Rætur plantna þola illa sólarljós og útfjólubláir geislar sólarinnar fara illa með þær. Því má ekki líða langur tími frá því að berrótarplöntur eru teknar upp eða plöntur teknar úr potti þar til þær eru settar niður aftur.

Sé nauðsynlegt að geyma plönturnar áður en þær eru gróðursettar skal koma þeim fyrir á skuggsælum stað og vökva vel. Best er að gróðursetja tré og runna áður en vöxtur hefst á vorin og strax eftir að frost fer úr jörðu, eða á haustin eftir að hæðarvexti plantanna lýkur. Eftir að hæðar- og laufvexti lýkur á sumrin og brum hafa náð að þroskast setja plöntur nokkurn kraft í röturvöxtinn. Það er tilvalið að nota haustið til að gróðursetja eða flytja tré. Eftir gróðursetningu að hausti er gott að setja þokkalegan stein við hliðina á litlum trjám. Hann kemur í veg fyrir frostlyftingu og veitir trénu skjól og yl. Stærri tré verður að festa niður með staur til að koma í veg fyrir að þau fjúki um koll. Gróðursetja má jafnt að vori sem hausti en hefð er fyrir því að gróðursetja að vori, og þá eins snemma og kostur er.

Fyrir gróðursetningu skal stinga upp beð eða holu í hæfilegri dýpt fyrir tréð eða runnann og gott er að bæta lífrænum áburði í jarðveginn til að gera hann safaríkari fyrir plöntuna. Æskileg dýpt beða fyrir tré og runna er 60 til 80 sentimetrar eða 3 til 4 skóflustungur.

Varast skal að gróðursetja plöntur í dældir á flatlendi þar sem vatn gæti safnast fyrir. Aldrei má gróðursetja tré dýpra en þau stóðu áður og gott er að lyfta jarðvegnum upp í svolitinn kúf og gróðursetja í hann þannig að rötarráls plöntunnar nemi við hæstu holubrun. Greiða skal ræturnar út í holuna eins og hægt er og gæta þess að plönturnar standi lóðréttar í holunni. Síðan er moldinni mokað að og þjappað varlega að rótunum þannig að plönturnar standi vel og séu ekki lausar í jarðvegnum. Séu tré orðin meira en einn og hálfur metri á hæð er nauðsynlegt að setja staur niður með þeim sem stuðning fyrstu árin á meðan þau eru að ræta sig og koma sér fyrir. Eftir að plöntunni hefur verið komið fyrir á sinn stað þarf að vökva vel og gæta þess næstu daga að ræturnar þorni ekki.

Kjörsýrustig nokkurra trjá- og runnategunda

Birki	5,0-6,5 pH
Greni	4,5-6,0 pH
Fura	5,0-6,0 pH
Ösp	4,0-5,5 pH
Hlynur	6,0-7,5 pH
Gullregn	6,5-8,5 pH
Lyngrósir	4,4-5,5 pH
Kvistir	6,0-7,0 pH
Toppur	6,5-7,5 pH
Víðir	5,0-6,5 pH
Töfratré	6,5-7,5 pH
Rósir	5,5-7,0 pH
Einir	5,0-6,0 pH

pH undir 5 er súr jarðvegur – pH 5,5 til 6,5 er hlutlaus jarðvegur. – pH yfir 6,5 basískur jarðvegur. /VH

LÍF & STARF

Sprotafyrirtækið Atmonia með nýstárlegar hugmyndir fyrir landbúnaðinn:

Ný íslensk uppfinning við framleiðslu á ammoníaki vekur athygli úti í heimi

– Getur leitt til aukinnar sjálfbærni í landbúnaði og dregið verulega úr koltvísýringslosun

Íslenska sprotafyrirtækið Atmonia hlaut í maí síðastliðnum alþjóðleg verðlaun frá Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna [United Nations Industrial Development Organization – UNIDO] í flokki fyrirtækja með konur í fararbroddi. Voru 440 verkefni frá 100 þjóðlöndum tilnefnd og fá sjö þeirra viðurkenningu af ýmsu tagi.

Guðbjörg Rist Jónsdóttir rekstrarstjóri segir þessi verðlaun fela í sér mikinn heiður fyrir Atmonia og sé staðfesting á mikilvægi vörunnar og gildi nýjungarinnar á heimsvísu. Það er búnaður sem framleiðir ammoníak úr vatni, rafmagni og lofti við herbergishita. Það snertir líka heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þar sem 1% af CO₂ losun í dag kemur frá því að búa til köfnunarefnisáburð. Með aðferð Atmonia við framleiðsluna verður engin losun á koltvísýringsringi og auk þess er hægt að draga umtalsvert úr losun við dreifingu á áburði.

Ferlið við að búa til áburðinn heima á býli getur einnig lækkað kostnað við köfnunarefnisáburð í sumum tilfellum um nærri 50%. Sérstaklega þar sem raforkuverð er lágt. Þá dregur það úr losun CO₂ vegna flutninga utan úr heimi og á milli landshluta.

Verðlaunin munu að mati Guðbjargar hjálpa þessu litla sprotafyrirtæki frá Íslandi til að komast í sviðsljósið á alþjóðlega vísu. Verðlaununum fylgir aðgangur að sérfræðingum á sviði landbúnaðartækni á heimsvísu sem og aðgangur að 70 hektara tilraunagarði á vegum Future Food Institute á Ítalíu.

Þau eru núna í sumar að vinna að frumgerð búnaðar sem á að fara í almenna dreifingu svo hver bóndi geti keypt hann og búið til köfnunarefnisáburð heima á búinu hjá sér.

Fimm manna teymi

Að Atmonia standa Arnar Sveinbjörnsson tæknistjóri, Helga Dögg Flosadóttir framkvæmdastjóri, Magnús Már Guðnason verkfræðingur og Guðbjörg Rist, sem er rekstrarstjóri. Þá stjórnar Egill Skúlason, prófessor við Háskóla Íslands, rannsóknum hópsins. Með þeim að rannsóknum starfar um þessar mundir doktorsnemi, sumarnemar, auk eins fyrrverandi doktorsnema. Þá er fyrirtækið í samstarfi við fjölda einstaklinga og fyrirtækja.

Rannsóknarhópurinn hlaut einnig nýlega öndvegissstyrk frá Rannsóknarsjóði Íslands og er stefnt á fyrstu prófanir af frumgerðinni í sumar. Atmonia aflar nú fjármagns til að ljúka við smíði á frumgerð að áburðarframleiðslutæki sínu.

Haber-Bosch aðferðin skóp grunn að stóriðnaði

Aðferð Atmonia við framleiðslu á ammoníaki er sérstök og þar er farið aðrar leiðir en áður hefur verið gert í slíkri framleiðslu. Það voru hins vegar þýsku efnafraðingarnir Fritz Haber og Carl Bosch sem fundu upp Haber-Bosch aðferðina um þarsíðustu aldamót til að gera vinnslu á ammóníaki fýsilega í miklu magni undir miklum þrýstingi úr jarðgasi eða kolum. Fengu þeir nóbelsverðlaun 1918 fyrir þá uppgötvun sína.

Var ammóníak fyrst framleitt í miklu magni með Haber-Bosch aðferðarfræðinni í verksmiðju BASF í Oppau í Þýskalandi árið 1913.



Atmonia-hópurinn talið frá vinstri: Egill Skúlason, prófessor við Háskóla Íslands, Arnar Sveinbjörnsson tæknistjóri, Helga Dögg Flosadóttir framkvæmdastjóri, Magnús Már Guðnason verkfræðingur og Guðbjörg Rist Jónsdóttir, rekstrarstjóri.



Mynd frá verðlaunaafhendingu UNIDO í Róm. Þarna tekur Guðbjörg við verðlaununum frá Claudiu Laricchia hjá Future Food Institute. Með á myndinni eru Andrea Carapellese og Diana Battaglia sem starfa bæði hjá UNIDO.

Þar voru framleidd um 20 tonn á dag. Kallaði fyrri heimsstyrjöldin síðan á stóraukna framleiðslu á ammóníaki til sprengiefnagerðar. Köfnunarefnisáburður er afleiða af ammóníakframleiðslu líkt og framleiddur var í Gufunesi. Slíkur áburður er ekki bara notaður sem vaxtarhvati fyrir gras og annan gróður, því hann er talsvert notaður sem sprengiefni, m.a. við jarðgangagerð.

Haber-Bosch aðferðarfræðin var síðan þróuð enn frekar upp af iðnaðarefnafraðingnum Carl Bosh til framleiðslu á ammóníaki með miklum hita [400–500°C] og undir miklum þrýstingi [2.200–3.600 psi]. Fékk hann nóbelsverðlaun fyrir þá aðferðarfræði árið 1931 ásamt Friedrich Bergius.

Íslenska fyrirtækið Atmonia með nýja nálgun

Fyrirtækið Atmonia rekur uppruna sinn til rannsókna í efna- og eðlisfræði innan veggja Háskóla Íslands. Þetta er því alíslenskt sprotafyrirtæki sem byggir á byltingarkenndum niðurstöðum úr rannsóknum í rafefnafræði við Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Félagarnir í Atmonia hafa verið að glíma við aðra nálgun en þýsku efnafraðingarnir og leituðu að efnunum sem næðu að mynda ammóníak úr vatni og lofti, en við lágan þrýsting og við herbergishita. Þá þarf ekki að reida sig á jarðgas eða kol eins og oftast er gert við ammóníaksframleiðslu. Aðferðin er því afar vistvæn ef raforkan sem notuð er fæst úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá eru félagarnir í Atmonia m.a. að glíma við að ná sem bestri orkunýtni í vinnsluferlinu.

Ammoníak í vatnslausn árangur tilraunar sem gekk upp

„Þetta hefur nú tekist,“ segir

Guðbjörg Rist. „Nú erum við að smíða frumgerð af tækinu sem byggir á rafgreiningu. Þar sem við þurfum ekki hita né þrýsting, þá getum við framkvæmt þetta í pínulitlum tækjum sem hægt er að koma fyrir á hvaða bóndabæ sem er. Hver bóndi er þá með sitt tæki sem framleiðir ammóníak í vatnslausn með rafgreiningu úr lofti og vatni.“

Um hreina snilldaruppfinningu virðist vera að ræða, en þó hægt sé að framleiða ammóníak með einfaldri aðferð að hætta Atmonia, þá þarf samt talsverða raforku við rafgreininguna. Fyrir þá bændur sem hafa kost á að virkja bæjarlækinn væri þetta því kjörið tækifæri.

Leysir af hólmi óvistvæna áburðarframleiðslu

Með tækni Atmonia er í raun verið að leggja af aldagmla aðferð við áburðarframleiðslu sem skilur eftir sig tröllaukið vist- og kolefnisspor. Áburður Atmonia er framleiddur í vatnslausn og því er einfalt að skammta áburð með vatnsúðakerfi. Það tryggir betri upptöku næringarefna og minni losun efna í nánasta umhverfi

„Þar sem ammóníakið er alltaf í vatnslausn, þá er auðvelt að stilla styrk efnisins í vatninu eftir því sem hentar hverri ræktun. Það sem við höfum verið að horfa svoltíð til í byrjun er tæki sem framleiddi beint inn á úðakerfi sem beitt er á ökrum. Þá er þegar til sérhæfður tækjabúnaður til að úða vatnsleystu ammóníaki á tún. Er slíkt mjög mikið notað í Bandaríkjunum. Þá er því sprautað ofan í jarðveginn,“ segir Guðbjörg.

Einnig eru vel þekkt tæki til að dreifa skordýraeitri og gróðureyðingarefnum á akra. Er slíkt víða gert erlendis þó svona búnaður hafi ekki verið notaður á Íslandi í miklum mæli.

Úr stórum verksmiðjum í örframleiðslueiningar

Guðbjörg segir að aðferðarfræði Atmonia þyki afar sérstök þar sem ekki þarf að byggja risaverksmiðjur til að gera framleiðsluna hagkvæma. Þess í stað er hægt að beita litlum tækjum sem koma má fyrir nánast hver sem er þar sem aðgangur er að nægu rafmagni. Þannig gæti hver bóndi verið með eigin framleiðslu. Fátækir bændur í þróunarlöndum eiga þá líka möguleika á að stunda sína eigin áburðarframleiðslu og verða óháðir aðkeyptum áburði.

„Þegar niðurstöður rannsóknarhóps sýndu að það var búið að finna efni sem nær að draga nitur úr andrúmsloftinu og nýta það beint við herbergishita, þá var fyrirtækið stofnað 2016. Við erum komin með skráð einkaleyfi á þeim efnunum sem notuð eru við framleiðsluna. Það gildir í Bandaríkjunum, Evrópu, Rússlandi, Kína og á helstu mörkuðum heims.“

Með tæki á stærð við þvottavél

Tækið sem til þarf er lítið og hentugt og á stærð við þvottavél. Það tekur inn loft, vatn og rafmagn og framleiðir úr því nituráburð fyrir hvern bónda fyrir sig. Þannig getur hver bær haft sína eigin, umhverfisvænu áburðarframleiðslu, sem kemur í stað gríðarlegra flutninga frá stórum og miðlægum áburðarverksmiðjum.

Prófanir gerðar úti á akrinum næsta vor

– Hvenær reiknið þið með að vera komin með allan búnað í nothæft form?

„Við búumst við að geta gert tilraunir með þetta við raunaðstæður úti á akri næsta vor 2020. Þá verðum við komin með frumgerðir sem við getum prófað við mismunandi aðstæður. Að öllum líkindum munum við fyrst gera prófanir á Ítalíu þar sem við fengum aðgang að ökrum Future Food Institute í sambandi við verðlaunin sem við fengum. Þá er verið að skoða hvort við gerum líka prófanir á Íslandi.“

Við höfum einnig verið í sambandi við jarðarberjaræktendur og aðra berjaræktendur, því ammóníak hentar mjög vel fyrir ber. Bláber eru sérlega sölgin í ammóníak.

Í framhaldi af prófunum sem fyrirhugaðar eru 2020 gerum við ráð fyrir að gera tilraunir með viðskiptavinum, all frá kúabúum til berjabænda,“ segir Guðbjörg Rist Jónsdóttir. /HKr



Heypyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun en við fjármögnum hins vegar heyþylur. Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

Lely Center Ísland

Framúrskarandi rúlluplast og net

VERÐLISTI

Verð eru án vsk.	Listaverð ef greitt er 15 júlí og 15 ágúst
Svart Siloglass 5 laga	Kr. 9.900
Hvitt Supergrass 7 laga	Kr. 10.400
Grænt Supergrass 7 laga	Kr. 10.600
Hvitt EcoUltra 7 laga 20% meira á rúllunni	Kr. 11.200
Rúllunet Protector 123 og 130 cm x 3000m	kr. 26.900



Svart Siloglass
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 250 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40



Hvitt og grænt Supergrass
Lengd: 1500 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 25 u
Stungupróf: 400 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40



Hvitt EcoUltra
Lengd: 1800 m
Breidd: 75 cm
Þykkt: 22 u
Stungupróf: 350 gr
Fjöldi rúlla á bretti: 40

EcoUltra
20% meira á rúllunni
Frábært verð

Seljum síðustu Lely heyvinnuvélarnar á frábærum verðum sem ekki bjóðast aftur

Verð miðast við staðgreiðslu án uppítöku
Samsettar og keyrðar heim á hlað
Eins árs verksmiðjuábyrgð



Lely 240 Classic

Bara 1 stk.

Listaverð: kr. 1.070.000 án vsk.
AFSLÁTTUR: kr. 370.000
Verð: kr. 700.000 án vsk.



Lely 280 M

Bara 1 stk.

Listaverð: kr. 1.500.000 án vsk.
AFSLÁTTUR: kr. 250.000
Verð: kr. 1.250.000 án vsk.



Lely Hibiscus 485 S

Bara 1 stk.

Listaverð: kr. 1.351.000 án vsk.
AFSLÁTTUR: kr. 301.000
Verð: kr. 1.050.000 án vsk.



Lely Hibiscus 425 S

Bara 1 stk.

Listaverð: kr. 1.070.000 án vsk.
AFSLÁTTUR: kr. 170.000
Verð: kr. 900.000 án vsk.



Lely 320 Classic

Bara 2 stk.

Listaverð: kr. 1.350.000 án vsk.
AFSLÁTTUR: kr. 370.000.000
Verð: kr. 980.000 án vsk.



Lely 320 M

Bara 3 stk.

Listaverð: kr. 1.660.000 án vsk.
AFSLÁTTUR: kr. 250.000
Verð: kr. 1.410.000 án vsk.

LÍF & STARF

Jazzhátíð í Skógum laugardaginn 6. júlí

„Jazz undir fjöllum“, árleg jazzhátíð í Skógum undir Eyjafjöllum, verður haldin í sextánda sinn laugardaginn 6. júlí næstkomandi.

Aðaltónleikar hátíðarinnar fara fram í félagsheimilinu Fossbúð laugardagskvöldið 6. júlí kl. 21.00. Þar kemur fram tríó gítarleikarans Björns Thoroddsen ásamt söngkonunni og fiðluleikaranum Unni Birnu Bassadóttur. Sigurgeir Skafti Flosason leikur á bassa og Skúli Gíslason á trommur. Þau munu flytja fjölbreytta dagskrá uppáhaldslaga úr ólíkum áttum á sinn hátt, spjalla og grínast. Í Skógakaffi verður boðið upp á tónlist þennan sama dag frá kl. 14–17. Þar verða óformlegri tónleikar eða nokkurs konar „Jam session“ þar sem saxófónleikarinn Sigurður Flosason leiðir kvartett sem skipaður er Vigni Þór Stefánssyni á píanó og Leifi



Frá Skógum.

Gunnarssyni á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Sérstakur gestur verður brasilíski píanóleikarinn og söngvarinn Paulo Malaguti. Ókeypis er inn á þessa tónleika og reiknað með að gestir geti komið og farið að vild meðan á tónleikum stendur. Þess má geta að óvenju margir þátttakendur á hátíðinni í ár eru ýmist búsettir eða uppaldir á Suðurlandi eða alls fimm talsins. Hér verður því á ferðinni sannkallaður sjóðandi „Suðurlands jazz“.

/MHH



Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, klipptu á borða við afleggjarann inn á Hvammstanga og opnuðu Norðurstrandarleið formlega. Í borðann héldu Christiane Stadler, verkefnastjóri Norðurstrandarleiðar, og Björn H. Reynisson, verkefnastjóri hjá MN.

Norðurstrandarleið frá Hvammstanga til Bakkafjarðar: Sannfærð um að verkefnið á eftir að skila miklum árangri í ferðapjónustunni

— segir Arnheiður Jóhannsdóttir hjá Markaðsskrifstofu Norðurlands

Norðurstrandarleið, eða Arctic Coast Way eins og leiðin nefnist á ensku, var formlega opnuð fyrr í þessum mánuði, bæði á Hvammstanga og Bakkafjarði. Leiðin hefur verið í þróun í meira en þrjú ár og því náðist merkur áfangi með formlegri opnun hennar.

Hún hafði þegar vakið athygli áður en að þeirri opnun kom, sem m.a. sést á því að Lonely Planet valdi leiðina sem þriðja besta áfangastað í Evrópu á þessu ári.

Við opnunina voru ný skilti vígð sem marka Norðurstrandarleið og segja ferðamönnum hvenær þeir ferðast eftir henni. Þessi skilti marka þáttaskil í íslenski ferðapjónustu, því í fyrsta sinn eru komin upp skilti með brúnum lit. Sá litur er þekktur erlendis fyrir skilti sem tengjast ferðapjónustu.

900 kílómetra löng leið með 21 sjávarþorpi


Norðurstrandarleið er um 900 kílómetra löng, frá Hvammstanga til Bakkafjarðar, á leiðinni eru sex skagar og nes, sandfjörur, klettur, jökulsárgljúfur, firðir og fjallstindar. Hver lítill bæir, allir í námunda við norðurheimsskautsbauginn á leiðinni, hefur sína sögu. Á leiðinni eru sumir af bestu fuglaskoðunarstöðum landsins og með því að bregða sér í siglingu gefst kostur á að eiga stund með hvöllum og selum, en einnig er hægt að fara út í nokkrar eyjar á leiðinni.

Á Norðurstrandarleið eru 21 sjávarþorp eða bæir, ferjur ganga til 6 eyja, boðið er upp á hvala-, sela og fuglaskoðun á leiðinni, 18 sundlaugar og eða náttúruaugar eru á leiðinni auk tilkomumikilla gönguleiða um fjöll og útivist af ýmsu tagi. Margir einstakir staðir eru í boði til að fylgjast með miðnætursól eða norðurljósum.

Vildu draga fram minna sótt svæði

„Þessi leið hefur verið í þróun í um það bil þrjú ár og fjöldinn allur af fólki tekið þátt. Verkefnið var í fyrstu eins konar grasrótaverkefni sem hófst hjá einstaklingum í ferðapjónustu á Norðurlandi sem voru að huga að þróun hringja fyrir ferðamenn, Arctic Circle Route og Tröllaskagahring sem dæmi. Þessum verkefnum var svo steipt saman í eitt og ákveðið að hýsa það hjá okkur,“ segir Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Niðurstaða í greiningarvinnu beindi mönnum fljótlegra að þeirri niðurstöðu að leggja áherslu á strandlengjuna og draga fram minna sótt svæði með því að sýna fram á hversu eftirsóknarverð þau



Ný heimasíða hefur verið sett í loftið, en á www.arcticcoastway.is má nú sjá allt það helsta sem hægt er að sjá og gera á leiðinni.



Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, og Árni Bragi Njálsson, fulltrúi sveitarstjórnar Langanesbyggðar, klipptu á borða við afleggjarann inn á Bakkafjörð. Halldóra Gunnarsdóttir frá Norðurhjaru og Reinhard Reinhardsson frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga héldu í borðann.



Aningarstaðurinn „Þar sem vegurinn endar“ var formlega opnaður í tengslum við opnun Norðurstrandarleiðar. Aningarstaðurinn er við Útgerðarsafnið á Grenivík og var verkefnið styrkt af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

eru. Fleiri sveitarfélög en þau sem upphaflega tóku þátt bættust í hópinn. Fyrir liggur greining á því hvar þörf er á uppbyggingu innviða, eins og bílastæða, salernisastöðu og áningarstaða.

Góðar viðtökur strax í byrjun

„Að sjálfsögðu er síðan búið að kortleggja vegamálin, vetrarþjónustu og merkingar og erum við hér einmitt að fagna því að búið er að merkja leiðina með nýrri tegund skilta en þetta eru fyrstu brúna skiltin fyrir ferðamenn á Íslandi,“ segir

Arnheiður. Þessi tegund skilta er þekkt víða erlendis og vísar ferðafólki á áhugaverða staði. Vegagerðin sá um uppsetningu skiltanna. „Það er ánægjulegt hversu vel ferðamenn hafa tekið Norðurstrandarleiðinni, Lonely Planet tilnefndi leiðina sem þriðja besta áfangastað Evrópu 2019 og við erum því sannfærð um að þetta verkefni á eftir að skila miklum árangri í því að fá ferðamenn til að ferðast víðar um Norðurland, dvelja lengur og þannig byggja upp ferðapjónustuna á þessu svæði sem heilsárs atvinnugrein,“ segir Arnheiður.

/MPP

Tímaritið Súlu 2019 komið út

Nú snemma í maímánuði kom út hefti ársins af Súlu, sem er norðlenskt tímarit, gefið út af Sögufélagi Eyfirðinga á Akureyri. Þetta er 58. hefti Súlna, og er nú sem oftast 160 bls. að lengd.

Hér er að finna ýmislegt efni, m.a. viðtöl og þjóðlegan fróðleik sem einkum tengist Eyjafjarðarsvæðinu. Ritnið er prentað í Ásprenni á Akureyri.

Fremst í heftinu er viðtal sem Kristín Aðalsteinsdóttir tók nú nýlega við Ásgerði Snorradóttur á Akureyri. Þar segir Ásgerður frá uppveiti sínum og síðan veikindum barna sinna, en þar er um athyglisverða sorgarsögu að ræða.

Ásgerði skal hér með sérstaklega þakkað fyrir að hafa samþykkt að láta birta við sig svo opinskátt viðtal.

Tvö önnur viðtöl eru birt í heftinu, einnig við konur. Jón Hjaltason ræðir við Ingibjörgu R. Magnúsdóttur sem er að verða 96 ára gömul. Hún fæddist og ólst upp á Akureyri og var hjúkrunarforstjóri Sjúkrahúsins þar á árunum 1961–71. Síðar var hún deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í Reykjavík. Síðasta viðtalið er við Soffíu Halldórsdóttur, sem lengi var verkstjóri í þróunaverksmiðjunni Heklu, það var tekið upp 2008 en Soffía er nú látin.

Þá er í heftinu ritgerð eftir Jóhann Lárus Jónasson lækni og Hladgerði Laxdal um einn af fyrstu frumbyggjum Fjörunnar á Akureyri, nefnilega Grím Laxdal bókbindara. M.a. er rætt um „brúðarrán“ hans og afkomendur. Hér birtist fremur stutt erindi eftir Sigurð Ágústsson um ömmu hans, Margréti Valdimarsdóttur, leikkonu á Akureyri. Einnig er hér stutt erindi eftir Friðjón Kristinsson um sögu Verkalýðsfélags Dalvíkur. — Þá



Súlu og Siglufjör. Ljós: Steingrímur Kristinnsson. Síð 16. 1.

58 ÚTGEFANDI: SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA - AKUREYRI

er birt ferðasaga suður á land frá árinu 2001 eftir Arnstein Stefánsson, sem lengi var bóndi í Stóra-Dunhaga í Hörgárdal, í ferðasögunni er margt hnytilegra vísna. Stutt frásögn er hér eftir Lovísu Maríu Sigurgeirsdóttur á Dalvík.

Björn Teitsson, ritstjóri Súlna, á í heftinu ritgerð um guðshús og dýrlinga á miðöldum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. Með fylgja upprættir af sýslunum og eru fornar sóknarkirkjur merktar inn á þá. Forsíðumynd heftisins er frá einum hinna fornu kirkjustaða, Siglunesi við Siglufjörð.

Sími Sögufélagsins / símsvari er 462 4024. Áskriftarverð þessa heftis Súlna er kr. 4.500. Ritnið fæst einnig í lausasölu í Pennanum á Akureyri. Við áskriftarbeiðnum tekur Guðmundur P. Steindórsson, netfang: gudps@simnet.is. Netfang ritstjóra er: banna@simnet.is. Í ritnefnd eru auk Björns ritstjóra þau Ása Marinósdóttir, Jón Hjaltason og Kristín Aðalsteinsdóttir, sem taka líka við efni til birtingar, og eru sérlega vel þegnir minningaþættir eða stuttar frásagnir, segir í fréttatilkynningu um útgáfunu.

/MPP

Bændablaðið

Kemur næst út 11. júlí

Umsóknir um styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins

Frá Bændasamtökum Íslands:

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknarverkefna í hrossarækt. Verkefni skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans.



Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar. Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í ágúst 2019. Allar nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökum Íslands.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 20. júlí 2019 og skal umsóknum skilað til: Fagráð í hrossarækt, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Fagráð í hrossarækt



Þú færð hestavörurnar hjá okkur

OPIÐ

BREIDD

Virka daga 8-18:30
Laugardaga 10-18
Sunnudaga 11-17

SELFOS

Virka daga 8-18
Laugardaga 10-16
Sunnudaga LOKAÐ

SUDURNES

Virka daga 8-18
Laugardaga 10-14
Sunnudaga LOKAÐ

Múlar • Taumar • Pískar • Skeifur • Fjaðrir • Skaflar
Hófhnífar • Burstar • Klórir • Kambar Reiðhanskar
Heyboltar • Stallmúlar • Hófhlífar • Hnakkastatíf
Beislishanki • Hófolía • Hestasjampó • Faxúði

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ

John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Mildur vetur og minni vorleysingar við upptök Volgu í Rússlandi hafa víðtæk áhrif:

Lágt vatnsyfirborð Volgu farið að valda miklum áhyggjum

– Hefur mikil áhrif á fiskistofna og raforkuframleiðslu í fljótinu og getur valdið uppskerubresti og verðhækkunum á kornmörkuðum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Miklar rigningar og flóð í helstu maís- og sojaræktarríkjum Bandaríkjanna munu óhjákvæmlega leiða til mikils samdráttar í uppskeru með tilheyrandi áhrifum á kornmarkað og efnahagskerfi heimsins. Nú horfir í að þurrkar á áhrifsvæði Volgu í Rússlandi geti mögulega líka valdið uppskerubresti á hveiti á þeim slóðum og magnað upp verðáhrif með tilheyrandi efnahagsniðursveiflu á heimsvísu.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) telur nú að framleiðsla á öllum kornvörum í heiminum dragist saman frá fyrri spám um 15,5 milljónir tonna. Þannig verði framleiðslan um 2.685 milljónir tonna sem er samt 1,2%, eða 26 milljónum meira en 2018/19.

Nýjustu fregnir um yfirvofandi uppskerubresti á maís í Bandaríkjunum hafa líka veruleg áhrif samkvæmt spá FAO. Búist er við að maísframleiðslan þar í landi verði 330 milljónir tonna sem er 45 milljónum tonnum minni en á síðasta framleiðsluári. Þá fer birgðastaða lækkanði í flestum korntegundum, ekki síst í grófkorni, vegna aukinnar eftirspurnar og uppskerubrests. Fleiri þættir gætu líka spilað þarna inn í eins og staðan í Rússlandi.

Hættulega lág vatnsstaða sögð í Volgu

Fregnir hafa borist af hættulega lágrí vatnsstöðu í hinni 3.520 kílómetra löngu Volgu frá svæðum eins og Tver, Kostroma, Tolyatti, Saratov, Astrakhan og víðar. Í Tolyatti hefur yfirborð miðlunarhlóns lækkað um 49 metra og er farið að trufla siglingar um vatnasvæði Volgu. Á þessu svæði urðu verstu þurrkar í áratugi árið 2010 og skemmdist þá meira en helmingur kornuppskerunnar á 11 svæðum og um 32% af heildaruppskeru landsins.

Slagæð landbúnaðarins að þorna

Á vefsíðu fréttamiðilsins Radio Free Europe – Radio Liberty (RFE/RL), sem er með yfir 600 starfsmenn í Prag og Washington og um 750 lausapenna í gegnum 20 skrifstofur, var fjallað um



Volga hefur alla tíð verið Rússum mikilvæg til vöru- og farþegaflutninga. Hér er dráttarskipið Volga Shipping Company að flytja fullhlaðna flutningapramma um fljótið. Lækkun vatnsborðsins getur hæglega valdið vandræðum við slíka flutninga.

Mynd / Volga Shipping Company

stöðuna á Volgubökkum í grein 3. júní sl. Greinin er eftir Sergei Gogin, Maksim Fyodorov og Robert Coalson. Þar segir m.a. að lágt vatnsyfirborð Volgu vekur spurningar um hvort Rússum takist að hafa stjórn á þessari slagæð sem er afar mikilvæg fyrir landbúnað og efnahagslíf Rússlands.

Minni kornuppskeru spáð í ár

Í frétt sem Polina Devitt og Olga Popova skrifuðu fyrir Reuters í Moskvu í desember á síðasta ári, var því spáð að þurrkar myndu valda bresti í kornuppskeru Rússa sem hafa verið einhverjir mestu hveitíflytjendur heims. Þannig geti uppskeran fallið enn meira en hún gerði 2018. Þá var uppskeran 105 milljón tonn eftir að hafa komist í 135 milljónir tonna metárið 2017 samkvæmt tölum Reuters.

Samkvæmt tölum Worldatlas hefur Rússland verið þriðji stærsti hveitíframleiðandi heims. Í öðru sæti hafa Indverjar verið, en þar horfa menn líka fram á uppskerubrest í ár. Kínverjar eru sagðir stærstir í framleiðslu á hveiti og í eðlilegu árferði með um 134 milljónir tonna. Bandaríkin eru síðan í fjórða sæti og Frakkland í fimmta sæti.

Nokkurs misræmis gætir í spátölum um heildarframleiðslu landa heimsins á hveiti eftir því hver gefur þær út. Þannig er



Volga er sannarlega engin lækjarspræna, heldur 3.520 kílómetra langt stórfjót sem tengist gríðarstóru vatnakerfi.

landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna (USDA) með talsvert aðrar og lægri tölur en Reuters og Worldatlas. Samt segir USDA að hveitífarmleiðslan í Rússlandi muni aukast um 9% milli ára og fara í 78 milljónir tonna 2019/20.

Minni uppskera gæti haft veruleg áhrif á fjármálamörkuðum

Ljóst þykir að vandræði geti orðið í hveitífarmleiðslu í Rússlandi og hrísgrjónaframleiðslu á Indlandi vegna þurrka. Eins á maísframleiðslu í Bandaríkjunum á sama tíma vegna flóða. Þurrkarnir á Indlandi eru sagðir þeir verstu í áratugi. Þetta ástand getur líka haft áhrif á framleiðslu á öðrum korntegundum. Afar líklegt er að þegar slíkar hremmingar herja á nokkra af stærstu framleiðendum heims þá muni það hafa veruleg áhrif á heimsmarkaðsverð á kornvöru bæði til manneldis og í skepnufóður. Keðjuverkun getur því hæglega orðið varðandi marga þætti matvælaframleiðslunnar og iðnað. Slík þróun er líka fljót að skila sér út í efnahagslífið þar sem spákaupmennska getur spanað upp áhrifin á örskömmum tíma.

Vonir um aukna framleiðslu í Suður-Ameríkukríkjum gætu samt slegið eitthvað á þennan vanda, en þau eru þó ekki að framleiða „nema“ um 23 milljónir tonna af hveiti samanlagt.



Carp



Pike



Bream

Víða eru klakstaðir þessara fiskitegunda sagðir komnir á þurr.

Aukin úrkoma gefur vísbendingu um hlýnun

Í frétt á vefsíðu I science þann 30. maí sl. segir að 12 mánaða spá sem nær fram í janúar 2020 geri ráð fyrir hærri hita á lægri svæðum Volgu nærri Kaspíahafi og Volgigrad, sem og um miðbik Volgu nærri Nizhny Novgorod. Það virðist því hálfgerð þversögn að á síðustu 50 árum hefur úrkoma í Rússlandi aukist að meðaltali um 2% á áratug. Þá hafi verið aukning á stórrigningum frá 2016 sem loftslagsvísindamenn Russian Academy of Sciences telja gefa vísbendingar um loftslagshlýnun. Eins hafi jökklar í Mið-Asíu verið að tapa ísmassa um 1,6 sinnum hraðar á hverju ári en snjósöfnunin er á vetrum. Um 800 milljónir manna í fjallahæruðum þess svæðis eru að hluta háð leysingavatni.

Vatnsmiðlunarhlón í Volgu að þorna upp

Í gegnum árin hafa Rússar reist fjölda vatnsmiðlunarhlóna á vatnasvæði Volgu, bæði til orkuframleiðslu og til vatnsmiðlunar. Vegna þurrka er vatnsmagnid í fljótinu orðið það lítið að vatnsskortur til miðlunar er fariinn að valda vandræðum, að því er segir í grein RFE/RL.

Í borginni Ulyanovsk í Mið-Rússlandi, sem er vinsæll strandbæstaður, þurfa gestir nú að ganga 200 metra á þurrum vatnsbotni áður en þeir komast að vatninu í Kuibyshev-uppstöðulóninu.

Nærri Kazan, höfuðborg rússneska lýðveldisins Tatarstan, er gangstígur frá keisarátímanum nú á þurru, en hann fór undir vatn þegar Volga var stíflud á sjötta áratug síðustu aldar. Nú má sjá þarna fólk með málmleitartæki á stígnum í leit að miðaldarfjárjóðum.

Óvenjulegt ástand og vatnsmiðlanir duga ekki til

Greinarhöfundar RFE/RL geta þess að embættismenn segi að ástandið sé óvenjulegt en ekki skelfilegt. Sum lón í farvegi Volgu safni t.d. vatni vegna minni miðlunar. Samkvæmt svæðisútibú skógræktarráðuneytisins í Samara hafi vatns-



Skjámynd af videoupptöku RFE/RL sem sýnir uppþornaðan uppþornaðan hliðarfarveg við Volgu.



Volga-vatnsorkuverið, eða Волжская ГЭС á rússnesku, sem er í Volgograd-héraði. Til hliðar við stífluna er skipaskurður. Framkvæmdir við orkuverið hófust 6. ágúst 1950 og var það vígt 10. september 1961. Stíflan er 44 metra há og 725 metrar að lengd. Lónið rúmar 31,5 rúmkílómetra af vatni og nær áhrifasvæði stíflunnar yfir 3.117 ferkílómetra. Uppsett afl virkjunarinnar er 2.671 til 2.744 megawött (MW). Í virkjuninni eru sjö 115 MW túrbínur, tíu 125,5 MW túrbínur, fimm 120 MW túrbínur og ein 11 MW túrbína. Samtals framleiða þessar vatnsaflsvélar 10.999 gígawattstundir af raforku á ári. Til samanburðar framleiða allar vatnsaflsstöðvar Landsvirkjunar samanlagt 13.541 gígawattstund á ári.



Vatnsyfirborðið í sumum uppistöðulónanna við Volgu hefur lækkað svo mjög að þar má ganga þurrum fótum á botninum. Mynd / RFE/RL.

hæðin í Kuibyshev-uppstöðulóninu verði áætluð 52,5 metrar í byrjun júní. Aðrir eru hins vegar áhyggjufullir yfir því að þeim sem beri ábyrgð á stjórnun flókinna vatnsmiðlana hafi ekki tekist að laga sig að breyttum aðstæðum.

Leysingavatnið hvarf í jarðveginn og skilaði sér ekki í Volgu

Þó að snjókomar í fjöllum við upptök Volgu hafi verið meiri en í meðalári hefur veturinn einnig verið verulega hlýrri á öllu svæðinu en venjulega.

„Undanfarin 20 ár hefur jörðin frosið og snjórin safnast á frosna jörð. Snjóbráðin á vorin hefur síðan runnið í Volgu,“ segir Sergei Simak, formaður grænu hreyfingarinnar í Rússlandi [Russian Green League]. Segir hann að vatnasérfræðingar hafi búið við svipaðri stöðu í vetur, en yfirborð jarðar fraus ekki og því hafi stór hluti af snjóbráðuninni farið beint niður í jarðveginn í stað þess að renna út í Volgu. Það sé reyndar gott fyrir jarðveginn, en vegna þess að vatnasérfræðingarnir hafa misreiknað sig er staðan nú verri í vatnsmiðlun við Volgu en annars væri.

Hagsmunir vatnsorkuvera, landbúnaðar og fiskveiða fara ekki alltaf saman

Volga er lengsta fljótið í Evrópu, um 3.520 km frá Tver-svæðinu í norðvesturhluta Rússlands til Kaspíahafsins í suðri. Vatnasvæði Volgu spannar yfir 1,35 milljónir ferkílómetra og nær nánast yfir allan Evrópuhluta Rússlands. Á þessu svæði eru 11 af 20 stærstu borgum landsins. Þar eru líka 13 vatnsorkuver sem nýta vatnsflæðið úr Volgu. Syðst myndar Volga gríðarstórt ármynni sunnan borgarinnar Astrakhan áður en fljótið rennur út í Kaspíahaf.

Áhrifasvæði fljótsins er mikilvægt fyrir landbúnað, skógrækt og fiskveiðar, auk þess sem Volga er mikilvæg flutningsleið.

Fram að þeim tíma sem skrifstofa vatnaeftirlits landsins fyrirskipaði lokun vatnsmiðlunar

úr uppistöðulónum 14. maí, hafði vatnsmiðlunin aðeins verið opin í 23 daga í vor. Aleksandr Epifanov, sérfræðingur við Vatnsforðastofnunina um miðbik Volgu, segir að ákvörðun hafi verið tekin um að miðla vatni einungis til lægra Volgu-svæðisins til að auðvelda styrjuhrygningu fyrir kavíarframleiðslu svæðisins. Hann segir að þetta hafi venjulega verið gert í lok apríl og í byrjun maí, en á þessu ári hafi vorleysingavatn ekki komið í lónin í stað þess vatns sem hleypt var úr þeim. Því hafi orðið að takmarka útrennslið.

Epifanov viðurkennir í samtali við RFE/RL að fiskveiðum á vatnasvæðum um miðbik Volgu hafi nú verið fórnað í þágu mikilvægari fiskiðnaðar í suðri.

„Þetta er sannleikurinn, en við neyddumst til að gera þetta. Enginn hefur getað komið með lausn sem gefur góða stöðu á einum stað og frábæra á öðrum. Ef það er góð staða fyrir fiskveiðar um miðja Volgu, þá verður tapið gríðarlegt fyrir svæðin sem liggja lægra og neikvæðu áhrifin yrðu í það minnsta þreföld,“ segir Epifanov.

Miklar áhyggjur af fiskstofnum


Kirill Lunin, sérfræðingur samtakanna, segir að fiskstofnar sem lifa um miðbik Volgu, eins og hin forna aborrategund Pike sem lifir á grunnsvæði, Bream og Carp geti orðið illa úti vegna þess að þeir hafa nú þegar hrygnt á svæðum sem nú eru að þorna upp. Vatnið hafi farið að minnka strax við lok hrygningartímans. Ljóst sé að mikil afföll verði á næstu kynslóð þessara tegunda sem muni hafa mikil áhrif á stofnana. Lunin segir að meira en 3.000 hrygningarsvæði á vatnasvæði um Mið-Volgu hafi orðið fyrir áhrifum af þurrkunum.

Líka vandráði vegna drykkjarvatns

Árið 2010, þegar vatnsborð Volgu var einnig hættulega lágt vegna mikilla þurrka, upplifðu íbúar borgarinnar Tolyatti að mengun



Svona er umhorfs víða á vatnasvæði Volgu samkvæmt þessari skjámynd sem er úr upptöku RFE/RL.



Bryggjan komin á þurr og þeir sem vilja sula í vatninu í borginni Ulyanovsk í Mið-Rússlandi verða að ganga drjúgan spöl eftir uppþornuðum vatnsbotni.

jókst mjög í drykkjarvatni. Um það bil helmingur neysluvatnsins kemur úr Volgu.

Vistfræðingur Simak segir að núverandi ástand muni ekki valda hörmungum, en borgir eins og Tolyatti verði að eyða meiri fjármunum en ella til að hreinsa drykkjarvatn. Þá geti almennigur orðið var við neikvæð áhrif vegna íblöndunar á klór í vatnið sem nauðsynlegt er til að drepa þörungablóma. Þar af leiðir að gæði vatnsins minnka.

Vandinn liggur í gróðasjónarmíðum vegna raforkuframleiðslu

Verkfræðingur Yevgeny Burdin hefur skrifað nokkrar bækur um

sögu vatnsorkuþróunar í Volgu. Hann bendir á að lágmarksstaða vatnsins hafi farið versnandi vegna þess að öllum stíflunum í Volgu sé stjórnað af Rusgidro-ríkisfyrirtækinu sem er stýrt af stjórnvöldum. Hagnaður af raforkuframleiðslunni renni til Moskva og peningaelítu landsins. Þeim sé sama um allt nema hagnaðinn af því að búa til og selja rafmagn.

„Sú staðreynd að við höfum engan fisk eða hreint drykkjarvatn er afleiðing þessa hugarfars,“ segir Burdin.

Vísbending um það sem koma skal

Líffræðingur Mikhail Shustov, sem lærði vistfræði Volgu-svæðisins í rússnesku vísindaakademíunni,

segir að ástand vatnasvæðis Volgu á þessu ári gæti verið vísbending um það sem koma skal. Hann efast um getu ríkisstjórnarinnar til að laga sig að breyttum aðstæðum.

„Því miður hafa margar áætlanir sem ríkisstjórnin hefur kynnt í fortíðinni reynst árangurslausar,“ sagði hann í nýlegu viðtali við Ulyanovsk-útgáfu af hinu vinsæla vikublaði „Deilumál og staðreyndir“ [Аргументы и факты eða Argumenty I fakty].

Athyglisvert er að þessi gagnrýna ummæli skuli birtast þar, því blaðið sem var komið í eigu Promsvyazbank var keypt upp af stjórnvöldum í Moskva í mars 2014. Hafa þau kaup verið nefnd sem dæmi um hnignun frjálsra fjölmiðla í Rússlandi. Árið 1990 komst blaðið í heimsmetabók Guinness fyrir að hafa mesta útbreiðslu vikublaða í heiminum og var þá dreift í 33,5 milljónum eintaka og lesendur voru taldir vera um 100 milljónir.

Búum okkur undir enn verri atburði


„Ef núverandi áætlun um að bæta stöðuna við Volgu hlýtur sömu örlög og fyrri opinberar áætlanir þá verðum við að venjast því að sjá Volgu eins og hún er í dag. Við ættum því að búa okkur undir enn verri atburðarás,“ sagði Shustov.

Útimálning sem endist og endist

MÁLA Í SUMAR?

VITRETEX á steininn.
HJÖRVI á járn og klæðningar.

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
Sími 588 8000
slippfelagid.is



Milljónaborgir á Indlandi berjast nú við vatnsskort:

Dæmi um rán á vatnsflutningabílum og slagsmál nágranna út af vatnsdropa

– Búist við að 100 milljónir manna fari að flýja frá sumum stórborgum þar sem ekkert grunnvatn er lengur að hafa

Í mörg ár hafa vísindamenn bent á hættuna af gengdarlausum uppþælingum á grunnvatni til ræktunar sem hafi þær afleiðingar að jarðlögin falla saman og hætta að geta safnað í sig vatni. Svartar spár vísindamanna virðast nú vera að rætast á Indlandi þar sem milljónaborgir eru að verða vatnslausar með öllu.

Fréttastöð CNN fjallaði um skelfilegt ástand í borginni Chennai sem er sjötta stærsta borg Indlands með um 4,6 milljónir íbúa. Þar er búið að tæma uppistöðulón sem nýtt hefur verið sem neysluvatn og íbúar verða að reida sig á aðflutt vatn sem mikill fjöldi fólks hefur ekki efni á að kaupa.

Um 600 milljónir manna á landsvísu glíma nú við óvenjumikinn vatnsskort á Indlandi. Einungis um fjórðungur þjóðarinnar hefur aðgang að rennandi drykkjarvatni á sínum heimilum. Um 200.000 manns deyja árlega vegna afleiðinga af neyslu mengaðs vatns samkvæmt frétt CNN. Blaðið India Express hefur líka fjallað ítrekað um vatnsvandann á Indlandi.

Flótti að bresta á, tankbílum rænt og barist um hvern dropa

Farið er að bera á aukinni spennu og átökum um vatnið á Indlandi. Tankbílum með vatni hefur verið rænt og átök hafa blossað upp á milli nágranna sem slást um hvern vatnsdropa.

Búist er við að 100 milljónir manna, þar á meðal í borgum eins og Delí, Bangalore og Hyberabad muni fljótlega yfirgefa borgirnar vegna þess að þar er ekkert lengur hægt að reida sig á uppþælingu grunnvatns samkvæmt frétt NITI Aayog stofnunarinnar. Talið er að staðan eigi aðeins eftir að versna þar sem reiknað er með að Indverjum fjölgi um 300 milljónir fram til ársins 2025 og verði Indland þá orðið fjölmennasta ríki veraldar. Auk þess mun minnkandi grunnvatn að öllum líkindum lama landbúnaðarframleiðslu á stórum svæðum þar sem 80% vatnsnotkunarinnar hefur m.a. verið notað til að rækta hrísgrjón og sykurreyr.



Í indverskum borgum er það ekki Bjössí á mjólkurbílum sem er vinsælasti gaurinn heldur miklu frekar nafnar hans á vatnsbílum. Reyndar eiga þeir stundum fótum sínum fjör að launa því komið hefur fyrir að fólk í neyð vegna vatnsleysis hefur hreinlega rænt slíkum tankbílum. Mynd / India News



Íbúar í Tamil Nadu sækja sér vatn sem dælt er upp úr jarðlögum, en það fer þó stöðugt minnkandi. Mynd / India Express

Uppþæling grunnvatns farin að valda hörmungum

Þéttbýl svæði á Indlandi og mikilvæg ræktarlönd í Kaliforníu í Bandaríkjunum hafa m.a. verið nefnd í sambandi við skefjalausa uppþælingu á grunnvatni. Ítarlega hefur verið fjallað um þessi mál í Bændablaðinu á undanförunum árum, en staðan virðist nú víða vera komin á hættulegt stig. Mörg

önnur svæði eru líka í hættu, auk þess sem mjög hefur verið gengið á uppistöðulón eins og í Íran og á Indlandi.


Þurrkatímabil eru árlegt fyrirbæri á Indlandi. Þar sem stöðugt meira hefur verið gengið á grunnvatnsbirgðir og vatnsleysi hefur verið samfara mikilli hitabylgju á landsvísu er staðan nú enn alvarlegri en ella.

Uppistöðulón tæmast

Í frétt CNN kemur fram að á botni Chembarambakkam-uppstöðulónsins er nú aðeins að finna skraufþurran og sprunginn sólbakaðan leir. Þetta uppistöðulón, sem er í um 25 km fjarlægð frá miðborg Chennai, er meðal þriggja annarra uppstöðulóna sem öll eru þurrausin og hafa séð íbúum borgarinnar fyrir vatni.

Srini Swaminathan, sem tók loftmynd af svæðinu þar sem Chembarambakkam-ónið var áður, segist hafa búið þarna síðan 1992. Hann hafi aldrei upplifað annað eins á þeim tíma. Auk þess sem þarna hefur ekki fallið rigningardropi úr lofti í langan tíma, þá er grunnvatnsstaðan orðin það lág að erfitt er orðið að dæla upp vatni. Hefur því verið gripið til þess ráðs að keyra með vatn til borgarbúa á tankbílum.

Á hverjum degi bíða borgarbúar í röðum með vatnsskjólur sínar í hundruða þúsunda vís. Þar mega þeir standa klukkustundunum saman og bíða eftir að fá vatn í brúsa.



Kort sem sýnir þau svæði í heiminum sem búa við mestu hættuna á vatnsskort. Á dökkrauðu svæðunum er hættan mest. Mynd / World Resources Institute



Gervihnattamyndir af Chembarambakkam-uppstöðulóninu við Chennai-borg þar sem íbúar eru 4,6 milljónir. Efri myndin var tekin 15. júní 2018 og neðri myndin 15. júní 2019. Myndir / Maxar Technologies

Hótel- og veitingaþjónusta leggst af vegna vatnsleysis

Ástandið veldur margvíslegum vanda fyrir atvinnulíf borgarinnar og hafa hótél átt í vandræðum með að fá vatn fyrir sína gesti og til matreiðslu. Þá eru flutningar með vatn til borgarinnar farnir að verða stopullir og þar sem áður voru daglegar ferðir sjást tankbílur oft ekki nema á þriggja til fjögurra daga fresti.

Hóteleigandinn M. Senthilsaravanan í Chennai-borg segir að hótél og veitingastaðir hafi neyðst til að loka hver af öðrum vegna vatnsskorts. Hann býr sjálfur í úthverfi borgarinnar og þarf að greiða um 6.000 rupees á hverjum degi fyrir vatn úr tankbíl fyrir hótelið. Það samsvarar um 86 dollurum, eða 10.600 íslenskum krónum. Það þykir ef til vill ekki ykja hátt á íslenskan mælikvarða en er sannarlega stórfé á láglaunasvæði eins og Chennai.

Íbúar fá oft aðeins brot af daglegri vatnshöfð

Vatnsflutningabíllarnir, sem eru

einkareknir, koma með vatn frá Tamil Nadu-svæðinu þar sem enn er nægt vatn að fá. Eftirspurnin er bara orðin svo mikil að þeir anna ekki flutningunum. Vegna ástandsins hafa efnameiri fjölskyldur í Chennai reitt sig á kaup á dýru vatni af einkafyrirtækjum. Meirihluti borgarbúa býr þó við svo lágar tekjur að þeir hafa engan veginn efni á slíkum munaði. Þeir verða að stíla á vatnsflutninga á vegum yfirvalda sem kannski er að vænta eftir mánuð eða svo. Sem dæmi þá hefur heil fjölskylda í einu af fátækrahverfum Chennai þurft að reida sig á 30–40 lítra af vatni á dag. Til samanburðar er bandarísk meðalfjölskylda talin þurfa um 1.370 lítra á dag (300 gallon) að mati Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna.

Stjórnvöld tengdu 650.510 heimili við vatnsveitikerfi. Í gegnum það átti að tryggja hverju húsi um 120 lítra af vatni á dag. Á þurrkatímum hefur það verið minnkað niður í 70 lítra. Þá er einkarekin vatnsþjónusta alls ekki aðgengileg fyrir um 820.000 manns sem lifa í fátækrahverfum borgarinnar. /HKr

CFMOTO ÁRGERÐ 2019

30 ára afmælis-útgáfa



CFORCE 600
Verð 1.649.000,-
Án vsk. 1.389.839,-



CFORCE 1000
2.190.000,-
1.766.129,- án vsk.



Tilboðsverð
CFORCE 520
1.289.000,-
1.039.526,- án vsk.

NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

HESJA
Glerárgötu 36 / 600 Akureyri
Sími 415-6415 / hesja.is

AB
Lynghús 13 / 700 Egilsstaðir
Sími 471-2299 / ab.is

Hótelkeðja ræktar matvæli á húspaki í miðborg Oslóar

Stærsta hótel Clarion-keðjunnar á Norðurlöndunum var opnað 1. mars síðastliðinn á besta stað í Osló í Noregi með rúmlega 800 herbergi. Það sem hefur einna helst vakið athygli er sú nýbreytni að á þaki hótelsins verður ræktað grænmeti og kryddjurtir ásamt ávöxtum fyrir dvalargesti hótelsins.

Það er bæjarbóndi Oslóarborgar, Andreas Capjon, sem sér um garðinn á þakinu á 13. hæð hótelsins sem þjónar eldhúsi hótelsins. Sænski stjórnukokkurinn Marcus Samuelsson, sem meðal annars hefur unnið á frægum veitingastöðum eins og Aquavit og Red Rooster í New York og er uppáhaldskokkur Barack Obama vel að merkja, vinnur verkefnið í samstarfi við bæjarbóndann.

Andreas hefur unnið ýmsar tilraunir áður en sjálf ræktunin á þakinu hófst, meðal annars með að rækta í rigningarvatni og vikurmold. Einnig hefur Andreas kannað hvort hann geti notað



Bæjarbóndi Oslóar ásamt forsvarsmönnum Clarion-Hub hótelsins í Osló skoða hvernig til hefur tekist með ræktun á þakinu en verkefnið nefnist Grow-Hub.

matarafganga sem áburð á það sem ræktað er. Markmiðið er að matarafgangar geti gagnast fyrir veitingastað hótelsins sem er á efstu hæð. Nú er verkefnið komið vel af stað og lofar góðu þar sem

gestir hótelsins fá hluta af næringu sinni með matvælum sem ferðast um afar stuttan veg. Ef vel gengur í sumar mun hótelkeðjan einnig þróa hugmyndina á öðrum hótélum sem hafa slíka möguleika. /ehg



Beint af þakinu og á disk gestanna.

Lely Center Ísland SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



McHale & Pöttinger setja ný og hærri viðmið þegar kemur að heyvinnutækjum.

Pöttinger tveggjastjörnu rakstrarvélar ásamt ýmsum stærðum af heyþylum til á lager. Einnig fram og aftur sláttuvélar í ýmsum stærðum til á lager.

McHale samstæður og 5500 rúlluvélar til á lager
Orbital þökkunarvélar er á leiðinni

Leitið upplýsinga hjá sölumönnum



Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Verkefnið Landbúnaður og náttúruvernd:

Bændur geta haft margvíslegan hag af náttúruverndarstörfum

— segir Sigurður Torfi Sigurðsson, verkefnisstjóri í samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur umsjón með verkefninu Landbúnaður og náttúruvernd (LOGN), sem er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Sigurður Torfi Sigurðsson verkefnisstjóri kynnti stöðu þess á ráðunautafundi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri á dögunum. Þar kom fram að bændur geti haft margvíslegan hag af náttúruverndarstörfum.

Tilgangur þess er að kanna möguleika á samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar, greina tækifæri, hindranir, samlegðar-áhrif – og mögulegan ávinning af náttúruverndaræðgerðum á landbúnaðarsvæðum.

„Verkefnið hefur farið mjög vel af stað og fengið mjög jákvæð viðbrögð, við erum búin að ljúka fyrstu tveimur áföngum og línur farnar heldur að skýrast,“ segir Sigurður Torfi. „Við höfum haft

sambærileg verkefni erlendis frá til hliðsjónar, sem hafa verið byggð upp á samtölum við bændur og nýsköpunarvinnu. Markmiðið þar er að snúa hindrunum í tækifæri og nota nýsköpunarhugsun eða -aðferðir í þeim tilgangi og gera verkefnið að minnsta kosti að einhverju leyti sjálfbær.“

LOGN á að höfða til þeirra bænda og/eða landeigenda sem hafa áhuga á að stunda náttúruvernd af einhverju tagi á skilgreindu landbúnaðarsvæði og tengdum svæðum samkvæmt skipulagi sveitarfélagsins.

Sigurður Torfi segir að reynsla erlendis frá sýni að verkefni af þessu tagi hafi stutt við byggðir í sveitum, sérstaklega á jaðarsvæðum og svæðum sem hafa verið í samfélagslegri hnignun.

„Þetta hefur helst verið á þann hátt að gert er meira úr verðmætum auðlinda og bændur þar af leiðandi fá herra verð fyrir afurðir en einnig þá skapast oft ný störf og þá oft í kjölfarið aukning í nýliðun eða ætliðaskiptum. Þar sem best hefur



Sigurður Torfi Sigurðsson.

tekist hefur öflugt fræðslu- og kynningarstarf verið unnið samhliða „LOGN“-verkefnum, bæði um náttúruvernd og landbúnað þar sem undirstrikað hefur verið samhengi þessara hugtaka og mikilvægi þeirra beggja.“

Margskonar ábati mögulegur af náttúruverndarstörfum

Umhverfisstyrkir tíðkast annarsstaðar

Í erindi sínu tiltók Sigurður Torfi nokkrar birtingarmyndir náttúruverndar. Friðlýsing er aðferð sem hefur verið notuð í náttúruvernd og þær eru tvö konar; afmörkun landsvæða annars vegar og svo geta þær átt við vistgerðir, vistkerfi og náttúrufrýrbæri hvers konar. Hann nefndi líka nokkra þætti sem bændur gætu haft hag af í náttúruverndarstörfum sínum og möguleg hlutverk. Ábati gæti orðið með beinum styrkjum, tekjur gætu skapast beint af friðuninni, bændum gæti verið falin umsjónarstörf friðlýstra svæða og tekjur gætu komið sem afleiðing af friðuninni. Þá gæti skapast sérstaða og tækifæri í kynningar- og markaðsmálum með náttúruverndarstörfum.

Þá nefndi hann nokkur óefnisleg verðmæti sem geta hlotist af náttúruverndarstörfum; huglægur ábati, hugsjónir og stolt og bætt líffskilyrði.

Hann sagði að ýmis verkefni væru í gangi hér á landi, þar sem bændur vinna í samstarfi við opinberar stofnanir í þágu náttúruverndar, en víða erlendis væri komin talsverð meiri reynsla á samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar. Þar tíðkast til að mynda í nokkrum mæli að bændum séu greiddir umhverfisstyrkir sem eiga að stuðla að bættri umgengni við náttúru, verndun og viðhaldi á lífbreytileika og búsvæðum.

„Við erum búin að eiga samtöl við bændur, stóðum fyrir kynningar- og vinnufundum í apríl og þessa daga er ég að keyra á milli bænda og taka viðtöl til að reyna að fanga það sem er sameiginlegt en einnig til að leita að hugmyndum. Úr þessum upplýsingum komum við til með að vinna tillögur að stefnu og leiðum í þessu verkefni,“ segir Sigurður Torfi um næstu skref verkefnisins. /smh

Framræst votlendi á Íslandi losar mest af kolefni á Norðurlöndunum samkvæmt skýrslum IPCC:

Skortur á gögnum gefur mögulega villandi mynd

— segir tilraunastjóri við Landbúnaðarháskóla Íslands

Póroddur Sveinsson, tilraunastjóri og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbHI), hélt erindi á ráðunautafundi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og LbHI á dögunum þar sem hann bar saman losunargildi kolefnis úr framræstu landi á Íslandi við önnur norðlæg lönd samkvæmt landsskýrslum vísindanefnda (NIR) sem unnar eru eftir regluverki vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum (IPCC). Í máli Pórodds kom fram að brýnt væri að Ísland aflaði sér eigin haldbærra vísindalegra gagna til að minnka óvissu um losun gróðurhúsalofttegunda á framræstu landi.

IPCC landnýtingarflokkarnir sem hann skoðaði voru annars vegar akurlendi (Crop land) og graslendi (Grassland). Skilgreiningar á þessum landnýtingarflokkum eru þó ólíkar á milli Íslands annars vegar og hinna Norðurlandanna hins vegar sem gerir samanburðinn erfiðan. Til dæmis eru öll tún á Íslandi flokkuð með akurlendi á meðan einungis tún í reglulegum sáðskiptum eru í þessum flokki á hinum Norðurlöndunum. Í flokknum graslendi á hinum Norðurlöndunum eru síðan einungis graslendi (tún) sem nýtt eru í landbúnaði og þá aðallega til sláttar og/eða beitar en eru ekkert eða óreglulega endurunnin, líkt og er raunin með flest íslensk tún. Að mati Pórodds ætti stór hluti íslenskra túna að vera í IPCC flokki graslendis í stað akurlendis ef samræmis væri gætt.

Skortur á gögnum gefur mögulega villandi mynd

Samkvæmt IPCC er akurlendi á Íslandi um 120 þúsund hektarar, þar af um 54 þúsund hektarar (45 prósent) á framræstu landi og graslendi um 5 milljón hektarar, þar af 320 þúsund hektarar (6 prósent) á framræstu landi. Póroddur sagði að jarðveginum



Póroddur Sveinsson flytur erindi sitt á Hvanneyri.

í þessum landnýtingarflokkum IPCC væri einungis skipt upp í tvær jarðvegsgerðir. Annars vegar lífrænan jarðveg sem losar mikið kolefni í andrúmsloftið og hins vegar steinefnajarðveg sem telst vera nánast kolefnishlutlaus, það er hvorki bindur eða losar kolefni.

„Á Íslandi er allt framræst land flokkað með lífrænan jarðveg vegna skorts á upplýsingum um hlut einstakra jarðvegsgerða á framræstu landi. Það hefur þó verið áætlað að meira en fjórðungur votlendis sé með steinefnajarðveg. Hins vegar hefur ekki verið áætlað hversu stór hluti framræsts votlendis hefur steinefnajarðveg þó vitað sé að hann er verulegur. Framræst land með steinefnajarðveg er svo til kolefnishlutlaust samkvæmt IPCC. Bara þess

vegna er ekki ólíklegt að heildarlosun kolefnis vegna framræslu hér á landi sé ofmetin,“ segir Póroddur.

Hann bendir á að samkvæmt NIR skýrslum sé kolefnislosun í akurlendi frá lífrænum jarðvegi mest í Noregi og á Íslandi af þeim norðlægum löndum sem voru borin saman, eða 7,9 tonn kolefnis af hverjum hektara árlega.

Í öðrum löndum (Svíþjóð, Finnlandi, Kanada og Rússlandi) er losunin umtalsvert minni, eða frá 5,0-6,6 tonn kolefnis á hektara. Í sömu skýrslum er kolefnislosun í graslendi frá lífrænum jarðvegi hins vegar mest á Íslandi, eða 5,7 tonn kolefnis á hektara samanborið við Finnland, Svíþjóð og Noreg þar sem losunin í þessum flokki er metin 1,9–3,6 tonn kolefnis á hektara.

Engar losunarrannsóknir


„Engar losunarrannsóknir hafa verið gerðar í framræstu akurlendi á Íslandi en rannsóknir á graslendi (utan túna) eru nokkrar en takmarkaðar. Þess vegna er notast við IPCC sjálfgildi (default) sem eru með mjög há uppgefin öryggismörk (skekkiþörmörk). Hin Norðurlöndin nota að stórum hluta losunargildi sem byggð eru á eigin rannsóknum og mælingum. Þau losunargildi eru yfirleitt lægri en sjálfgildi IPCC,“ segir Póroddur.

Brýnt að afla sé vísindalegra gagna

Í erindi sínu á Hvanneyri lagði Þór-

oddur til að Landbúnaðarháskóli Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins færu í samstarf um að afla vísindalegra gagna með því að kortleggja og skipuleggja jarðvegsgerðir í framræstu ræktunarlendi. Valið yrði með slembiúrtaki framræst land af öllu landinu, þar sem tekin yrðu 30 sentimetra jarðvegsýni sem öll yrðu rúmþyngdarmæld til að ákvarða kolefnishlutfallið í jarðveginum.

Úrtakið úr sýnunum yrði svo notað til að efnagreina jarðvegin fyrir aðhvarfsjöfnur og samtímis yrðu gerðar öndunarmælingar á völdum stöðum. Fyrr væri í raun ekki hægt að meta með nokkurri vissu hvað framræst land á Íslandi losar mikið kolefni. /smh



UTAN ÚR HEIMI



Sonny Perdue, landbúnaðarráðgjafi Bandaríkjanna í stjórn Trump, hefur lýst yfir efasemdum um áhrif loftslagsbreytinga og dregið verulega úr fjárveitingum til rannsókna á áhrifum þeirra á landbúnað í Bandaríkjunum.

Landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna: Hættir að birta rannsóknaniðurstöður um loftslagsbreytingar

Samkvæmt því sem segir á heimasíðu Politico hefur Trump-stjórnin hætt að fjármagna rannsóknir og útgáfu rannsóknaniðurstaðna sem sýna að loftslagsbreytingar og hækkun loftslagsþita á jörðinni geti haft skaðleg áhrif á uppskeru og heilsufar. Fjöldi rannsóknaniðurstaðna hefur verið stungið ofan í skúffu.

Samkvæmt því sem segir í frétt vefritsins Politico hefur stjórn Trump þegar neitað og komið í veg fyrir útgáfu á fjölda ríkisfjármagnaðra rannsóknaniðurstaðna sem vara við skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga. Rannsóknirnar sem um ræðir eru unnar af vísindamönnum á vegum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna og því í eigu ráðuneytisins.

Aukinn koltvísýringur dregur úr heilnæmi plantna

Skýrslurnar sem um ræðir fjalla meðal annars um minnkandi magn næringarefna í hrísgrjónum og öðrum nytjaplöntum vegna hækkandi magns koltvísýringis í andrúmslofti. Slíkur samdráttur í næringarefnum er talinn munu hafa neikvæð áhrif á heilsu hundruð milljóna manna um allan heim og þá sérstaklega þeirra 600 milljóna sem reíða sig á hrísgrjón sem daglega fæðu.

Aukinn koltvísýringur í andrúmslofti hefur einnig neikvæð áhrif á næringargildi fóðurjurta sem aftur hefur áhrif á vöxt búfjár og leiðir til aukinnar notkunar á fóðurbæti.

Vilja koma í veg fyrir fjölmiðlaumfjöllun

Samkvæmt heimildum Politico eru allar rannsóknaniðurstöðurnar sem um ræðir ritryndar af virtum vísindamönnum. Einnig er bent á að þrátt fyrir að sumar rannsóknirnar hafi ekki verið gerðar til að skoða áhrif loftslagsbreytinga hafi þær samt sem áður haft áhrif á niðurstöðurnar og sýnt fram á ótvíræð og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga. Er þar meðal annars átt við þætti eins og hækkandi hitastig og breytingar á veðri.

Tilgangur stjórnar Trump, samkvæmt því sem vísindamenn sem hlut eiga að máli segja, er að koma í veg fyrir að fjölmiðlar fjalli um rannsóknaniðurstöðurnar og uppvísi almenning um innihald þeirra og raunverulega stöðu loftslagsmála og hættur sem af þeim stafa.

Vísindamaður við Pennsylvaníu-háskóla, sem vinnur að loftslagsrannsóknum, segir að eini tilgangur þess að birta ekki rannsóknaniðurstöðurnar sé að leyna

raunverulegri stöðu mála fyrir almenningi. Hann segir einnig að það sé almenningur sem líði mest og muni koma til með að taka á sig fullan þunga slæmra áhrifa yfirstandandi loftslagsbreytinga. Máli sínu til stuðnings bendir hann á aukna tíðni óveðra, bráðnun jökla og hækkandi sjávarmál, hitabylgjur, þurrka og skógarelda.

Efast um sannleiksgildi loftslagsbreytinga

Sonny Perdue, landbúnaðarráðgjafi Bandaríkjanna í stjórn Trump, hefur lýst yfir efasemdum um áhrif loftslagsbreytinga og dregið verulega úr fjárveitingum til rannsókna á áhrifum þeirra á landbúnað í Bandaríkjunum.

Mike Pencer, varaforseti Bandaríkjanna, hefur hvað eftir annað neitað að loftslagsbreytingar og áhrif þeirra sé ógn við Bandaríkin og segir á sama tíma að hann byggi skoðun sína á nýjustu rannsóknaniðurstöðum færustu vísindamanna.

Í yfirlýsingu frá landbúnaðarráðuneytinu segir að fyrirbyggjandi rannsóknaniðurstöður verði birtar eftir að þær hafi verið metnar af ráðuneytinu og samþykktar til birtingar.

Bent er á að frá því í janúar 2017 hafi landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna einungis birt opinberlega tvær rannsóknaniðurstöður sem tengjast loftslagsmálum. Niðurstöður beggja voru jákvæðar gagnvart starfsemi tveggja stórra og pólitískt valdamikilla kjötvinnsla.

Niðurstaða annarrar rannsóknarinnar sýndi fram á tiltölulega litla losun koltvísýringis við kjötvinnslu og hin að ef dregið væri úr kjötneyslu af umhverfisástæðum mundi slíkt líklega leiða til útbreiðslu næringarskorts í heiminum.

Starfsmenn fluttir til í starfi

Annað sem vakið hefur athygli í núverandi stefnu landbúnaðarráðherra og virðist vera þversögn er að hann vill nú beina rannsóknum á loftslagsbreytingum í átt að fjárhagslegum áhrifum þeirra, áhrifum á viðskipti og hugsanlegri þörf á útgáfu matarmiða.

Ráðherrann virðist einnig hafa það á stefnuskrá sinni að losa sig við pólitíska andstæðinga Trump sem starfa innan ráðuneytisins með því að flytja þá til í starfi. Oft og tíðum þurfa starfsmenn sem á að flytja til í starfi að flytja sig og sína milli ríkja vilji þeir starfa áfram hjá ráðuneytinu. Margir kjósa því að hætta og leita sér að vinnu annars staðar. *NH*



LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - Niðurstöður ársreiknings 2018

BREYTING Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS		
í milljónum króna	2018	2017
Iðgjöld	807	724
Lífeyrir	-1.618	-1.533
Hreinar fjárfestingartekjur	1.766	2.657
Rekstrarkostnaður	-127	-127
Breyting á hreinni eign	828	1.721
Hrein eign frá fyrra ári	33.153	31.433
Hrein eign til greiðslu lífeyris	33.982	33.153

KENNITÖLUR		
	2018	2017
Nafnávöxtun	5,4%	8,6%
Hrein raunávöxtun	1,7%	5,9%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	3,9%	4,1%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.300	2.295
Fjöldi lífeyrisþega	3.822	3.726
Tryggingafræðileg staða	-9,4%	-7,3%

STJÓRN
Skúli Bjarnason, formaður, Guðrún Lárusdóttir, Sara Lind
Guðbergsdóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Örn Bergsson.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - STÓRHÖFÐA 23 - 110 REYKJAVÍK - Sími 563 1300 - LSB@LSB.IS - WWW.LSB.IS

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK		
í milljónum króna	2018	2017
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	11.835	12.162
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	21.011	19.549
Skammtímakröfur og ýmsar eignir	207	192
Handbært fé og ýmsar eignir	948	1.273
Eignir alls	34.000	33.176
Skuldir	18	22
Hrein eign til greiðslu lífeyris	33.982	33.153

ÁRSFUNDUR 2019
 Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður föstudaginn 28. júní nk. kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.
 Dagskrá: Venjuleg ársfundastörf.
 Stjórnarkjör skv. samþykktum.
 Önnur mál.
 Sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.
 Stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Frankvæmdastjóri: Ólafur K. Ólafsson

Hótelrúmföt og handklæði fyrir ferðabjónustuna

Allt lín fyrir:
 Hótelíð • Gistiheimilið • Bændagistinguna
 Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
 Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður fyrir hótél og veitingahús

Eigum allt fyrir:

- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann

86 ára

EDDA HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 561 9200 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is

HJÓÐDEYFAR

SAVAGE ARMS

Savage Model 10/110 Stealth Evolution

NIELSEN SONIC

Hljóðeyfar í úrvali fyrir flest caliber Sonic 45 var kosinn besti alhliða hljóðdeyfirinn sámkvæmt prófunum í Evrópu

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturröst.is

SKÓGRÆKT & LANDGRÆDSLÁ

Landssamband sænskra skógarbænda:

Skógar binda 83% af árlegri koltvísýringslosun í Svíþjóð

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Flatarmál skóga í Svíþjóð hefur tvöfaldast síðustu hundrað ár og þeir eru enn að vaxa. Í dag binda skógar 83% af árlegri koltvísýringslosun Svíþjóðar. Formaður Landssambands skógarbænda í Svíþjóð segir möguleika á að stunda skógrækt samhliða annars konar landbúnaði á Íslandi mikla.

Lennart Ackzell, formaður Landssambands skógarbænda í Svíþjóð og skógræktarráðgjafi, var staddur hér á landi fyrir skömmu þar sem hann sat meðal annars ráðstefnu á vegum samtaka Norrænna skógarbænda. „Ráðstefnan var haldin á Akureyri og fjallaði um rannsóknir í skógrækt og hvernig á að ráðstafa fé sem Norræna ráðherranefndin úthlutar til rannsókna í skógrækt. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að féð eigi að renna til rannsókna á nytjaskógrækt smærri skógarbænda og bænda sem stunda skógrækt með annars konar búskap.“

Skógar binda mikið magn koltvísýrings

Í Svíþjóð er áætlaður heildarvöxtur trjáa um 120 milljón rúmtonn á ári og skógrækt í landinu hefur tvöfaldast á síðustu hundrað árum. Af því eru nytjuð milli 85 og 90 milljón rúmtonn og skógar því enn í vexti og sá vöxtur bindur um 83% af allri árlegri koltvísýringslosun í Svíþjóð.

„Skógrækt er langbesta og árangursríkasta leiðin sem til er til að binda koltvísýring og um leið besta



Lennart Ackzell, formaður landsambands skógarbænda í Svíþjóð og Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda. Mynd / HKr.

leiðin til að draga úr hlýnun jarðar vegna loftslagsbreytinga.

Svíþjóð er gamalt skógræktarland og í dag njótum við þess þegar kemur að bindingu koltvísýrings. Tré sem sjá um bindinguna var ekki plantað með það í huga heldur til

að framleiða timbur og tryggja afkomu bænda, fjölskyldna þeirra og afkomenda.“

Lennart segir að nýting á skógarafurðum sé alltaf að aukast í Svíþjóð. „Sífelld færast í aukana að byggð séu hús úr timbri, timbur er



Skógar þekja um 28 milljónir hektara, eða um 69% landsins.

notað til að búa til plast, til hitunar og smíðaðir eru úr því nytjahlutir eins og gert var fyrr á tímum og það dregur úr notkun á efnum sem unnin eru úr jarðefnaolíu og lækkar um leið kolefnisspor landsins.“

Tvenns konar samtök skógarbænda

Að sögn Lennart tilheyrja skógarbændur í Svíþjóð yfirleitt tveimur samtökum. Annars vegar eru það Landssamtök skógareigenda sem eru hluti af sænsku bændasamtökunum og svipað því sem er á Íslandi. Hins vegar eru þeir hluti af sölusamtökum skógarbænda.

„Í dag eru um 150 þúsund bændur meðlimir í Landssamtökum skógareigenda í Svíþjóð og skiptast þeir á milli fjögurra sölusamtaka.“ Lennart segir að verkefni Landssamtaka skógareigenda sé að stórum hluta pólitísk stefnumörkun og ráðgjöf til einstakra bænda og sölusamtakanna en sölusamtökin sjái um viðskiptahlöðina.

Ólíkar aðstæður til skógræktar

Lennart segir aðstæður til skógræktar á Íslandi og í Svíþjóð mjög ólíkar. „Á Íslandi er skógrækt á byrjunarstigi eða felst í endurheimt skóga og mér sýnist hvort tveggja vera unnið af metnaði og stórhug. Skógrækt á Íslandi í dag fer að mestu fram á skóglausu landi en þar sem skógar eru fyrir í Svíþjóð erum við að endurplanta trjám í land sem þegar hefur verið nytjað til skógræktar.“

Eftir að timbrið úr skógræktinni í Svíþjóð er nýtt er hluti hagnaðarinn notaður til að endurplanta trjám fyrir næstu uppskeru. Á Íslandi þurfa bændur í dag aftur á móti að leggja fram fé til að planta út trjám og bíða í tugi ára þar til hægt verður að nytja skóginn. Skógrækt á Íslandi er því langtímafjárfesting og því ekkert óeðlilegt við að stjórnvöld leggi til fjárhagslegan stuðning til að koma framleiðslunni af stað.

Slíkan stuðning er að finna um alla Evrópu, til dæmis á Írlandi og Spáni, þar sem gamalt beitarrand,

Hjá okkur
færðu allt fyrir
háþrýstipvottinn

Skeifunni 3h
Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



wpl
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Samkvæmt vefsíðu SkogsSverige hafa um 60.000 manns beina atvinnu af skógaríðnaði og yfir 300.000 einstaklingar eru eigendur að skógum í landinu. Þá skapa skógarnir stóran hluta af útflutningstekjum Svía.

akra og óræktarland er tekið undir skógrækt. Stuðningurinn sem um ræðir getur komið frá stjórnvöldum í viðkomandi landi eða úr sjóðum Evrópusambandsins.“

Miklir möguleikar til skógræktar á Íslandi

„Þegar kemur að skógrækt á Íslandi segist Lennart hafa séð mjöð álitlega skógrækt í kringum Akureyri og við Húsavík. Þetta er að stórum hluta lerki og aðrar tegundir með og miðað við allt það land sem er á Íslandi ætti að vera hægt að rækta hér stóra og mikla nytjaskóga.“

Á Íslandi eru einnig möguleikar til að stunda skógrækt samhliða annars konar landbúnaði, bæði búfjárrækt og jarðyrkju. Landgæði aukast samhliða aukinni skógrækt og um leið möguleikarnir sem landið býður upp á. Samhliða skógrækt má beita búfé á svokallaða hagaskóga og trén veita aukni skjól til matjurtaræktar og á sama



Ungt lerki í nýskógrækt.

tíma binda tré koltvísýring úr andrúmsloftinu. Kostir skógræktar eru því ótvíræðir,“ segir Lennart Ackzell, formaður Landsambands skógarbænda í Svíþjóð, að lokum.

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA



Þór Þorsteinsson (t.v.), formaður Slysavarnafélags Íslands, og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, tóku sig vel út við gróðursetningu birkiplöntanna í Áramótaskógi í Ölfusi á dögunum.

Mynd / Landsbjörg

Björgunarsveitarmenn gróðursettu 7.500 plöntur við Þorlákshöfn

Nýlega komu saman stór hópur björgunarsveitarmanna í Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fjölskyldur þeirra á svæði við Þorlákshöfn.

Þar gróðursettu þeir um helming af þeim 15.000 birkiplöntum sem

seldust í áttakinu „Skjótum rótum“ um síðustu áramót. Gróðursetningin markaði upphaf að nýjum skógi í Ölfusi og hefur fengið nafnið Áramótaskógur. Verkefnið er unnið í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands. /MHH

Bændablaðið
Kemur næst út
11. júlí



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURÐIR

www.ishurdir.is

564-0013 | 865-1237

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Fyrstu trén komin í fyrirhugaðan hundrað og fimmtíu trjáa aldingarð á Sólheimum:

Ræktuð verða lífrænt vottuð epli í úrvalsflokki

– Reiknað með að uppskeran verði tvö til þrjú tonn árlega af ávöxtum og verður hluti af aukinni matjurtaræktun á staðnum

Skógræktarstöðin Ölur á Sólheimum fékk nýverið milljón króna styrk úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til eplatrjáaræktar á Sólheimum. Guðmundur Steinsson, deildarstjóri Ölurs, segir að hugmyndin sé að rækta nálægt 150 epla- og ávaxtatré í tæplega 700 fermetra gróðurhúsi sem stendur milli Ölurs og garðyrkjustöðvarinnar Sunnu.

„Ég sé fyrir mér að verkefnið nái til tveggja til þriggja ára og það er meiningin að þá verði búið að fylla þetta hús af ávaxtatrjám – aðallega eplum, en líka perum og plómum. Það væri jafnvel gaman að prófa eitthvað alveg nýtt eins og appelsínutré,“ segir Guðmundur, sem tók við starfi deildarstjóra Ölurs í febrúar. Hann bætir við að áður hafi húsið verið notað fyrir uppeldi trjáplantna en þjóni nú ýmiss konar tilraunastarfsemi í matjurtaræktun. Þar eru einnig ræktaðar jurtir sem síðan eru notaðar við sápugetu og húðvörur sem framleiddar eru á Sólheimum.

Markmiðið að rækta ávexti í úrvalsflokki

„Markmiðið er í raun tvíþætt hjá okkur; í fyrsta lagi felst í þessu verkefni eitthvað sem hefur aldrei verið gert hér á Íslandi – og örugglega þótt víðar væri leitað – að gera aldingarð í svona stóru gróðurhúsi og síðan en ekki síst að framleiða ávexti í algjörum úrvalsflokki sem væru lífrænt vottaðir.

Ég ímynda mér að við gætum fengið út úr þessu húsi um tvö til þrjú tonn árlega, sem væri auðvitað ekki nærri nóg til að metta neinn markað en þetta gæti verið gott innlegg og fin fyrirmynd fyrir aðra og hvatning til að gera svipaða hluti. Avextirnir yrðu þá bara seldir í áskrift héðan.

Vextinum stýrt

Að sögn Guðmundar er ekki þörf á svo miklu rými fyrir plönturnar og tveggja metra lofthæð er alveg næg. „Þetta verður stýrt ræktun, plönturnar mótaðar og klipptar eins og þörf er á. Svo snýst þetta um að stilla af áburðargjöf, vökvun og stýra hitastigi eins og hægt er. Gróðurhúsið er hægt að hita þegar þess þarf og einnig að skrufa fyrir hita og opna glugga, hliðar og gaffla þegar heitt er í veðri og sól skín. Það er örflít óvissa með þau tímabil ef ekki verður nógu kalt á vetrum til að plönturnar fá sína vetrarhvíld.



Hugmyndir Guðmundar Steinssonar fela í sér að á næstu tveimur til þremur árum fyllist þetta gróðurhús af ávaxtatrjám.

Myndir / smh



Guðmundur kíkir á fyrstu fullproskuðu plómurnar.

Á móti kemur að við losnum örugglega við þær umhley핑ar sem geta leikið ávaxtatré mjög grátt.

Ég hef Jón Guðmundsson á Akranesi mér til halds og trausts – til að velja yrki og veita ráðgjöf, en hann er auðvitað mjög vel kunnur fyrir þekkingu sína á eplarækt og

öðrum ávaxtatrjám. Fyrstu trén eru komin og ég vonast til að geta fengið Jón hingað til mín til að fara yfir málin.“

Matjurtaræktun verður aukin

Starfsemin hjá Ölri hefur verið í lægð á síðustu árum, en landið er að rísa



Vexti og hæð eplatrjána verður stýrt, en það á ekki að draga úr framleiðslunni.

og sér Guðmundur fram á betri tíð. „Við gerðum nýlega samning við Skógræktina til tveggja ára um að framleiða 50 þúsund aspir á ári hér í landi Sólheima. Svo reikna ég með frekara samstarfi við garðyrkjustöðina Sunnu, um aukna breidd í matjurtaræktuninni, þannig að hér verði almennileg ætigarðar.

Við erum þegar byrjuð á þessari útvíkkun hér hjá Ölri; til dæmis í ræktun jarðarberja og á kuldapöllum sjaldgæfum tómatarkjum í köldum gróðurhúsum hér hjá okkur.

Einnig ætlum við að vera með ýmsar rófuteindir, kál og salat í útiræktun svo ég nefni dæmi.“ /smh

Græna kannan á Sólheimum:

Er nú vandaður veitingastaður fyrir íbúa og gesti

Fyrir um ári síðan fluttist mótuneytið fyrir íbúa Sólheima í endurbætt húsnæði Grænu könnunnar, um leið og viðbygging við gamla húsið var formlega opnuð. Í eldri hluta hússins er Græna kannan enn starfrækt en hefur aukid umfang starfseminnar og er nú einnig vandaður heimilismat í hádeginu fyrir gesti og gangandi, auk þess sem þar er áfram rekið kaffihús. Í nýbyggingunni er verslunin Vala, rúmgóður sýningarsalur með listagallerí ásamt setustofu. Matreiðslumaðurinn Leifur Sveinn Ársællsson kom á Sólheima í maí í fyrria og flutti mótuneytið niður í húsnæði Grænu könnunnar og unir hag sínum vel á nýja staðnum.

„Ég var einn og hálfan mánuð í Vigdísarhúsi með eldhúsið þar áður en við fluttum. Aðalástæða flutninganna var sú að brekkan hérna

upp frá byggðinni að Vigdísarhúsi er nokkuð brött og getur verið erfið fyrir fótgangandi á veturna. Hér er auðvelt aðgengi og komast allir vel fyrir og það er opið frá tólf til sex. Við erum með hádegismat hér virka daga og yfir daginn seljum við kaffi, beyglur, kökur og sykurlausan ís.

Yfir daginn erum við líka með lífræna tómatsúpu ásamt nýbökðu brauði, sem hefur fallið vel í kramið hjá ferðafólki. Allt grænmeti sem er notað í Grænu könnunni er lífrænt ræktað og kemur úr garðyrkjustöðinni okkar, Sunnu,“ segir Leifur.

Fyrsta flokks hráefni

Að sögn Leifs er töluverð aukning í aðsókn í hádegismatinn og á kaffihúsið á Sólheimum, þar sé að skila sér mikill metnaður í eldhúsinu og unnið sé með fyrsta flokks hráefni frá Sólheimum. „Ég held að það sé



Leifur Sveinn á Grænu könnunni með páfagaukinn Emmu á öxlinni.

ekkert á margra vitorði að það sé hér opið fyrir hádegismat alla virka daga, þar sem mikill metnaður er og gæði. Við höfum heldur ekki verið að auglýsa þetta neitt, þannig að afsþurn skilar sér í aukningu. Við erum hins vegar með allt til alls hér á svæðinu sem ætti að geta höfðað

til fólks að koma hingað til að njóta matar og umhverfis. Við erum til dæmis með gistiheimili hér og 200 manna veislusal.

Við njótum þess að vera með þetta hreina og góða hráefni sem er framleitt hér á staðnum og það verður að segjast eins og er að það er draumur

hvers kokks að vinna með slík gæði. Við erum með þennan hefðbundna heimilismat sem við reynum þó að lyfta upp á næsta stig. Við erum alltaf með tvo rétti í boði í hverju hádegi, annaðhvort fisk eða kjötrét, og svo alltaf grænmetisrétt og salatbar.

Það má segja til marks um þann metnað sem er á Grænu könnunni að þegar blaðamaður var þar staddur í hádeginu á dögunum hitti hann þar fyrir Dóru Svavarsdóttur matreiðslumeistara sem stóð yfir pottunum. Hún er kunn sem eigandi Culina – sem rak veisluþjónustu og stendur fyrir matreiðslunámskeiðahaldi – auk þess sem hún hefur verið virk í starfi Slow Food Reykjavík. Hún ætlar að elda á Grænu könnunni í sumar við hlið Leifs og koma matvinnslunni aftur af stað og búa til chutney, sultur og gómsætar kökur sem hægt verður að kaupa í versluninni Völu. /smh



Jón Þróstur með nokkra formfagra og litskrúðuga kúrbíta.

Mynd / smh

Sunna framleiðir um 27 tonn af grænmeti á ári: Selst alltaf allt

– utan þess hlutar sem fer í þeirra eigin matseld

Margir þeir sem kunna að meta góða tómata þekkja afurðirnar frá Garðyrkjustöðinni Sunnu á Sólheimum. Um 27 tonn grænmetis er framleitt þar á hverju ári og fer framleiðslan á almennan markað en er líka afar mikilvægt hráefni inn í rekstur eldhúss Grænu könnunnar á Sólheimum sem þjónar bæði sem mótuneyti fyrir þorpsbúana og er fyrsta flokks veitingastaður fyrir gesti. Þá leggur Sunna einnig til hráefni fyrir matvælaframleiðsluna sem er starfrækt í gegnum Grænu könnuna og er afraksturinn seldur á staðnum.

„Það skiptir miklu máli að hafa sólna fyrir stöð eins og okkar sem ekki er með lýsingu nema fyrir uppeldisplönturnar,“ segir Jón Þróstur Ólafsson, deildarstjóri Sunnu, um hvaða áhrif það hafi fyrir þeirra framleiðslu að hafa svo sólríkt vor og sumar. „Við þurfum þá bara að vökva aðeins meira og það er allt í lagi. Eina vandamálið er hvað það er erfitt að vinna í þessum hita, en þetta er gott fyrir tómata og framleiðsluna. Það þroskast allt miklu hraðar núna miðað við í fyrra.“

Ræktunarferillinn frá janúar og út október

Við erum með lífrænt vottaða ræktun hér og plönturnar standa í jarðveginum sjálfum en ekki í pottum. Það er ekki leyft að gefa þeim tilbúinn áburð þannig að okkar næringargjöf samanstendur af fiskimjöli, þörungamjöli og fljótandi sykkureyr líka.

Það má segja að ræktunartímabilið hefjist um miðjan janúar, en þá byrjun við að sá og þrífum húsin. Setjum hrossaskít og þörungamjöl í ræktunarsvæðin og tætum það saman við jarðvegin. Einum og hálfum mánuði síðar er hægt að planta út í húsin þar sem plöntunum er ætlað að standa. Þetta er gert þannig í nokkrum hollum og uppeldisplöntunum er þannig raðað í vaxtarhúsin koll af kolli. Við fáum uppskeru frá maí og út október að meðaltali.

Við höfum verið með mest af tómötum; kirsberjatómata, konfektótómata, bufftómata og hefðbundna tómata. Af öðru grænmeti má nefna nokkur kúrbítsyrki, papriku, eggaldin og gúrku – og ég hef leikið mér talsvert með afbrigði af þessum tegundum, til dæmis í litum og lögum.

Í söluöskjunum frá Sólheimum, sem er að finna í verslunum, er ýmsum tómatayrkjum gjarnan blandað saman. „Já, við erum frekar nýlega farin að gera þetta. Ég sá þetta á ferðum mínum um Holland og fannst upplagt að prófa þetta hérna. Það hentar betur til dæmis fyrir smærri fjölskyldur og einstaklinga, sem þurfa ekki mikið magn af hverri sort,“ segir Jón Þróstur, en mest af vörum fer í Bónusverslanir á Selfossi og í Hveragerði. Öllu er pakkað beint frá Sólheimum, að hluta til í nýlegri þökkunarvél sem sérmerkir vörurnar Sunnu. Grænmeti frá Sunnu fæst líka í versluninni Völu, sem nú er undir sama þaki og Græna kannan.

Selst alltaf allt frá okkur

Jón Þróstur kom til starfa hjá Sunnu fyrir rúmum tveimur árum og hann finnur meðbyr með lífrænt vottuðum afurðum þó að ekki fjölgi í stétt slíkra ræktenda. „Já, ég finn að það er sífellt meira sótt í þessar vörur og þær fá góðan hljómgrunn. Það selst alltaf allt frá okkur. Ég veit svo sem ekki hvað veldur því að svo fáir fara út í að ná sér í vottun, en það er alltaf ákveðin áskorun að fara úr í slíka ræktun og hún gerir mönnum ekkert endilega auðveldara fyrir.“

Ég þekki það sjálfur, þar sem ég hafði ekki stundað lífræna ræktun áður og ekki ræktað matjurtir. Ég hafði komið nálægt flestum öðrum sviðum garðyrkju áður en ég tók við Sunnu; skrudgarðyrkju, afskornum blómum, pottablómum. Ég get samt sagt að þegar ég var orðinn öruggur í ræktuninni þá var þetta bara ekkert síðra en annað – og er í raun mjög gefandi og skemmtilegt að rækta svo vandaðar matjurtir eins og við gerum hér.“ /smh

Vinnufatnaður frá



Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



ÍSSELL

Ísfell ehf, Öseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Rúlluplast - Rúllunet - Stæðuplast

PolyStretch

Litur: Grænt
Styrkur 25 mμ
UV stability: 12 mán.
Stærð: 0,75*1.500m
Verð án vsk: Kr. 10.900,-



Lavanda

Litur: Fjólublátt
Styrkur 25 mμ
UV stability: 12 mán.
Stærð: 0,75*1.500m
Verð án vsk: Kr. 10.900,-



Polywrap rúllunet
1,23*3000



Rúllubindigarn/
Stórbaggagarn



Stæðuplast/
Undirplast
10*50 - 12*50
14*50 - 16*50
18*50 - 20*50
Stæðuplastið er svart/hvitt 150 mμ
Undirplastið er transparent 40 mμ



Rúllutape



Josera.
we care, you grow

“Ég finn mikinn mun á lystugleika á þeim rúllum sem hafa Josilac Classic.”
Reynir Sverrir Sverrisson
Bringu

JOSILAC íblöndunarefni

Eykur fóðurgæði - Betri inntaka - Meiri meltanleiki
Heilbrigðari kýr - Betri afkoma

Meiri upplýsingar á www.josilac.com

LANDSTÓLPI


Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600
Opíó allra virka daga kl. 8 - 17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610
Opíó allra virka daga kl. 9 - 17

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!



Nýleg þökkunarvél merkir vörurnar Sunnu á hagkvæman hátt.



UTAN ÚR HEIMI



Caterpillar trónir á toppnum sem þekktasta og öflugasta merkið í vinnuvélabransanum. Hér er stærsta jarðyta fyrirtækisins, CAT 11D.

Caterpillar trónir á toppnum sem öflugasta merkið: Um 230 milljarða dollara vinnuvélamarkaður

Búist er við að markaður fyrir stórar vinnuvélar í heiminum verði kominn í 230,9 milljarða dollara á árinu 2020 og hafi þá vaxið úr 181,6 milljörðum dollara árið 2016. Það gerir um 6,2% árlegan vöxt á þessum fjórum árum.

Er þetta að stærstum hluta drifið áfram af mikilli uppbyggingu íbúðar- og iðnaðarhúsnæðis, einkum í Asíu, þ.e. Kína, Indlandi og í Malasíu.

Kínverjar hafa um árabil verið öflugastir í framleiðslu þungavinnuvéla hvað fjölda véla áhrærir. Er því spáð að Kínverjar verði með um 40% hlutdeild á vélasölu markaðnum fram til 2021. Hafa verður í huga að Kínverjar eru að framleiða margvíslegar vinnuvélar í tengslum við þekktu framleiðendur og í mörgum tilfellum með íhlutum og búnaði sem framleiðdur er með leyfi frá vestrænum fyrirtækjum. Einnig er búist við umtalsverðri söluaukningu véla frá Evrópu og Bandaríkjunum, eða um 3–4% fram til 2020, samkvæmt vefsíðu BizVibe.

Caterpillar á toppnum

Ef skoðuð er staða tíu stærstu og söluhæstu framleiðenda stórra

vinnuvéla í heiminum þá trónir Caterpillar í Bandaríkjunum á toppnum með 45,5 milljarða dollara veltu 2017 og sölu upp á 26,6 milljarða. Hélt Caterpillar stöðunni á heimsmarkaði 2018 sem öflugasta merkið í bransanum.

Komatsu og Hitachi í öðru og þriðja sæti

Komatsu í Japan var í öðru sæti með 19,2 milljarða dollara sölu og Hitachi í Japan var í þriðja sæti með 8,3 milljarða dollara sölu.

Í fjórða sæti kom Volvo í Svíþjóð með sölu upp á 7,8 milljarða dollara. Libherr í Sviss var í fimmta sæti með 7,4 milljarða dollara sölu.

Kínverskir framleiðendur í 6. 8. og 10. sæti

XCMG í Kína var í sjötta sæti og seldi fyrir 7 milljarða dollara. Doosan Infracore í Suður-Kóreu var í sjöunda sæti með 6,2 milljarða dollara sölu. Sany í Kína var í áttunda sæti með 5,9 milljarða dollara sölu. John Deere í Bandaríkjunum var í níunda sæti með 5,7 milljarða dollara sölu og Zoomlion í Kína var í tíunda sæti með sölu upp á 3,6 milljarða dollara. /HKr



Í þróðri ríkjum mun verða aukin notkun á nýrri tækni og fjarstýrdum landbúnaðartækjum til að ná fram aukinni uppskeru af hverjum hektara.

Vaxandi markaður fyrir landbúnaðartæki: Spáð um 9% aukningu í tækjasölu á heimsmarkaði til 2025

Búist er við að heimsmarkaður fyrir landbúnaðartæki muni vaxa um 8,9% fram til ársins 2025 og velti þá um 244,2 milljörðum dollara.

Samkvæmt rannsókn Grand View Research, Inc. (GVR) eru ástæður þessa sagðar aukinn þrýstingur á landbúnaðinn um að auka matvælaframleiðslu vegna fólksfjölgunar í heiminum.

Í þróðri hluta heims hafa bændur í auknum mæli verið að innleiða nýja tækni eins og dróna, rakaskynjara og GPS stýrðar vélar til að ná fram meiri nákvæmni í framleiðslustýringu og auka uppskeru. Dráttarvélaframleiðslan stendur á bak við um fjórðung veltunnar í dag og búist er við að svo muni verða áfram. Samt er búist við að mikil aukning verði í sölu uppskeruvéla af ýmsu tagi og muni vaxa um 10% frá 2019 til 2025.

Þá gera framleiðendur líka ráð fyrir stóru aukningu í tækjabúnaði í ríkjum eins og Indlandi, Kína og Brasilíu vegna aukinna umsvifa í landbúnaði. Búist er við að markaður fyrir landbúnaðartæki í Asíu vaxi um 9% fram til 2025.

Tækjaframleiðendur sjá þó ekki tóma hamingju framundan, því samfara aukinni eftirspurn er víða verið að glíma við efnahagsvanda og erfiðleika við að fjármagna dýr landbúnaðartæki.

Fáir stórir framleiðendur eru leiðandi á heimsmarkaði samkvæmt úttekt GVR. Þar eru nöfn eins og John Deere, ACCO samsteypan, Mahindra & Mahindra, CNH Industrial N.V., Iseki & Co og Kubota. Mörg þessara fyrirtækja séu að fjárfesta grímt í tækniþekkingu í því augnamiði að styrkja stöðu sína á markaði. /HKr



CASE Tetra hjólaskófla er með 6 strokka NEF gasmotor [náttúrugas – NG] frá FPT industrial.

Myndir / CASE

CASE Tetra – fyrsta metanknúna hjólaskóflan í heiminum

Fyrsta metanknúna þungavinnuvél í heimi var kynnt á Bauma 2019 vinnuvélasýningunni í München í Þýskalandi í apríl. Þetta er CASE Tetra hjólaskófla sem er með 6 strokka NEF gasmotor [náttúrugas – NG] frá FPT industrial. Skilar hann 230 hestöflum og tugi upp á 1.184 Newtonmetra [Nm]. Það er sami togkraftur og er í CASE 821G hjólaskóflunni.

Þessi frumgerð er fyrsta gasknúna vélin frá vinnuvélaframleiðandanum CACE. Mótörinn er að grunni til dísilsmótor en í gasútfærslunni er hann mun hljóðlátari og með mýkri gang. Þá er hann sagður eyða um 30% minna eldsneyti en sambærilegur dísilsknúinn mótör.



Mun minni loftmengun

Mótörinn gengur á þjöppuðu gasi [Compressed Natural Gas – CNG] sem skilar 15% minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en dísilsmótor og 99% minni sótögnum.

Mótörinn er með fjölinnsprautun og sérhönnuðum stimplum til að tryggja rétt jafnvægi gass og loftblöndunar við allar aðstæður. Það á jafnframt að tryggja mjög hreinan bruna. Samkvæmt tímaritinu OEM er gasknúna hjólaskóflan frá CASE 10–30% ódýrari í rekstri en hefðbundin dísilsknúin vél. Þá er háþróaður kveikibúnaður sagður valda mun minni titringi í mótör en



Útlitið spillir ekki fyrir.



Vinnuaðstaðan er ekki dónaleg.

áður hefur þekkt. Hávaði frá vélinni í vinnslu er sagður 50% minni en í hefðbundinni vél. Hann á að standast alla nýjustu mengunarstaðla eins og Euro VI og Stage V.

Með 40 ára reynslu í smíði gasmótora

FPT industrial hefur yfir 40 ára reynslu af að framleiða gasknúna mótora í trukka og hefur framleitt yfir 40.000 slíka mótora. Þar hafa

verið í boði mótora á bilinu 136–460 hestöfl. Geta mótora þessi bæði gengið á þjöppuðu CNG gasi og fljóandi gasi eða LNG. Þá er einnig hægt að nota lífrænt metangas á vélarnar [Biomethane]. Stefnt er að því að draga enn frekar ú losun á koltvísýringi frá mótörum FPT eða niður undir 0.


FPT industrial hefur einnig skaffað mótora í dráttarvélar, m.a. í frumgerð af New Holland metanknúna traktörum sem kynntur var 2013.

Um 95% minna af CO₂ með lífgasi

Samkvæmt upplýsingum frá CASE skilar Tetra vélin 95% minna af koltvísýringi [CO₂] en dísilsknúin vél þegar keyrt er á lífgasi [Biomethane]. Þá skilar hún um 90% minna af niturdíoxíði og 99% minni sótögnum en dísilsknúin vél. Í heild er dregið úr loftmengun um 80% miðað við sambærilega vél með dísilsmótor.

CASE er framleiddur af CNH iðnaðarsamsteypanni sem framleiðir líka New Holland. Samsteypan framleiðir einnig IVECO trukka, vinnubíla og rútur og eru um 28.000 slík ökutæki nú knúin metangasi.

/HKr



CASE Tetra á að vera 15–30% ódýrari í rekstri.



Drangaskörð.

Mynd / HKr.

Drangar á Ströndum:

Áform um friðlýsingu

Umhverfisstofnun, ásamt landeigendum og sveitarfélaginu Árneshreppi, hafa kynnt áform um friðlýsingu jarðarinnar Dranga á Ströndum sem óbyggð víðerni.

Áform um friðlýsingu eru kynnt í samræmi við málsmeðferð 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár séu kynnt sérstaklega. Í kjölfar kynningar-tímans munu fulltrúar Umhverfisstofnunar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, landeigenda og Árneshrepps vinna drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir réttihafa lands og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Fyrirhuguð friðlýsing mun að lokum verða auglýst opinberlega í þrjá mánuði og öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við framlagða tillögu.

Vilja viðhalda sérkennum svæðisins

Friðlýsingin miðar að því að varðveita einkenni svæðisins, viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi sem og víðsýni, vernda heildstæð stór vistkerfi og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið einveru og náttúru svæðisins án truflunar af umfangsmiklum mannvirkjum og umferð vélknúinna farartækja. Einnig miðar friðlýsingin að því að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess. Í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að kveða nánar á um takmarkanir sem leiða af friðlýsingunni, meðal annars á umferðarrétti, notkun

veiðiréttar og framkvæmdum. Þá er jafnframt heimilt að kveða á um að afla skuli leyfis Umhverfisstofnunar til athafna og framkvæmda sem áhrif geta haft á verndargildi viðkomandi svæðis.

Landnámsjörð

Jörðin Drangar er yfir 100 km² að flatarmáli og nær frá hábungu Drangajökuls að sjó á milli Bjarnarfjarðar og Drangavíkur. Drangar eru landnámsjörð, þar nam land Þorvaldur Ásvaldsson, hans sonur var Eiríkur rauði er flutti síðar til Grænlands, en sonur hans var Leifur heppni. Eiríkur bjó á Dröngum eftir föður sinn og færa má líkur að því að þar hafi Leifur sonur hans fæðst. Land jarðarinnar er að langmestu leyti óbyggð víðerni. Landslag er tilkomumikið, jarðfræði fjölbreytileg, gróðurfar sérstakt og náttúruvegurð almennt mikil á svæðinu. Dalir og hvilftir eru grafnar af jöklum ísaldar í almennt einsleitum og mjög reglulegan jarðlagastafla. Á milli basalhraunlaga eru rauðleit setlög, oftast forn jarðvegur að uppruna. Viðernisupplifun er mikil og svæðið nær óraskað. Svæðið er hluti af víðáttumesta, samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum.

Skil á athugasemdum

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 23. ágúst 2019. Athugasemdum má skila hér að neðan, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. /NH

Bókamarkaðurinn á Snæfellsnesi
er opinn föstudaga til sunnudags frá kl. 12 - 18.
Markaðurinn er staðsettur á Borgarbraut 2, Grundarfirði.

Bókamarkaðurinn á Snæfellsnesi - þar sem fjallið ber við himininn



DEUTZ-FAHR 4090E – 88 hö

DEUTZ-FAHR 4090E er rétti traktorinn fyrir þá sem vilja virkilega einfaldar vélar sem alltaf fara í gang.

Hentar vel sem auka traktor eða túnavei á stærri búum eða sem aðalvél á minni búum og hjá tómstundabændum.

DEUTZ-FAHR 4090E hefur slegið í gegn víðs vegar í Evrópu enda á frábæru verði og vél sem hentar vel í öll helstu landbúnaðarstörf

DEUTZ-FAHR 4090E er búinn rúmgöðu sex pósta húsi, miðstöð og fjaðrandi sæti.

DEUTZ-FAHR 4090E er lágbyggður traktor, einungis 2,50m í hæsta punkt á öikumannshúsi, svo vélin kemst nánast alls staðar að.

DEUTZ-FAHR 4090E - 88 hö
Verð frá kr.

Kr. 5.950.000,-^{*)}
án VSK

*) Verð miðast við gengisskráningu á Evru = 142 ISK.

Helsti búnaður:

Mótor: 3 cylindra FARMotion mótor, 88 hö

Girkassi: 5 gíra kassi, hátt og lágt drif og skriðgír.

Mekanískur vengigir

40 km/klst hámarkshraði.

Aflúrtak: 2 hraðar 540/540E

Lyftigeta á beisli: 3.500 kg.

Vökvakerfi: 50 l/mín vökvæðsla. Stýrisdæla 17 l/mín

Vökvatengi: 2 tvívirk vökvartök (4 stútar)

Lyftukrökur

Dekkjastærð 320/70R24 að framan og 480/70R30 að aftan

Til með og án ámoksturstaekja.



ÞÓR H F

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is



Til sölu:

Smáhúsi, tilbúin til afhendingar

Stærð: 22.5fm & 30fm.

Fullfrágengin að utan.

Tilbúin undir tréverk með loftklæðningu.

Pípulagning tilbúin og raflagnir til ídráttar.

Sólpallur fylgir hverju húsi.

Staðsetning Landeyjar.

sími; 894 3000 gudmundur@torf.is



nettoline



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform

Friform ehf.

Askalind 3,

201 Kópavogur.

562-1500

Friform.is

Mán.-Fös. 09-17

LANDNÝTING & BÚFJÁRFJÁRRÆKT

„Á röngunni. Framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt” – nýtt rit Ólafs Arnalds prófessors: Alvarlegir hnökror og margt farið úrskeiðis

Í nýju riti Ólafs Arnalds, prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands, er fjallað um landnýtingarþátt gæðastýringar í sauðfjárrækt. Ólafur tekur skýrt fram í upphafi að hér sé um 3% landbúnaðar á Íslandi til umræðu, eða 15% sauðfjárrækt, vandinn á alls ekki við alla framleiðendur.

Í ritinu kemur fram að fjármunum til sauðfjárbænda er beint í gegnum sérstakt greiðsluferfi þar sem hluti styrkjanna er háður því að framleiðslan standist ákveðnar gæðakröfur. „Meðal þeirra eru kröfur er varða umhverfisáhrif sauðfjárbeitar; að framleiðslan standist viðmið fyrir sjálfbærni og ástand landsins sem er beitt.“

Ólafur bendir á að gæðastýringin sé liður í samningum sauðfjárbænda við þjóðina um stuðning við atvinnugreinina. „Framkvæmdin varðar verulega fjármuni af almannafé en heildarstuðningur nemur 6 til 7 milljörðum á ári, eða 60 til 70 milljörðum á 10 árum,“ en tekur fram að erfitt sé að fá heildarmynd af þessum stuðningi. Ólafur leggur áherslu á að afar mikilvægt sé að þetta fjármagn styðji ekki við ósjálfbæra nýtingu lands.

Í ritinu rekur Ólafur að tilraun hafi verið gerð til að móta sameiginlega sýn margra hagaðila með gerð viljayfirlýsingar árið 2000 við upphaf verkefnisins, með aðkomu Landgræðslunnar, samtaka bænda, ráðuneytis og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. „Nánari skoðun á þróun laga og reglugerðarumhverfis sýnir hins vegar að horfið hefur verið frá upprunalegri hugsun um framkvæmdina. Síðari tíma breytingar hafa ekki verið gerðar í samráði við þessa aðila og hafi auk þess gengið gegn faglegu áliti Landgræðslunnar.

Breytingar sem gerðar hafa verið á gæðastýringunni síðustu 10 ár minnka kröfur er varðar landnýtingu og taka ekki tillit til þekkingar á vistkerfum landsins. Þá stent það ekki skoðun að markaðssetja afurðir sem framleiddar eru á verstu svæðunum sem „græna framleiðslu“. Reglur og viðmið um



Breytingar sem gerðar hafa verið á gæðastýringunni síðustu 10 ár minnka kröfur er varðar landnýtingu og taka ekki tillit til þekkingar á vistkerfum landsins að mati Ólafs Arnalds.

sjálfbæra landnýtingu eiga að hafa að leiðarljósi að náttúran eigi að njóta vafans, sbr. lög 60/2013 um náttúruvernd.“

Ólafur færir rök fyrir því að reglur hafi ítrekað verið færðar í öfuga átt; að náttúran fái einmitt alls ekki að njóta vafans. Framkvæmdin sé því í raun „grænþvottur“ á hluta framleiðslunnar sem líta má sem alvarlegt brot gagnvart neytendum og almenningi sem styrkir framleiðsluna og er eigandi meginhluta þess lands sem um ræðir.

Að mati Ólafs er slíkur „grænþvottur“ afar neikvæður fyrir aðra framleiðendur sem nýta góð beittilönd; framkvæmd gæðastýringarinnar gjaldfællir framleiðsluna í heild, enda þótt vandamál vegna beitarnýtingar varði lítinn hluta framleiðslunnar og afréttarlandsins.

Sjálfbær landnýting misnotað hugtak

Í riti Ólafs segir: „Hugtakið „sjálfbær landnýting“ er misnotað við framkvæmd gæðastýringar í sauðfjárrækt. Nýting á verst fögnu afréttum landsins, þar sem landbótaáætlan er krafist, stent engin þeirra viðmiða sem sett



Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.



Hugtakið sjálfbær landnýting er misnotað við framkvæmd gæðastýringar í sauðfjárrækt að sögn Ólafs Arnalds.

hafa verið fram um sjálfbæra landnýtingu af hálfu FAO. Þá vantar aðkomu almenningsins, félagasamtaka, vísindasamfélags, skóla, sveitarfélaga og samfélagsins í heild til þess að nýtingin samræmist hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.“

Ólafur nefnir enn fremur að framkvæmdin standist líklega ekki nokkur ákvæði náttúruverndarlaga. Í samtali við Bændablaðið sagði Ólafur jafnframt að ætla má að farið sé á svig við lög sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ósamræmi í lagaumhverfi

Í ritinu rekur Ólafur Arnalds samskipti Landgræðslunnar við ráðuneyti landbúnaðarmála, önnur stjórnvöld og samtök bænda. Hann segir að Landgræðslan hafi mótmælt með afgerandi hætti viðmiðum og framkvæmd gæðastýringarinnar, sem þó hafi engu breytt um framkvæmdina. Þar segir: „Mótmæli Landgræðslunnar um framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringarinnar eru afar eftirtektarverð og lýsa ósamræmi í lagaumhverfi og stjórnsýslu við framkvæmd laga er varða beitarnýtingu á Íslandi. Það verður að teljast mjög alvarleg staða í stjórnsýslu að ekki skuli tekið

mark á fagstofnun þjóðarinnar við framkvæmd stuðnings ríkisins við framleiðslu á formi grænna greiðslna og um leið er það áfelliðómur um framkvæmdina.“

Ólafur segir að þessi aðferðafræði minni helst á vísindastefnu Ráðstjórnarríkjanna sálugu og Trumpisma nútímans, þegar Landgræðslan er síðan þvinguð til þess að votta landnýtingu samkvæmt reglugerð sem er sett af landbúnaðarráðuneytinu enda þótt reglugerðin standist á engan hátt fagleg sjónarmið stofnunarinnar.

Skortur á þekkingu

Ólafur segir í ritinu: „Mikið skortir á að nútímaleg þekking á sviði beitavistfræði sé nýtt við framkvæmd gæðastýringarinnar. Það er fullkomlega óásættanlegt að nota eina viðmiðunartölu fyrir æskilegt beitarálag um svæði við mismunandi umhverfisaðstæður, hæð yfir sjávarmál, gróðurfar, ástand gróðurs og næringarforða jarðvegs, eins og hér er gert. Viðmiðunartalan er auk þess allt of há og er notuð til að réttlæta afar þunga beit – klárlega ofbeit á mörgum svæðum – sem er ekki í neinu samræmi við hugmyndafræði um „grænar greiðslur“. Viðmið um beitarpunga er afar nýtingarmiðað,

í stað þess að verndun þeirra náttúruauðlinda sem beitin byggir á sé höfð að leiðarljósi. Ljóst er að endurskoða verður leiðbeiningar um beitarálag og beitarpunga í tengslum við gæðastýringuna. Mun heppilegra er að miða við „beitargnótt“, sem miðar við væga beit, sem og aðferðafræðina sem sett var fram af „Nefnd um endurskoðun landgræðslulaga“ árið 2012.“

Ýmislegt farið úrskeiðis

Ólafur fékk aðgang að nálega 40 landbótaáætlunum fyrir afréttarlönd. Í ritinu segir hann: „Nánari skoðun á landbótaáætlunum sem í gildi eru sýnir að ýmislegt hefur farið úrskeiðis við framkvæmdina. Flestir afréttanna falla algjörlega að þeim viðmiðum sem sett hafa verið um nýtingu samkvæmt reglugerðum, þrátt fyrir að viðmiðin séu allt of rúm. Sé landbótaáætlun til staðar, þá stent landið skoðun og fær vottun, jafnvel þótt ástandið sé svo slæmt að það teljist langt utan viðmiða um ófyrirséða framtíð – niðurstaða sem var harðlega mótmælt af Landgræðslunni. Upplýsingaöflun um náttúruvar og fleira sem vottunin byggir á er ófullnægjandi. Landbótaáætlanirnar leiða oft í ljós takmarkaðan skilning landnotenda á eðli hruninna vistkerfa og auðnasvæða, sem og á tímasköllum er varða bata lands og framvindu gróðurs.“

Í samtali við Bændablaðið spyr Ólafur hvernig það megi eiginlega vera að landnýting sem skitfellur á helstu viðmiðum og þar sem ljóst er að viðmiðum verður ekki náð á næstu áratugum og jafnvel árhundraði fái vottun um sjálfbæra landnýtingu og grænar greiðslur frá almenningi? Slíkt sé vitaskuld fullkomlega fráleitt frá sjónarmiðum um sjálfbæra landnýtingu og í raun brot á neytendum og almenningi.

Ekki er talin þörf á landbótaáætlunum fyrir marga afrétti

Í riti Ólafs kemur fram að ekki er talin þörf á landbótaáætlunum fyrir marga afrétti landsins, en þó orkar ástand margra þeirra verulega tvímælis er varðar ástand lands og stærð beittilands miðað við bústofn. Í ritinu er vakin athygli á að meginhluti þess lands sem hér er til umræðu er í almannaeygu og upplýsingar um náttúruvar og nýtingu þessara afréttarsvæða eiga að vera aðgengilegar öllum. Að mikilvægt sé að upplýsingar um öll helstu beitarsvæði og framkvæmd gæðastýringarinnar séu aðgengilegar, svo að samfélagið geti veitt framkvæmdinni eðlilegt aðhald. Slíkt opnar jafnframt á þátttökumiðaðar (e. participatory) ákvarðanir um aðgerðir og nýtingu. Ólafur segir að nýting afréttarsvæða eigi vitaskuld ekki að vera bundin við beitarnýtingu, heldur ætti endurheimt landkosta að veða mjög þungu.

Ólafur segir að þar sé friðun svæða sem eru í slæmu ástandi mikilvæg aðgerð til að ná fram settum markmiðum. „Í flestum sveitarfélögum er til staðar mikil þekking á landgræðslu sem ætti að styðja við endurheimt landgæða á verst fögnu afréttunum. Slíkar aðgerðir binda gríðarlega mikið kolefni í vistkerfum, sem er mikilvægt mótvægi við losun gróðurhúsalofttegunda frá annarri starfsemi, meðal annars landbúnaði á Íslandi.“

Rit Ólafs, „Á röngunni. Alvarlegir hnökror á framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt“, má finna á vef Lbhí og moldin.net (undir ástand). /VH



Hús - gluggar - hurðir og klæðningar



Landssamtök sauðfjorbænda:

Gæðastýringin er til bóta en ekki hafin yfir gagnrýni

— segir Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssambands sauðfjorbænda

Landnýtingarþáttur gæðastýringar í sauðfjorbækt var harðlega gagnrýndur í riti sem prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands sendi frá sér fyrir stuttu. Í gagnrýninni er þess krafist að umhverfisáhrif sauðfjorbættar standist viðmið um sjálfbærni og ástand landsins sem er beitt.

Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssambands sauðfjorbænda, segir að verkefni eins og landnýtingarþáttur gæðastýringar í sauðfjorbækt sé í sífældri mótun og aldrei hafin yfir gagnrýni. „Verkefnið hefur tekið miklum breytingum frá upphafi enda er það lifandi og þarf að mótast eftir því sem við öðlumst reynslu og þekkingu.“

Margþætt gagnrýni

Guðfinna segir að hvað varði gagnrýni frá Ólafi Arnalds hjá Landbúnaðarháskólanum þá beinist hún í ýmsar ólíkar áttir. „Í fyrsta lagi er gagnrýni á það sem getur kallast stjórnsýsla verkefnisins og lýtur að söfnun og aðgengi að gögnum sem er eitthvað sem stjórnvöld hafa með að gera og svara fyrir. Við bændur höfum til dæmis ekki aðgengi að þeim gögnum sem nýtt voru við gerð skýrslunnar.“

Í öðru lagi er hörð gagnrýni á að þeir aðilar sem að verkefninu koma hafi ekki þekkingu, metnað og að vinnubrögð séu ófagleg. Hér er einkum verið að gagnrýna starfsfólk Landgræðslunnar og MAST. Við getum ekki á neinn hátt tekið undir þessa gagnrýni. Samskipti bænda við Landgræðsluna og þá einkum héraðsfulltrúa eru mjög góð. Þar starfar fólk af heilindum sem sýnir mikinn metnað í sínum störfum. Við eigum samt sem áður alltaf að sækja fram og bæta við þekkingu og auðvitað viðurkenna að hana getur stundum skort. Það er ekkert launungarmál að stofnun eins og Landgræðslan er undirfjármögnuð og allir að vinna eftir bestu getu innan þess ramma sem skapast af því fjármagnni sem er ætlað í þessu verkefni. Með auknu fjármagnni má sækja enn meira fram og efla og breikka þann vísindagrunn sem starfið byggir á sem og starfið sjálft.

Megingagnrýni skýrslunnar snýr að framkvæmd landnýtingarþátta gæðastýringarinnar. Að mínu mati má taka undir hluta af því sem fram kemur og alla gagnrýni betra að nýta til að gera gott verkefni en það er líka þannig að vísindamenn hafa ólíka sýn á þessu mál og í skýrslunni er einhliða gagnrýni frá höfundum hennar.“

Landgræðslur

Þegar Guðfinna er spurð hvers vegna sé verið að greiða bændum fyrir að nýta land í slæmu ástandi og hvort ekki væri eðlilegra að greiða þeim sem eiga gott beitiland frekar og færa framleiðsluna þannig frá því landi sem ekki þolir beitina segir hún fjölmörg dæmi um að landgræðsla samhliða beit gangi mjög vel.

Langstersti hluti framleiðslunnar fer fram á landi sem stenst viðmið um sjálfbæra landnýtingu. Það land sem ekki stenst viðmiðin er nýtt í samræmi við landbótaáætlanir.

„Við höfum einnig dæmi um að algjör friðun hafi verið forsenda fyrir endurheimt landgæða. Þannig er erfitt að fara inn í umræðuna eins og málið sé einungis svart eða hvítt. Ólíkar aðstæður kalla á ólíkar lausnir. Það er rétt að hafa í huga að sauðfjorbændur eru gífurlega virkir í landgræðslu. Annars vegar með þeim verkefnum sem eru



Guðfinna Harpa Árnadóttir, bóndi og formaður Landssamtaka sauðfjorbænda. Mynd / HKR.

Sauðfjorbændur telja að með gæðastýringunni hafi þeir tekið ákveðna forustu í því að breyta nýtingu lands til hins betra. Gæðastýringin og landbótaáætlanir hafa til dæmis gjörbreytt því hvernig margir afréttir eru nýttir. Beitartími hefur verið stytur verulega, upprekstri á vorin hefur verið seinkað, göngum á haustin flýtt og landgræðsla stóraukin, auk þess sem ekki má gleyma að í einhverjum tilfellum er friðun hluti af aðgerðum í tengslum við landnýtingarþáttinn.

skilgreind í landnýtingaráætlunum gæðastýringarinnar og hins vegar með þátttöku í Bændur græða landið, sem er verkefni á vegum Landgræðslunnar. Öll vinna bænda í því verkefni er kostuð af þeim sjálfum og það sama á við um vélakostnað. Þannig að bændur eru víða að leggja mikið fé til landgræðslu á hverju ári.“

Guðfinna segir að auðvitað sé hægt að gera betur og vinna hraðar þegar kemur að landbótum en að til að svo geti orðið þurfi fjármagn. „Við ætlum okkur líka að gera betur og lítum ekki svo á að við séum hafin yfir gagnrýni og við hlustum á gagnrýnina með opnum hug og nýtum hana til að gera gott verkefni betra. Sauðfjorbændur hafa til dæmis sýnt frumkvæðið hvað varðar mat á kolefnisspor greinarinnar og lagt í aðgerðir sem miða að því að kolefnisjafna greinina. Þar munum við að stórum hluta horfa til aðgerða í landgræðslu en líka skógrækt og endurheimt votlendis.“

Gæðastýringin hefur skilað árangri

Markmið gæðastýringar í sauðfjorbækt er að bæta búskaparhætti og segir Guðfinna að út frá því sjónarmiði eigi allir sem það vilja að geta fallið undir hana.

„Til að falla undir gæðastýringu þarf að gera úttekt á aðstæðum býla og þurfi þess með fá umsækjendur ákveðinn frest til úrbóta eftir eðli þeirra athugasemda sem gerðar eru.“

Landbótaverkefni eru langtíma-verkefni en verkefni sem snúa að aðbúnaði gripa eru verkefni sem hægt er að bæta á styttri tíma og ef bændur sinna því halda þeir áfram að teljast til þeirra aðila sem uppfylla kröfur og viljugir til að bæta búskaparhætti sína.

Eins og gæðastýringunni er háttáð lendir hluti beitarlands undir viðmiðunarmörkum og þar þarf því að gera landbótaáætlun en þar sem land lendir ofan viðmiðunarmarkna þarf ekki að gera landbótaáætlun. Mat á landnýtingu byggir á ástandsmati sem lýst er

á tala um friðun með því að halda því fé heima eða farga því sem hefur fundist inn á ákveðnum svæðum, í sumum tilfellum hafa svæði eða hluti svæða verið girt af og í enn öðrum tilfellum hefur land verið bætt verulega á ákveðnum svæðum til að hlífa öðrum. Þessar aðgerðir hafa verið unnar í samstarfi við Landgræðsluna og ég held að bændur hafi víða séð verulegan árangur af þeim. Sömuleiðis eru þessar aðgerðir dregnar fram í skýrslu Landbúnaðarháskólans sem kostir við gæðastýringuna.

Á öðrum svæðum þarf hugsanlega að bæta í þessar aðgerðir og þar sem viðhorf bænda til að auka landbætur eru almennt jákvæðar ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu.

Hins vegar má heldur ekki gleyma því að við erum að tala um lífsviðurværi fólks og í flestum tilfellum áratuga uppbyggingu í búrekstri sem byggja á upprekstrarréttindum sem fylgja jörðunum og ekki alltaf auðvelt eða aðgengilegt að breyta slíku. Málið snýst sem sagt ekki bara um skemmtireið í afréttinn.

Gæðastýringin sem slík hefur heldur ekki heimildir til að banna þessa nýtingu og hver og einn bóndi velur hvort hann stendur innan eða utan gæðastýringarinnar.

Sjálf hef ég fyrst og fremst hugsað gæðastýringuna sem stjórnartæki inn á við til að bæta búskaparhætti enda tekur hún til fleiri þátta en landnýtingar, eins og aðbúnaðar, utanumhalds aðfanga til býla og skýrsluhalds. Ég held að það sé þannig hjá flestum bændum að þeir líti á gæðastýringuna sem verkfæri inn á við á eigin búi og fyrir greinina í heild.

Það er mitt mat að það hafi í aðalatriðum tekist mjög vel til með gæðastýringuna enda hefur afurðasemin aukist mjög mikið á þeim tíma sem hún hefur verið í gildi,“ segir Guðfinna.

Land víða í framför

Guðfinna segir að það þurfi að bæta gagnaöflun um landnýtingu og þar hafa Landssamtök sauðfjorbænda lengi ýtt á um breytingar. „Gróindarverkefnið varð til vegna þrýstings samtakanna og mun það hjálpa okkur að greina þau svæði þar sem mestra úrbóta er þörf. Tilfinning bænda víða er að land sé í mikilli framför, meðal annars vegna breytinga á veðurfari og

Gróindarverkefnið varð til vegna þrýstings samtakanna og mun það hjálpa okkur að greina þau svæði þar sem mestra úrbóta er þörf. Tilfinning bænda víða er að land sé í mikilli framför, meðal annars vegna breytinga á veðurfari og einnig vegna minni beitarbúfjár undanfarna áratugi.

einnig vegna minni beitarbúfjár undanfarna áratugi. Þessi tilfinning er studd af rannsóknum og má nefna rannsókn Náttúrufræðistofnunar sem gerð var upp úr 2010 með greiningu á gervituglamyndum og sýndi aukningu á lífmassa gróðurs víða um land.

Ég á erfitt með að taka undir þá gagnrýni að ekkert hafi verið hlustað á fagfólk. Landgræðslan hefur komið að þróun gæðastýringarinnar frá upphafi auk þess sem starfsmenn Landgræðslunnar hafa aðstoðað og verið ráðgefandi í uppsetningu og framkvæmd landbótaverkefna.

Hins vegar er ferli við innleiðingu á nýjum viðmiðum og setningu reglugerða sem þeim tengjast alltaf málamiðun, sérstaklega í upphafi. Ég man til dæmis eftir álit lögfræðings sem taldi að kröfur sem landgræðslustjóri segir of rúmar enga lagastöð hafa. Þannig að það má segja að það sé reynt að ná ákveðnu jafnvægi.“

Sjálfbær landnýting

Guðfinna segir að eins og réttilega komi fram í riti Landbúnaðarháskólans sé hugtakið „sjálfbær landnýting“ vel til þess fallið að draga fram ólík sjónarmið, meðal annars vegna þess að það hafi ekki alþjóðlega skilgreinda merkingu.

„Beitarlönd meirihluta íslenskra sauðfjorbænda eru í þannig ástandi að skilgreining um að ekki sé gengið á gæði landsins á fyllilega við. Þar sem ástand lands er ekki í góðu ástandi þarf flóknari skilgreiningar og flóknari aðgerðir og þar vinna sauðfjorbændur að úrbótum með landbótaáætlunum sem oftar en ekki eru unnar með hjálp fagfólks Landgræðslunnar og ráðleggingum fylgt eftir.“ /VH

HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAD SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



Þessi sovéska Moskvich-422 er ekki eftirgerð heldur upprunalegt farartæki. Verður hann seint talinn til snilldar hugarsmiðar sovéska bílahönnuða. Hann var einfaldlega eftirmynd af hinum þýska Opel Kadett K38 sem kom á markaðinn í Þýskalandi fyrir seinni heimsstyrjöldina. Enginn hefur heldur reynt að þræta fyrir þann uppruna. Bílar sem voru með hluta yfirbyggingar úr tré voru vinsælar í Evrópu og í Bandaríkjunum á fyrri hluta síðustu aldar. Hést þessi áhugi í Bandaríkjunum lengi vel, en þegar á leið var þar frekar um að ræða viðarskreytingar utan á stályfirbyggingar og síðar eins konar veggfóður úr plasti.

Myndir / English Russia

Moskvich-spýtubíllinn frá Sovétríkjunum

Á vefsíðu English Russia er að finna margt áhugavert og skemmtilegt efni eins og umfjöllun um þennan merkilega Moskvich. Allar árgerðir Moskvich-bifreiða sem framleiddar voru á Sovéttímanum voru bæði hannaðar sem fólksbifreiðar og sem sendibílar. Þar var Moskvich engin undantekning.

Fólksbíllinn Moskvich 400 var líka framleiddur sem sendibíll í gerðum 400 til 422 á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Sendibílsútgáfan var all sérstök þar sem yfirbyggingin á henni var úr timbri. Það var þó ekki af einhverjum hönnunarstælum sem timbrið var notað, heldur einfaldlega af praktískum ástæðum í stálskorti eftirstrífisáranna í Sovétríkjunum. Menn hugsuðu einfaldlega um



Glæsilegur Moskvich úr stáli og timbri.



Þó hér sé um sendibíl að ræða var vélaraflið ekki mikið, aðeins 23 hestöfl.



„Boddýið“ var ansi rúmgott.



Framhurðir og yfirbygging voru haganlega smíðaðar úr birki og lítið mála að finna varahluti.



Engin hættu á að hurðin fyki upp og lítið mál að gera við ef þetta skemmdist.




Stórt stýrishjól með gírskiptingu í stýri. Ekki mikið verið að hugsa um óþarfa þrjál eða þjatar og á bílnum voru t.d. engin stefnuljós.

Það sem hendi var næst og voru ekki að fást um það sem ekki fékkst.

Spýtubíllinn sem hér sést var Moskvich af árgerð 1954. Vegna

efniviðsins sem í honum var entist hann fremur illa því hann bæði ryðgaði og fúnaði. Því varðveittust ekki nema einn og einn bíll sem finna má á söfnum. /HKr.



UTAN ÚR HEIMI



Séð utan frá líkist verslunin einna helst litlu leikfangahúsi til að hafa í garðinum eða sem athvarf á leikvelli fyrir börn.

Sjálfsafgreiðsluverslun með 32 vörutegundir

Þýska smáverlunin Non Stop Shop er meðal annars sveita-verslun sem hægt er að flytja milli staða en þetta er sjálfsafgreiðslustöð þar sem fólk getur greitt fyrir 32 mismunandi vörur með greiðslukorti.

Séð utan frá líkist verslunin einna helst litlu leikfangahúsi til að hafa í garðinum eða sem athvarf á leikvelli fyrir börn.

Að sögn Janine Baalman, frá þýska framleiðandanum Westermann í Meppen, er hugmyndin á bak við Non Stop Ship að annaðhvort sé hægt að setja nokkra mismunandi vöruflokka í sölu frá eigin fyrirtæki eða að fleiri framleiðendur geti sammælt um verslunina. Hér skipti staðsetning engu máli þar sem hægt er að færa húsnæðið til að vild, hvort sem því er ætlað að standa innan- eða utandyra. Innandyra er hægt að hafa kæli sem er myndavélavaktaður í XXL-stærð og skjár sem sýnir viðskiptavininum allt að 32 mismunandi vörutegundir sem í boði eru og síðan greiðir kaupandinn með greiðslukorti sínu.

„Þetta geta verið kökur, egg,

grænmeti, ostur, kjöt, safar, bjór, vín, já og í raun allt sem þarf að hafa í kæli. Með því að nota greiðslukortalausn komum við líka í veg fyrir að ólöggráða einstaklingar geti til dæmis keypt sér alkohol. Hitastigið inni í Non Stop Shop er alltaf stöðugt í tveimur gráðum, óháð hitastigi utandyra, og innréttingin í verslunarrýminu er ryðfrítt stál sem auðvelt er að hreinsa og tryggir góðan árangur gegn meindýrum. Ef að villa kemur upp í kælingunni eða um skemmdarverk á rýminu er að ræða fá eigendur sjálfkrafa viðvörðun með skilaboðum í síma sína. Hið sama gerist ef einhverjar af vörutegundum 32 seljast upp.“ útskýrir Janine.

Nú hefur fyrirtækið afhent fyrsta verslunarrýmið til samvinnufélags úti á landsbyggðinni í Þýskalandi og er verið um fimm milljónir íslenskra króna. Hugmyndin er ekki alveg ný af nálinni þó útfærslan sé nýstárleg. Þannig hefur þýska fyrirtækið Risto selt yfir 700 sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir ferska mjólk í Vestur-Evrópu og hannað fleiri lausnir því tengdu.

/Landbrugsavisen/ehg



Síðastliðna 18 mánuði hefur Deutz-Fahr fjárfest fyrir 10 milljónir evra í verksmiðju í Bandirma í Tyrklandi.

Deutz-Fahr:

Framleiðir 15 þúsund traktora árlega

Vélaframleiðandinn Deutz-Fahr rekur, eins og margir aðrir dráttarvélaframleiðendur, hluta af framleiðslu sinni í löndum þar sem framleiðslukostnaðurinn er lægri en í heimalandinu.

Síðastliðna 18 mánuði hefur fyrirtækið fjárfest fyrir 10 milljónir evra í verksmiðju í Bandirma í Tyrklandi og hafa um leið tvöfaldað framleiðslugetu sína. Markmið fyrirtækisins er að geta framleitt 15 þúsund traktora á hverju ári.

Verksmiðjan í Bandirma er ein af sex framleiðslustöðvum fyrirtækisins því einnig framleiða þeir í Ítalíu, Þýskalandi, Indlandi og Kína. Fjárfestingunni er ætlað að gera verksmiðjuna að framleiðslustöð sem þjónar bæði innanlands- og utanlandsmarkaði, þar með talið Evrópu, þegar

kemur að 50–150 hestafla traktorum. Nú þegar hefur gamla verksmiðjan gengið í endurnýjun lífdaga með viðhaldi en þar að auki hefur fyrirtækið byggt nýja framleiðslubyggingu sem er 10.000 fermetrar að stærð. Nú er verksmiðjувæðið í heild hátt í 30.000 fermetrar að stærð. Með stækkuninni er nú meðal annars pláss fyrir nútíma lökkunarhöll og nýþróaða samsetningarlínu með tilheyrandi þrufubekk fyrir legur og fleira. Þar að auki hefur varahlutalager verksmiðjunnar verið stækkaður til muna. Í nýju verksmiðjunni er einnig ný þrúfu- og námskeiðsmiðstöð þar sem tekið verður á móti viðskiptavinum alls staðar að úr heiminum til að kenna á tækni nýrra véla og hvernig þær virka.

/traktor.no/ehg



Frá Stykkishólmi.

Mynd / HKr.

Gamli Stykkishólmsvegurinn:

Eykur fjölbreytileika til útivistar

Gamli Stykkishólmsvegurinn var til umræðu á fundi bæjarstjórnar á dögunum, en hann er merktur inn á þéttbýlisupprátt í aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar 2002–2022 þar sem lagt er til að gerður verði göngustígur sem fylgi honum að mestu leyti, en vegurinn lá í gegnum Byrgisborg, Mattablett og Selskóga.

Vegurinn er að öllum líkindum eldri en 100 ára og fellur því undir þjóðminjalög eins og kemur fram í greinargerð með aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar. Magnús A. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands, hefur unnið að því að kortleggja stíginn fyrir Stykkishólmsbæ og liggur nú niðurstaða hans fyrir.

Samkvæmt samningi við Hesteigandafélag Stykkishólms hefur félagið afnot af öllu landi bæjarins ofan Búðanesvegar, þ.m.t. Byrgisborg, en þurfi bærinn á landinu að halda skal því skilað án bóta og skal félagið taka upp girðingar og fjarlægja önnur mannvirki sem félaginu tilheyrir.

Bætir öryggi gangandi vegfarenda

Liggur fyrir að Hesteigandafélag Stykkishólms hefur boðist til þess að opna Gamla Stykkishólmsveginn í gegnum Byrgisborg þannig að sett verði upp girðing meðfram vegstæðinu, en það myndi því snúa að Stykkishólmsbæ að ganga frá opnun í gegnum Mattablett og Selskóga ef opna eigi veginn í



samræmi við aðalskipulag. Opnun á Gamla Stykkishólmsveginum með þessum hætti, í samræmi við aðalskipulag Stykkishólmsbæjar, myndi án efa auka á fjölbreytileika til útivistar í Stykkishólmsbæ og bæta öryggi gangandi vegfarenda sem gætu eftir opnun vegarins gengið á göngustíg, fjarri bílaumferð, frá kirkjugarði og alla leið upp í Vogsbót.

Bæjarráð Stykkishólms telur að opnun á Gamla Stykkishólmsvegi muni auka á fjölbreytileika til útivistar í Stykkishólmsbæ og bæta öryggi gangandi vegfarenda. Þá fagnar bæjarráð frumkvæði Hesteigandafélags Stykkishólms og vilja þess til að láta gott af sér leiða. Bæjarstjóra og forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar var á fundi bæjarstjórnar falið að vinna málið áfram í samráði við þá sem hagsmuna eiga að gæta. /MPÞ

Nýr vörubæklingur 2019

1 - VINNUFÖT	4 - 17
2 - REGNFÖT	18 - 21
3 - KULDAFÖT	22 - 23
4 - MULTINORM	24 - 27
5 - SÝNILEIKI	28 - 37
6 - SKÓR & STÍGVÉL	38 - 47
7 - HANSKAR	48 - 55
8 - ÖRYGGISVÖRUR	56 - 65
9 - MATVÆLAIDNAÐUR	66 - 67
10 - NÝJAR VÖRUR	68 - 71
11 - ANNAÐ	72 - 79

KH VINNUFÖT - VÖRUBÆKLINGUR

Fáið sent frítt eintak með því að hafa samband í síma: 577 1000, í gegnum facebook eða með tölvupósti á info@khvinnufot.is Vörubæklingurinn er 80 bls. í A5 broti.



KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn **Bílaþjónustunnar** í síma **464 1122** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.

BÍLAÞJÓNUSTAN EHF

GARÐARSBRAUT 52 / 640 HÚSAVÍK / 464 1122



HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Rómverjinn Pliny eldri segir í náttúrufræði sinni að snákar éti og nuddi sér við fenniku vegna þess að hún bæti sjón þeirra eftir hamskipti.

Fennika og gjöf Próméþeifs

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Fennika á sér langa ræktunarsögu og kemur fyrir í grískum göðsögnum þar sem hún tengist eldi og maraþonhlaupi. Takmarkað hefur farið fyrir fenniku á borðum hér á landi en það á eflaust eftir að breytast á næstu árum enda er plantan annálaður spikbani.

Heimsframleiðsla á fenniku, stjörnuanis og kóríander er af einhverjum ástæðum skráð sem ein tala. Árið 2017 er samanlögð heimsframleiðsla þessara plantna sögð vera tæp 1,2 milljón tonn. Indland er langstærsti framleiðandinn með 646 þúsund tonn 2017. Mexíkó var í öðru sæti með 132 þúsund tonn og Íran í því þriðja og framleiddi tæplega 65 þúsund tonn árið 2017. Kína er í fjórða sæti með 55 þúsund tonn og Rússland í því fimmta með um 50 þúsund tonna framleiðslu sama ár.

Þar sem framleiðslutölur ná yfir þrjár tegundir er erfitt að segja til um framleiðslu á fenniku í einstaka landi fyrir sig annað en að Indland er langstærsti framleiðandi hennar í heiminum.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands, þar sem fennika kallast finkull, voru árið 2018 flutt inn 7,5 tonn og 14 kílóum betur af heilum anís, stjörnuanis, kúmen- eða finkulfræi og einiberjum. 324 kíló af anís-, stjörnuanis-, kúmen- eða finkulfræi og einiberjum til lögunar á seyði og 3.376 kíló af pressuðum eða muldum anís-, stjörnuanis-, kúmen- eða finkulfræi og einiberjum.

Af ofangreingreindum afurðum er mest flutt inn frá Hollandi, Spáni og Danmörku. Ekki fundust á vef Hagstofunnar tölur yfir innflutning á ferskri fenniku eða finkul.

Ættkvíslin *Foeniculum* og tegundin *vulgare*

Um 24 tegundir teljast til ættkvíslarinnar *Foeniculum*. Þær eru tví- eða fjölærar. Upp af öflugri



Þrúttinn stöngulhálsinn er mikið notaður í salat.

treifarót vaxa holar stönglar sem hjá sumum tegundum geta náð allt að tveggja og hálf metra hæð. Blóðin samsett, fjaðurlaga og fínleg og allt að 40 sentímetra löng og um hálfur millimetri að breidd. Blómin gulleit, smá og mynda 20 til 50 blóm hálfveip sem er frá 5 til 20 sentímetrar í þvermál. Fræin 4 til 10 millimetrar að lengd.

Sú tegund sem við þekkjum sem grænmetið fenniku eða fennel kallast *Foeniculum vulgare* á latínu. Til eru nokkur afbrigði af fenniku sem annaðhvort eru ræktuð vegna fræjanna eða þrúttins rótarhálsins sem líkist peru og getur verið grænn eða brúnn eftir afbrigðum.

Saga, útbreiðsla og trú

Náttúruleg heimkynni fenniku eru við strendur Miðjarðarhafsins. Í dag hefur plantan breiðst út víða um heim þar sem hún dafnar best í þurrum jarðvegi við strendur og

nálægt árbökkum en einnig meðfram vegum. Útbreiðslumunstur fenniku er ekki ósvipað frænda síns kerfilsins hér á landi þar sem hún dreifist hratt út meðfram umferðaræðum.

Egyptar til forna ræktuðu fenniku til matar og var plantan þekkt lækningajurt á Indlandi og Kína á tímum Rómverja og hefur líklega borist til Asíu með kaupmönnum.

Samkvæmt grískum göðsögnum stal hetjan Próméþeifur eldinum

frá guðunum og faldi hann í fennikustilk, eða skyldri tegund, áður en hann færði

mönnum eldinn að gjöf. Refsing Seifs var að láta fjötra Próméþeif við klett þar sem örn át úr honum lifrina á hverjum degi en á hverri nóttu greri hún aftur og refsingin því endalaus. Fylgjendur gleðiguðsins Diónýsos notuðu



Þurrkuð fennika er sögð kynörvandi sé hún brennd sem reykelsi.

stilk fenniku vafinn með vínvið og með furu- eða sedruskóngli á endanum sem töfraspota til að slá frá sér í ölæði og valda geðveiki. Sprotinn kallaðist þýrsus.

Grikkinn Hippókrates, sem stundum er kallaður faðir læknisfræðinnar og læknaeiddurinn er kenndur við og var uppi 460 til 370 fyrir Krists burð, taldi að fennika yki mjólk í brjóstum brjóstmeðra.

Á grísku er heiti fenniku og borgarinnar Maraþon það sama, Μαραθών. Ástæða þessa mun vera sú að árið 490 fyrir upphaf okkar tímatala herjuðu Persar á borgina. Meginorrustan fór fram á stórum fennikuvöllum umhverfis borgina og lauk með sigri Grikkja. Sagnaritarinn Plúkarkos segir að af orrustunni lokinni hafi sendiboði Grikkja, Þersippos eða Evkles, hlaupið fyrsta maraþonið í fullum herklæðum, 42 kílómetra, frá Maraþon til Aþenu, til að segja frá sigrinum. Eftir orrustuna varð fennika að sigurtákni Grikkja.

Fennika var sögð og notuð sem móteitur gegn snákabítum og eitruðum sveppum í Róm, Kína og á Indlandi. Auk þess sem seyði plöntunnar var sagt lækna hundæði.

Rómverjinn Pliny eldri, sem uppi var 23 til 79 eftir Krist, segir í náttúrufræði sinni að snákar éti og nuddi sér við fenniku vegna þess að hún bæti sjón þeirra eftir hamskipti. Í framhaldi af því fullyrðir hann að plantan sé góð lækning við að minnsta kosti 22 mismunandi mannameinum, þar á meðal gláku og slæmum hósta. Sagt er að rómverskir hermenn og skyldingaprælar hringleikahúsa hafi neytt fenniku til að gera þá hrausta.

Fennika er ein þeirra plantna sem Karlamagnús, konungur Frakka á níundu öld, skipaði fyrir um að yrði ræktuð sem lækningajurt í klaustur- og hallargörðum í ríki sínu. Samkvæmt engilsaxneskri lækningarþulu frá því á tíundum öld er fennika ein af níu öflugum lækningajurtum. Hinar eru malurt, hænsnahirsi eða hulduljós, lambaklukka, græðisúra, baldursbrá, brenninetla, villiepli og blóðberg.

Abbadísín, tónskáldið, rithöfundurinn og heimspækingurinn Hildegard von Bingen, sem uppi var á tólftu öld, sagði að neysla á fenniku geri fólk hamingjusamt. Bókhald Eðvalds fyrsta af Englandi frá því á þrettándu öld sýnir að fennikufrae voru mikið notað krydd við matreiðslu hjá hirðinni enda ríflega 3,6 kíló keypt inn á mánuði.

Kapólikkar á miðöldum í Evrópu svindluðu iðulega á föstunni með því að borða fennikufrae til að seðja sárasta hungrið og voru um 1.200 frae talin hæfilegur dagskammtur.

Á miðöldum var því almennt trúað að illir andar færu á kreik um það leyti sem sól færi að halla og til að varna ágangi þeirra væri gott að hengja fennikusveip yfir útidyrnar. Einnig var sagt gott að setja nokkur fennikufrae í skrárgöt til að varna draugum næturinnngöngu og sérstaklega við sumarsólstöður.

Í velskri lækningabók frá þrettándu öld sem kallast Meddygon Myddfai segir að sá sem tíni ekki fenniku þegar hann sér hana villta sé ekki maður heldur djöfull í mannsmynd. Andstætt því trúðu aðrir því að sorg og ógæfa fylgdi því að sá til eða gefa fenniku. Samkvæmt læknisráði á fimmtándu öld var gott að hella fennikusafa í eyru manna til að losa þá við eyrnaorna.

Enski sautjándu aldar grasafræðingurinn og lækurinn Nicholas Culpepper taldi að þar sem fennika væri jurt Merkúr í meyjamerkinu væri hún góð með fiski og dragi úr óæskilegum áhrifum mikillar fiskneyslu.

Ræktun á fenniku hefst í Danmörku og á Skáni á sautjándu öld.

Á seinni hluta átjándu aldar setti franskur lækur búsettur í Sviss, Pierre Ordinaire, á markað lífselexír sem kallaðist absinth. Elexírinn var síðar markaðssettur sem áfengi sem notið hefur talsverðra vinsælda, enda kenjótur og lokkandi drykkur. Meginbragðefni í absinth á þeim tíma voru fennika, anís og malurt.

Spænskir trúboðar báru fyrstir manna með sér fennikufrae yfir Atlantshafsála eftir landafundina í vestri og ræktuðu plöntuna í Kaliforníu til lækninga. Landnemar frá Englandi fluttu einnig með sér fennikufrae til Nýja-Englands á sautjándu öld og ræktuðu á heimilissögðum. Sagt er að heittrúarstefnumenn í Norður-Ameríku hafi borið fennikufrae í vasaklútum til messu og nartað í fræin í löngum messum til að koma í veg fyrir garnagaul og vindgang.

Franski blaðamaðurinn Jean-Baptiste Alphonse Karr, sem var uppi á níttjándu öld, var ákafur áhugamaður um garðyrkju, afskorin blóm og ekki síst ræktun á dalíum. Karr sagði í einu af ritum sínum að þrátt fyrir almenna trú á lækningamætti fenniku hefði plantan engan lækningamátt og allt tal um slíkt væri bull og rakalaus þvæla.

Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið *Foeniculum pygðir* að planta sé ilmsterk og tegundarheiti vulgare að hún sé algeng. Enska heitið fennel kemur úr miðaldaensku, fenel eða fenyf, sem er upprunnið úr fornensku, fenol eða finol, en þau heiti munu vera komin úr latínu, fenum eða faenum, sem þýðir ilmandi taða.

Á spænsku kallast plantan hinoio, portúgölsku funcho, ítölsku finocchion, frönsku fenouil, þýsku fenichel, finnsku fänkál, sænsku fänkál en fennikel á norsku og dönsku.

Á íslensku þekkjast heitin fennel, fennill, feníka, fennika, finkull og sígöð.

Þegar Portúgalar settust að á Madeira á 15. öld óx mikið af fenniku á eyjunni og kölluðu þeir borgina sem þeir reistu og er stærsta borg eyjunnar í dag Funchal í höfuðið á fenniku.



Uppskeyra á fenniku fer víðast fram með höndum.



Blómin eru gul og mynda hálfsvæp.



Laufblöð fenniku eru samsett, fjadurlaga og finleg og allt að 40 sentimetrar löng og um hálfur millimetri að breidd.

Á ítölsku er fennika eða finocchio sögð standa fyrir innihaldslaus hrós, kjánagang og í sumum tilfellum samkynhneigð.

Neysla og nytjar

Á Bretlandseyjum er sagt að fennika auki nyt kúa. Hún er sögð vera góð

flugnafæla og kynörvandi sé hún brennd sem reykelsi.

Fræ fenniku eru notuð sem krydd og til lyfjagerðar og stilkur jurtarinnar eru hafðir í salat og stundum borðaðir einir og sér. Blöðin eru góð í súpur og fiskirétti, fræið er gott í te og oft notað í fiski- og svínakjötsrétti og ítalskar sósar. Fennika er eitt af



Grilluð fennika er lostæti.



Refsing Próméþeifs fyrir að færa mönnum eldinn að gjöf var að fjöttra hann við klett þar sem örn át úr honum lífrina á hverjum degi en á hverri nóttu greri lífrin aftur og refsingin því endalaus.

Líbanon og Sýrlandi eru nýspröttin lauf notuð í eggjaköku ásamt hveiti og lauk sem kallast ijeh. Einnig er sagt gott að krydda soðin egg og ferskt avokado með fennikukryddi. Í Ísrael þykir niðurskorin fennika krydduð með salti og pipar, steinselju, sítrónusafa og ólífuolíu veislusalat.

Fennika geymist ekki vel fersk en ágætlega í frysti.

Ræktun

Fennika þarf yfirleitt lengri ræktunartíma en íslenskt sumar býður upp á, 90 til 120 daga, til að ná fullum þroska. Því er ekki vænlegt að rækta hana utandyra nema í vermireit eða á allra besta stað í garðinum.

Sé fennika forræktuð innandyra í fimm til sex vikur dafnar hún ágætlega í köldu gróðurhúsi. Plantan kys næringarríkan og sandblandaðan jarðveg enda polir hún illa að standa í bleytu. Æskilegt pH er 5,5 til 6,8 eða súr jarðvegur.

Fræin eru lítil og því dreift yfir jarðveginn og spira þau best við 15 til 25° á Celsíus. Við útplöntun er hæfilegt bil milli plantna um 45 sentimetrar.

Yrki sem gætu gengið hér á landi vegna örs vaxtar eru 'Mantovano', 'Bianco', 'Perfezione Sel Fano', 'Victorio', 'Romanesco', 'Floren', 'Zefa Fino' og 'Trieste' sem sagt er að nái fullum þroska á 75 til 90 dögum.

Fennika á Íslandi

Lítið fer fyrir fenniku í íslenskum blöðum og tímaritum fram yfir miðja síðustu öld. Í Pottarími Sigrúnar Davíðsdóttur í Morgunblaðinu 4. mars 1979 fjallar Sigrún um það sem hún kallar sjaldgæft grænmeti.

Þar segir Sigrún meðal annars að fennel, eins og hún kallar plöntuna, sé falleg jurt. „Jurtin er svolítið sæt og bragðið minnir auk þess á anís eða jafnvel lakkrís. Sem forréttur er það gott skorið í sneiðar og borð fram með ídýfum hvers konar. Einnig er það gott sem eftir- eða milliréttur. Ítalir hafa þann ágæta hátt á að bera stundum fram grænmeti í ísvatni. Þá verður það stökkt og kalt. Þetta á vel við fennel. Soðið fennel er mjög gott með hvers kyns kjótréttum, ekki sízt með glóðarsteiktu kjöti og lifur. Þá er tilvalið að skera hnyðin í sneiðar, setja í sjóðandi vatn og sjóða í 5 mín. eftir að suðan kemur upp. Síðan látið þið vatnið renna af sneiðunum, setjið þær í smurt, ofnfast fat eða bakka, ásamt smjörklípum hér og þar og bakið við u.þ.b. 200° í 15 mín. Ekki er lakara að strá osti, blönduðum brauðmylsnu yfir fennelið og baka þannig þar til osturinn er orðinn stökkur og gullinn. Þar hafið þið lostæti með kjöti eða glóðarsteiktum eða bökuðum lifrarsneiðum. Bakað fennel er auk þess gott sem milliréttur. Fennel í ostasósu og bakað í ofni er einnig ljómandi réttur, bæði einn sér, eða með öðrum mat. Einnig þykir gott að baka fennel í hollenzkri sósu.“

Í dag er fennika helst þekktust sem megrunarfæði sem lætur spikið hreinlega renna af fólki og fræin losandi séu þau soðin í te. Hrukkur eru einnig sagðar sléttast eins og hendi sé veifað sé borið á andlitið hrein jóguurt sem blönduð hefur verið með muldum fennikulaufi og -fræjum ásamt slettum af hunangi.




Fennikufrae eru 4 til 10 millimetrar að lengd og mikið notuð sem krydd á fisk.

undirstöðubragðefnum í ákavíti og það er notað sem bragðefni í tannkremi. Gott þykir að borða stöngulinn hráan til að losa um slím í hálsi og draga úr hósta. Í stórum skömmtum er fennika sögð þvaglosandi.

Í hundrað grómmum af fenniku er um 345 kílókaloríur, plantan er rík af próteini, trefjum, B-vítamíni og steinefnum einkum kalsíum, járn, magnesíum og mangan.

Plantan er öll bragðsterk og notuð til matargerðar víða um heim. Þurrkuð blóm eru sögð bragðsterkust og eru dýrt krydd.

Ristuð eða grilluð fennika þykir góðgæti í Austurlöndum nær og allt til Indlands. Hún er einnig borin fram fersk á eftir aðalréttinum til að róa magann og draga úr andremmu. Í



Dionýsosarsprotinn þyrus.

Ævisaga séra Stefáns Stephensen:

Stefán sterki

Presturinn Stefán sterki Stephensen, sem var uppi 1832 til 1922, var þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Stefán var annálaður kraftamaður, stórhuga hugsjónamaður og dugnaðarforkur sem skilaði merku ævistarfi. Stefán er einn þeirra sem lagði grunninn að stofnun Búnaðarfélags Íslands. Hann var einnig breyskur drykkjumaður og á köflum fljóttær og mistækur.

Í bókinni Stefán sterki, myndbrot úr mannsævi, segir Þórir Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprestur og sonarsonur Stefáns, ítarlega frá ævi afa síns og samtíð hans.

Framfaramaður í landbúnaði

Stefán var af fátæku fólki kominn en honum tókst með dugnaði og forsjá að koma traustum fótum undir efnahag sinn. Af mikilli hörku hóf hann sig yfir ótrúlegar raunir í fjölskyldumálum og varð sterkur og framsýnn athafnamaður í öllu er að búskap lýtur. Hann varð ótrúlega fundvís á nýjungar, sem skiptu miklu máli fyrir þjóðarhag. Má þar nefna Skeiðaáveituna og framkvæmdir hans á Ólafsvallaengjunum, tilraunir til svínaræktar, framkvæmdir Búnaðarfélags Grímsneshrepps undir hans stjórn og tillögur sem lögðu grundvöllinn að Búnaðarfélagi Íslands. Hér má einnig nefna tillöguflutning hans í sýslunefnd, sem leiddi til stofnunar Sláturfélags Suðurlands og síðar Kaupfélags Árnesinga.

Stefán var lengstum prestur í Árnesþingi, fyrst á Ólafsvöllum á Skeiðum og síðar á Mosfelli. Um leið og hér er rakin lífssaga sveitaprests fáum við innsýn í merka atburði Íslandssögunnar og ættarsögu Stefánunga eins og lesa má í eftirfarandi brotum úr bókinni.

Hefðbundinn búskapur

Fráfærur voru hluti hins hefðbundna búskapar á þessum árum. Sauðamjólkin var mest nýtt til skyrgerðar. Nautgriparkætin var undirstaða smjörframleiðslunnar, en þar varð líka til undanrenna til skyrgerðar. Aukaafurðir þar voru áfir, sem mest voru gefnar kálfum, og mjólkursýra, sem mikið var notuð til drykkjar, en varðveitti svo líka súrmatinn. Á seinni hluta 19.

aldar bættust við sauðfjárræktina búdrýgindi í forni sauðasölu til Englands. Hross voru ræktað til reiðar og áburðar, þ. e. fólks- og vöruflutninga. Allar húðir voru verkaðar og nýttar heima í skæði og klæði, kjöt allt til fæðu. Þar var þó ein stór undantekning. Hrossakjötið, sem áður var notað til förna handa hinum heiðnu goðum, þótti ekki við hæfi á betri heimilum og alls ekki á prestssetrum, sbr. þáttinn um veru séra Stefáns í Görðum.

Sjávarfangs var aflað með því að senda vinnumenn til útróðra á vertíðum. Þannig var aflað matar fyrir heimilið, en einnig til innleggs á Eyrarbakka í verslunarreikninginn



Sigríður Stephensen, eiginkona Stefáns.

vinnumanninum, er hann hélt heim á leið, og sagt, að ekki hefði hann leyft honum slæggjurnar, hefði hann vitað, að hann mundi senda „sjálfan áran“ til slátтарins.

Hinn hagsýni framkvæmdamaður

Kaflarnir tveir hér að framan um bóndann og búnaðarfélagsmanninn séra Stefán segja sögu, sem víða er hægt að finna líkindi við. Séu aftur á móti lesnar tvær merkustu blaðagreinar hans um búnaðarmál, er ekki margt að finna eftir íslenskan prest og bónda á hans tíma, sem jafnast á við þær.

þar. Séra Stefán þurfti að láta sauma skinnklæði á vermennt sína og frú Sigríður að útbúa þá með góðan skrinukost, sem þeir höfðu gjarnan í koffortum eða skrinum.

Þau hjón tóku við tveimur kálgörðum, er þau fluttu að Ólafsvöllum. Enginn vafi er á því, að þar hafa verið ræktaðar kartöflur eins og heimilið þurfti og jafnvel eitthvað fleira.

Engjaheyskapur var mikill og var það algengt, að bændur úr nágrennasveitum keyptu slæggjur hjá Skeiðabændum. Eitt sinn fékk Helgi Magnússon í Birtingaholti leyfi hjá sr. Stefáni til að senda vinnumann sinn, Helga nokkurn Eyjólfsson, til eins dags slátтар á engjum hans. Sló hann þá 40 hestburði á þessum eina degi. Séra Stefán mun hafa skrifað Birtingaholtsbóndanum bréf með

á við þær. Önnur þeirra, Suðuramtsbúnaðarfélagið og sveitabúnaðarfélagin, er skrifuð 25. júlí



Stefán Stephensen um sextugt.



Prestsskurðurinn sem Stefán lét grafa úr Vatnsstæðum norðan Ólafsvalla upp í Baulubotna.

1894, árið sem séra Stefán var kosinn forseti félagsins. Það

hefur trúlega verið ástæða þess, að hann fór á þar umræddan fund Búnaðarfélags Suðuramtsins. Það var stofnað 1837 að nokkru leyti að tilhlutan stjórnvalda og naut ríkisstyrks. Félagið notaði hann til að verðlauna umbætur í landbúnaði, styðja menn til búnaðarmáms erlendis, fá hingað erlenda áveitufraðinga og launa ráðunauta. Þetta var nokkurs konar ríkisstofnun. En á aðalfundi 1894 lagði séra Stefán fram róttækar og reyndar nútímalegar tillögur um breytt skipulag félagsins. Þeim var í fyrstu tekið með tortryggni, en séra Stefán kom sínu fram, íslenskum landbúnaði til mikilla hagsbóta.

Skemmtilegar sögur og þjóðlífsmyndir

Ævisaga Stefáns Stephensen er vönduð ævisaga þar sem fjallað er á áhugaverðan hátt um Stefán sterka og samtíð hans. Bókin er ríkulega myndskreytt og í henni er að finna bæði skemmtilegar sögur og áhugaverðar þjóðlífsmyndir sem gera hana að áhugaverðri lesningu um líf og starf framfarasinnaðs landsbyggðarprestis um miðja nítjándu öld og í byrjun þeirrar tuttugustu. Útgefandi er Þórir Stephensen. /VH



Mosfellskirkja í Grímsnesi.



Stefán 78 ára gamall.

MENNING & SAGA

Vesturfaramiðstöð Austurlands:

Siglt, gengið, riðið og rúllað í lest – Ferðin vestur

Á Vopnafirði er starfandi lítið áhugamannafélag sem heitir Vesturfaramiðstöð Austurlands, í daglegu tali kallað Vesturfarin. Þrátt fyrir að félagið sé fremur fámenn er starfsemi ansi öflug.

Dagleg starfsemi snýr að margvíslegum rannsóknum á ættartengslum milli núlifandi Íslendinga og afkomenda þeirra sem fluttu vestur um haf, einkum á árabílinu 1870–1914. Þetta er þjónusta sem mjög mikilvægt er að boðið sé upp á þar sem mikill fjöldi Vestur-Íslendinga hefur áhuga á að kanna uppruna sinn.

Af og til hefur Vesturfarin staðið fyrir minni háttar sýningum þar sem einkum hafa verið dregnar fram upplýsingar fyrir Vestur-Íslendinga.

Oft hefur komið fram áhugi hjá þeim sem sótt hafa þjónustu hjá Vesturfaranum að reynt yrði að gera skil því langa ferðalagi sem fólk lagði í þegar það flutti til Ameríku. Það var af þessu tilefni ákveðið að fara í rannsókn á málinu. Fljótt kom í ljós að þessu máli hefur ekki verið gerð viðhlitandi skil hér á landi og því varð verkefnið ansi viðamiklið.

Nú er búið að draga saman miklar og víðtækar upplýsingar um allt ferlið frá því að fólk steig á skipsfjól hér á landi þar til það var komið á ákvörðunarstað í nýja landinu. Upplýsingarnar hafa verið settar fram, í máli og myndum, þannig að sem flestir og helst allir átti sig á því hvernig ferðalagið gekk fyrir sig.



Póstskip „Verona“ (1876). Sigldi með vesturfara frá Seyðisfirði til Skotlands.



SS Laura sigldi á árunum 1884 til 1893 frá Austurlandi til Skotlands með vesturfara. Það gerði einnig systurskipið Thyra (1888-1893). Mynd / Úr safni Cathy Josephson



Algeng sjón af dekki vesturfaraskipa. Þessi mynd var tekin um borð í gufuskipi norður-þýska skipafélagsins Lloyd sem bar nafnið Kaise Wilhelm der Grosse. Þarna eru farþegarnir sænskir að uppruna.



Fjórir ferðalangar bíða eftir ferju. Mynd / Library of Congress

Sýning með þessum upplýsingum var opnuð á Vopnafirði frá mánaðamótum maí/júní og stendur fram til loka ágúst. Gert er ráð fyrir að sýningin verði opin alla daga frá kl. 10-17.

Rétt er að geta þess að þetta verkefni hefur aldrei orðið að veruleika ef ekki hefðu komið til styrkir, einkum frá Uppbyggingasjóði Austurlands, Vopnafjarðarhreppi og Þjóðræknifélögum Vestur-Íslendinga, bæði í Bandaríkjunum og Kanada.

Svitahof á Eyrarbakka

Davíð Kristján Guðmundsson fyrir hönd fyrirtækisins „David the Guide“, hefur óskað eftir því við bæjaryfirvöld í Árborg að fá athafnasvæði á Eyrarbakka til uppbyggingar á Svitahofi. Svitahof, eða „Sweat“ er margra alda gömul hefð indjána Norður, Mið- og Suður-Ameríku til að heila líkama og sál.

Davíð Kristján hefur átt fund með bæjarstjóra og bæjarfulltrúum í Árborg, sem lýstu yfir velvild til verkefnisins og er sameiginlegur áhugi og vilji til að stuðla að frekari uppbyggingu á Eyrarbakka. Verkefnið er þróunarverkefni, þar sem fyrsta skrefið er úthlutun á umræddu landi.

„Með því er hægt að hefja frekari uppbyggingu, t.a.m. með því að byggja sérstök tjöld, sem eru varanleg í þeim skilningi að ekki er um hefðbundin útilegutjöld að ræða, þar sem ferðamenn, jafnt innlendir og erlendir, geta sofnið í. Auk þess sem halda megi frekari Svitahof, rætt var um svokallaða Jógadaga, og margs konar viðburði sem hægt væri að bjóða upp á með slíkri aðstöðu.“ segir m.a. í erindi Davíðs Kristjáns til bæjaryfirvalda í Árborg. /MHH

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Heimild: Prentmiðjökinn Gallup, október 2018. Aldur 12-80 ára.

Lestur Bændablaðsins:

- 20,4% á höfuðborgarsvæðinu
- 45,6% á landsbyggðinni
- 29,5% landsmenn lesa Bændablaðið

Bændablaðið Hvar auglýsir þú?

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 11. júlí
 Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

HEITUR POTTUR.IS
 KALDUR POTTUR.IS

GÁMATILBOÐ

Saunatunnur – saunaofnar – viðarpottar – viðarkynding

info@heiturpottur.is | S: 416 - 2500
 HEITURPOTTUR.IS | KALDURPOTTUR.IS

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Blómgunartími dalía er 6–8 vikur og eru blómin ákaflega fjölbreytt að stærð og lit.

Dásamlegar daliur – glæsilegir glitfíflar

Daliur hafa verið vinsælar garðplöntur í Evrópu allt frá því þær bárust þangað fyrst frá Ameríku árið 1789. Áður höfðu Aztekar ræktað þær sem nytjaplöntur en rótarhnýðin voru nýtt til matar.

Einhverra hluta vegna náði þessi fæðuflokkur ekki vinsældum hérna megin Atlantsála en vinsældir dalíanna sem skrautplantna áttu eftir að ná miklum hæðum.

Íslendingar tóku dalíum opnum örmum eins og aðrar þjóðir og vöktu þær svo mikla hrifningu að sérstakur dalíuklúbbur var stofnaður innan Garðyrkjufélags Íslands um ræktun plantnanna. Sá klúbbur er enn starfandi og þykir mikill heiður að fá inngöngu í hann, þótt tengsl hans við Garðyrkjufélagið séu kannski óljósari en áður.



Dahlia x cultorum. Fyllt með bleikum kanti.

og standa skrautleg blómin svo upp úr honum á grónum blómstönglum.

Hnýðisdaliur eru ræktaðar upp af hnýðum sem fást í öllum betri blómaverslunum á vorin. Einnig bjóða margar garðyrkjustöðvar upp á forræktaðar plöntur í pottum og eru þær þá yfirleitt tilbúnar til að fara út í garð. Hnýðisdaliur eru aftur flokkaðar í fjölmarga hópa eftir stærð og lögum blómanna. Sumar þeirra eru með svo stór

Fjölgað með fræi eða hnýðum

Íslenskt heiti dalíanna er glitfífill en einhverra hluta vegna hefur það heiti ekki náð miklu flugi, í daglegu tali er alltaf talað um daliur. Þær daliur sem mest eru ræktaðar hérlendis eru flokkaðar í tvo hópa, sáddaliur sem eru frekar lágvaxnar og ræktaðar upp af fræi og svo hnýðisdaliur sem eru ræktaðar upp af hnýðum og geta orðið mjög stórar og myndarlegar. Daliur tilheyrja körfublómaættinni.

Endalaus litadýrd

Sáddaliur eru, eins og áður sagði ræktaðar upp af fræi og er sáð til þeirra á vorin. Blómgunartími þeirra er um 6–8 vikur yfir sumarið og eru blómin ákaflega fjölbreytt að stærð og lit. Blóm dalíanna geta verið frá því að vera einföld (með einfalda röð af tungukrónum í jafri blóms) yfir í að vera þéttfyllt. Blómlitir dalíanna eru hvítir, gulir, appelsínugulir, rauðir og bleikir en þær eiga það sameiginlegt með rósum að þær eru aldrei bláar. Hæð sáddalía er um 30–50 cm, þær mynda fallegan blaðbrúsk



Allar daliur vilja sólríkan, hlýjan og skjólgóðan vaxtarstað.

blóm að þau eru á stærð við barnshöfuð. Til eru hnýðisdaliur með kúlulaga blóm, sumar eru með örmjó krónublöð en yfirleitt eru þær allar með fallega fyllt blóm. Blómlitir hnýðisdalía eru eins og annarra dalía, nær allir litir nema blár og oft eru þær tvílitar.

Birtan skiptir máli

Allar daliur eiga það sameiginlegt að vilja sólríkan, hlýjan og skjólgóðan vaxtarstað. Blóm plantnanna eru svo stór og á það grónum stilkum að hætt er við að þau brotni af í hvassviðri. Daliur kjósa rakaheldinn og frjósaman jarðveg og mikilvægt er að muna eftir að gefa þeim áburð ef þær standa í pottum eða kerum. Einnig er skynsamlegt að styðja við blómstöngla hnýðisdalía með bambuspriki, til að draga úr hættunni á skakkaföllum og stöngulbroti.

Sagt hefur verið að blóm dalía nálgist það að vera fullkomin, frá sjónarhorni fegurðar og blómlögunar, að öllu leyti nema því að blómin ilma ekki. Það gæti valdið vonbrigðum hjá sumum en gleði hjá öðrum því ekki eru allir hrifnir af mikið ilmandi plöntum.

Guðrún Helgadóttir, garðyrkjufraeðingur hjá Lbhí

UMHVERFI & NAFNGIFTIR



Þórisstaðir í Svínadal.

Myndir / Guðni Hannesson

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Leiðbeiningar handa sveitarfélögum um samsetningu og notkun örnefna


Sífelld er þörf fyrir ný örnefni á Íslandi. Reglulega verða landsumbrot sem breyta landslagi þannig að kallar á ný örnefni. Nýleg dæmi eru Holuhraun og berghlaupið í Hítardal ásamt stöðuvatninu sem það myndaði: Skriðan og Bakkavatn.

Stöðugt verða hægfara breytingar á landslagi, til dæmis hefur hop skriðjökla á undanföllum árum leitt til myndunar nýrra lóna sem hefur þurft að nefna. Þetta eru nöfn á náttúrufyrirbærum, en uppbygging mannvirkja í bæjum og sveitum kallar líka á ný nöfn á til dæmis götum og torgum, býlum og landeignum, og þetta eru líka örnefni. Þessi síðastnefndu örnefni eru notuð til að skrá svonefnd staðföng, en það er hugtak sem nær yfir það sem í daglegu tali er kallað heimilisföng, en hefur einnig víðari skírskotun. Nánari upplýsingar um hugtakið staðfang má finna í Handbók um skráningu staðfanga sem Þjóðskrár Íslands hefur gefið út.

Lög um örnefni

Í fréttatilkynningu frá Stofnun Árna Magnússonar segir að ný lög um örnefni hafi tekið gildi snemma árs 2015 og er í þeim meðal annars kveðið á um að ný örnefni skuli vera í samræmi við staðhætti og íslenska örnefnahefð og einnig í samræmi við íslenska málfræði og málvenju.

Lögin kveða einnig á um veigamikil hlutverk sveitarfélaga bæði við að búa til og skrá ný örnefni. Að sumu leyti er hlutverk þeirra stærra en var fyrir setningu nýju laganna. Sem dæmi eru umsóknir um ný og breytt nöfn á býlum ekki lengur afgreiddar af Örnefnanefnd heldur af viðkomandi sveitarfélagi. Áður lagði Örnefnanefnd mat á það meðal annars hvort tillögur að nýjum bæjanöfnum samrýmdust íslenskri örnefnahefð og samþykktu þær eða hafnaði þeim eftir atvikum. Lögin kveða eftir sem áður á um að ný nöfn skuli samrýmast íslenskum nafngiftahefðum (og uppfylla



Skaftafell.

önnur skilyrði laga), en nú eiga sveitarfélögin að ganga úr skugga um að svo sé áður en ný örnefni eru skráð.

Skráning örnefna

Við skráningu nýrra örnefna þarf þess vegna að huga að mörgu og mikilvægt er að sveitarfélög hafi sem greiddastan aðgang að leiðbeiningum um örnefnamál. Liður í því eru nýjar leiðbeiningar: Örnefni — Leiðbeiningar handa sveitarfélögum um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landmælingar Íslands og Örnefnanefnd hafa nú gefið út.

Í leiðbeiningunum er meðal annars gerð grein fyrir því helsta sem hafa þarf í huga til þess að ný örnefni samræmist markmiðum örnefnalaga um viðhald og varðveislu örnefna og örnefnahefða. Þar er einnig farið yfir reglur sem gilda um samráð við Örnefnanefnd í ákveðnum tegundum mála og minnt á öryggissjórnarmið sem taka þarf tillit til við skráningu staðfanga, svo eitthvað sé nefnt.

Ráðgjöf við val á nýjum örnefnum

Leiðbeiningarnar eru sérstaklega ætlaðar fulltrúum sveitarfélaga sem sjá um skráningu staðfanga á vegum þeirra, en einnig þeim sem gera

tillögur að nýjum örnefnum: nöfnum á býlum, götum, sveitarfélögum og náttúrufyrirbærum. Þær eru þáttur í því að aðstoða sveitarfélög við að viðhafa góða starfshætti í örnefnamálum.

Í bæklingnum er einnig sagt frá því að hægt er að sækja ráðgjöf um skráningu staðfanga og um örnefnamál almennt til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM). Hún hefur það hlutverk að veita almenningi og stofnunum ráðgjöf um örnefni, til dæmis um nýjar nafngiftir og skráningu örnefna. Samkvæmt lögum eru staðföng, til dæmis bæjanöfn og götunöfn skilgreind sem tegund örnefna og þau falla því undir ákvæði laga um örnefni.

Ráðgjafarhlutverki SÁM á sviði örnefnamála er sinnt á nafnfræðisviði stofnunarinnar sem er arftaki Örnefnastofnunar Íslands. Fulltrúar sveitarfélaga sem starfa við að skrá staðföng geta haft samband við starfsmenn sviðsins þegar vafi leikur á því að nafn, sem nota á við skráningu staðfanga, samræmist góðum háttum í örnefnamálum. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu sviðsins: <https://www.arnastofnun.is/is/nafnfrædi>

Leiðbeiningarnar hafa þegar verið sendar til allra 72 sveitarfélaga á landinu. Þær er einnig hægt að nálgast á rafrænu formi á heimasíðu Örnefnanefndar: www.ornefnanefnd.is. /VH



Akratorg á Akranesi.

LESENDABÁS

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið:

Stjórnsýsla landbúnaðar- og matvælamála eflid

Alþingi samþykkti í byrjun þessa mánaðar frumvarp mitt um breytingu á stjórnsýslu landbúnaðar- og matvælamála þannig að verkefni, sem nú heyrir undir Matvælastofnun, færast til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 1. janúar næstkomandi.

Verkefnið varð stjórnsýsla búvöruframleiðslunnar samkvæmt búvöruölgum, búnaðarlögum, búvörusamningum og búnaðarlagasamningi. Til þessa telst skráning greiðslumarks lögbýla, framkvæmd beingreiðslna, söfnun hagtalna um búvöruframleiðsluna, eftirlit með ásetningu búfjár, söfnun hjarðbóka o.fl. Flest þessara verkefna voru fram til ársloka 2015



Kristján Þór Júlíusson.

í höndum Bændasamtaka Íslands en voru færð til Matvælastofnunar árið 2015 til samræmis við tillögur Ríkisendurskoðunar þar að lútandi.

Með því að koma þessum stjórnsýsluverkefnum á einn stað undir einni yfirstjórn í ráðuneytinu er horft til þess að auka möguleika til forgangsröðunar og gefur möguleika til að þróa stjórnsýsluna með skilvirkari hætti. Þannig mun t.d. hverfa tvíverkaður

sem sprottið hefur af framkvæmd greiðslna til bænda, gerð samninga og umfjöllun álitaefna á tveimur stöðum. Það auðveldar þennan flutning að umrædd verkefni eru skýrt aðgreind frá öðrum verkefnum Matvælastofnunar og falla raunar ekki sérlega vel að kjarnaverkefnum hennar sem eru matvælaeftirlit og eftirlit með heilbrigði og aðbúnaði dýra.

Samþykkt frumvarpsins er

því virkilega ánægjulegt skref sem mun efla stjórnsýslu og stefnumótun á sviði landbúnaðar- og matvælamála. Hér er því um mikið framfaramál að ræða fyrir íslenska bændur og raunar alla þá sem standa að íslenski matvælaframleiðslu.

Kristján Þór Júlíusson,
sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðherra.

Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði í mörgum útfærslum

Slöngur og úðarar (sprinklerar) í öllum stærðum.
Dælur: Rafdrifnar, bensín, dísil, traktorsdrifnar, glussadrifnar.

Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is www.hak.is



Sjávarútvegssýningin stækkar í Laugardalshöll

Sjávarútvegssýningin SJÁVAR-ÚTVEGUR 2019 – ICELAND FISHING EXPO 2019 verður haldin Laugardalshöll í haust.

Að sögn Ólafs M. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra sýningarinnar, hefur sýningin stækkað umtalsvert frá síðustu sýningu 2016 og mun hún nú fylla alla sali Hallarinnar:

„Sýningin hefur vaxið töluvert og mikil eftirspurn hefur verið eftir sýningar svæðum bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Það er ánægjulegt að sjá hversu fjölpætt sú þjónusta er sem íslenskur sjávarútvegur býr yfir. Á sýningunni verður að finna bæði stór og smá fyrirtæki er þjóna sjávarútveginum og sýna allt það nýjasta á þessu sviði.“

Ég hef alltaf haft sterkar taugar til sjávarútvegsins enda hefur hann

fleytt okkur í gegnum boðaföll alls kyns kreppa og áfalla í gegnum áratugi. Sjávarútvegurinn er að þróast í átt til hátækniðnaðar sem má sjá í fjölbreytni fyrirtækjanna sem taka þátt í sýningunni. Tilgangur sýningarinnar er að veita fagaðilum og áhugafólki tækifæri til að kynna þróun og nýjungum í sjávarútvegi. Þessar jákvæðu tæknibreytingar skipta miklu fyrir velferð íslensks samfélags.

Við opnun sýningarinnar verða veittar viðurkenningar til þeirra er hafa skarað fram úr á árinu. Þarna hefur fjölbreyttur hópur innan sjávarútvegsgeirans tækifæri til að hittast en almenningur á einnig fullt erindi á sýninguna.“

Sjávarútvegssýningin 2019 hefst miðvikudaginn 25. september og lýkur föstudaginn 27. september.

VILLT ÞÚ BÚA TIL PENING OG FULLT AF SKEMMTILEGUM VÖRUM ?



TIL SÖLU VÉLAR OG TÆKI
TIL FRAMLEIÐSLU OG TIL PÖKKUNAR Á T.D.:
MORGUNKORNI, SNAKKI OG SÆLGÆTI,
-HOLLU EÐA SÆTU-

VEGNA PLÁSSLEYSIS HÖFUM VIÐ ÁKVEDIÐ AÐ SELJA VÉLARNAR OG TÆKIN OKKAR OG BJÓÐA UPPÁ EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ FRAMLEIÐA ÍSLENSKAR VÖRUR. EINNIG ER MIKILL MÖGULEIKI Á TEKJUM VIÐ AÐ PAKKA INN VÖRUM FYRIR ÖNNUR FYRIRTÆKI + UMBÚÐIR OG UPPSKRIFTIR AF BYGGA MORGUNKORNI !!!

MÖGULEIKARNIR ERU ENDALOUSIR!

INNIFALIÐ Í PAKKANUM ER M.A. MULTI-HEAD 10 HAUSA PÖKKUNARVÉL, TVÖFÖLD KRYDDTROMLA, EXTRUDER, 3 LAGA FÆRIBANDA OFN, OLÍU ÚÐARI, 80KG BLANDARI, KORN/MJÖL RAKAMÆLIR, LOFTRÆSTIBÚNAÐUR OFL OFL.

-AÐEINS HÆGT AÐ KAUPA ALLT SAMAN-
FREKARI UPPLÝSINGAR : honnun.arla@gmail.com

EINSTAKT TÆKIFÆRI - MIKLIR ATVINNUMÖGULEIKAR
T.D. Í MINNI BÆJARFÉLÖG.

GMC SIERRA
3500HD DENALI



VERÐ: 9.160.000 KR. ÁN VSK. - 11.358.400 KR. M/VSK.

Akreinavari, regnskynjari, bakkmyndavél, Bluetooth, fjarlægðarskynjarar að framan og að aftan, glerþoppluga, hiti og kæling í framsætum, hraðastillir, stigbretti o.fl.

FORD F350
PLATINUM ULTIMATE FX4



VERÐ: 9.590.000 KR. ÁN VSK. - 11.891.600 KR. M/VSK.

360° myndavél, bakkmyndavél, blindsvæðisvörn, dráttarbeisli, fjarlægðarskynjarar, glerþak, hiti í framsætum og stýri, leðuráklæði, lykillaus ræsing, nudd í framsætum, regnskynjari o.fl.

NÝIR


GMC SIERRA OG
FORD F350

NOKKRIR LITIR Í BOÐI

TÖKUM GAMLA BÍLINN ÞINN UPP Í.



100 BÍLAR EHF • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999 • WWW.100BILAR.IS
100BILAR@100BILAR.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST



UTAN ÚR HEIMI

Ræktunarjarðvegur eyðist hraðar en hann myndast

Gróft ætlað vaxa um 95% af nytjajurtum heims í efsta jarðvegslagi jarðarinnar, moldinni, og það gerir moldina að undirstöðu matvælaframleiðslu í heiminum. Talið er að vegna uppblásturs hafi um helmingur ræktunarjarðvegs heimsins tapast á síðustu 150 árum.

Helsta ástæða uppblástursins er sögð vera hefðbundinn landbúnaður þar sem stunduð er nauðræktun og þar sem land er mikið plægt og moldin skilin eftir ber og óvarin fyrir veðri og vindi. Í Bandaríkjunum einum er sagt að góður ræktunarjarðvegur hverfi tíu sinnum hraðar en hann myndast.

Að sögn fræðinga hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu



þjóðanna tekur um eitt þúsund ár fyrir þrjá sentímetra af góðum yfirborðsjarðvegi að myndast við góðar aðstæður. Sérfræðingar við sömu stofnun segja einnig að flest bendi til að efsta jarðvegslagið í heiminum, moldin, verði að mestu horfin eftir hálföld eða svo.

Samhliða skorti á ræktarlandi og minni matvælaframleiðslu mun jarðvegstap leiða til minni vatnsleiðni, aukinnar losunar koltvísýrings, hlýnunar jarðar og næringarminni afurða. *NH*

LESENDABÁS

Sala aflátsbréfa raforku

Í Evrópu er stór hluti raforku framleidd með kjarnorku, kolum eða öðrum mengandi orkugjöfum. Evrópusambandið hefur sett sér reglur sem miða að því að skapa markaðsverð fyrir hreinleika raforku og eru viðskipti með upprunaábyrgðir raforku liður í þeirri viðleitni.

Sala aflátsbréfa

Fyrirtæki sem framleiða raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum eins og fallvötnum geta selt slík vottorð innan sambandsins algjörlega óháð því hvort raforkan sé afhent sem slík. Sú staðreynd hefur orðið til þess að ábyrgðirnar eru stundum nefndar aflátsbréf. Fyrirtæki geta með því móti framvísað þessum vottorðum til viðskiptavina sinna og þar með sannað stuðning sinn við hreina orkuframleiðslu. Markmið kerfisins er að auka hlut endurnýjanlega orkugjafa og örva orkuframleiðendur til dáða á grundvelli tekjumöguleika. Hreinleiki orkunnar verður þannig að sjálfstæðri auðlind.

Hreinleiki orku er sjálfstæð auðlind

Með tilskipun EB nr. 77 frá 2001 og lögum nr. 30 frá 2008 voru innleidd í íslenskan rétt ákvæði sem ganga út á að skapa skilyrði á öllu svæðinu fyrir viðskipti á upprunaábyrgðum raforku sem framleiddar eru með endurnýjanlegum orkugjöfum. Var hreinleiki orku þannig skilgreind sem sjálfstæð auðlind.

Níföld aukning á sex árum

Í svari ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn greinarhöfundar sem barst í lok apríl koma fram upplýsingar um sölu upprunaábyrgða raforku. Þar kemur fram að sala íslenskra orkufyrirtækja á þessum aflátsbréfum hefur stórukaust á síðustu árum. Á árinu 2011 seldu fyrirtækin 2,06 TWst., en var komin í 18,43 TWst. 2017. Aukningin á þessum sex árum er níföld. Samsvarandi raforkunotkun innlands á árinu 2017 er 3,60 TWst., sem er tæp 20%, en ábyrgðir fyrir það sem eftir stendur eru seldar til erlendra kaupenda.

Heildarverðmæti ábyrgða liggur ekki fyrir

Þar kemur fram að heildarverðmæti seldra ábyrgða liggur ekki fyrir, en áætla má að verðmæti þeirra verði 800-850 milljónir á árinu 2018. Þannig er áætlað að Landsvirkjun hafi selt ábyrgðir fyrir 600 milljónir á því ári, Orka náttúrunnar fyrir 150 milljónir og restina selur HS orka, en fjórða fyrirtækið, Orkusalan selur



Karl Gauti Hjaltason.

ekki ábyrgðir en lætur þær fylgja fyrir allan sinn markað. Verðið á ábyrgðunum sveiflast mjög og á árabílinu 2011-17 hefur meðalverðið verið á bilinu 0,2-2 evrur á hverja MWst.

Áhrif á raforkuverð

Greinarhöfundur hefur velt upp þeirri spurningu hvort ekki sé hættu á að innlendir framleiðendur gætu lent í vandræðum ef þeir þyrftu að sanna hreinleika raforkukaupa sinna t.d. gagnvart erlendum viðskiptavinum. Þá þyrftu þeir í raun að kaupa vottorð í samkeppni við erlenda aðila. Slíkt gæti hækkað raforkuverð hér innanlands. Ráðherra telur að þessi hættu sé ekki fyrir hendi, því auknar tekjur innlendu raforkufyrirtækjanna ættu fremur að leiða til lækkunar á raforkuverði eða stuðla að nýjum fjárfestingum.

Hreinleiki án endurgjalds

Neytendur hér á landi hafa mátt líta svo að raforkan sem þeir kaupa sé upprunnin úr endurnýjanlegum orkugjöfum, helst fallvötnum en einnig í auknum mæli jarðvarmaorku. Þeir telja það sanngirnismál að verðmætið sem felst í hreinleika raforkunnar sé afhent þeim án endurgjalds. Þessi staðreynd er okkur mikilvæg og að innlendir vörur séu framleiddar á þennan umhverfisvæna hátt. Mikilvægt er því að orkufyrirtækin geti á öllum tímum staðið við þessar væntingar og að ásjúnd raforkuframleiðslu hér innanlands fái ekki á sig neitt það óorð sem geti bakað okkur tjón. Mest um vert í þessu samhengi öllu er að íslensku raforkufyrirtækin haldist áfram að vera í eigu þjóðarinnar eins og hingað til.

Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi kgauti@althingi.is

Á FAGLEGUM NÓTUM



Dr. Henk Hogeveen flutti opunarerindi ráðstefnunnar og fjallaði þar um hin miklu fjárhagslegu áhrif sem júgurbólga hefur á mjólkurframleiðsluna um allan heim.

Sjöunda alþjóðlega IDF júgurbólgu ráðstefnan

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Alþjóðlegu samtökin International Dairy Federation (IDF), sem m.a. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði eiga aðild að, standa á nokkurra ára fresti fyrir ráðstefnu um málefni tengd júgurbólgu og nýverið var sú sjöunda í röðinni haldin í Kaupmannahöfn í Danmörku. Ráðstefnan stóð yfir í tvo daga og voru þátttakendur hennar, sem komu víða að úr heiminum og m.a. frá Íslandi, nokkur hundruð enda mikill áhugi á þessu málefni sem veldur mestu fjárhagslegu tjóni við mjólkurframleiðsluna í heiminum öllum.

Alls voru haldnar 11 ólíkar málstofur á ráðstefnunni og auðvitað fjöldi áhugaverðra erinda sem ógerningur er að gera ítarlega grein fyrir. Eins og gefur að skilja á ekki allt efni á svona ráðstefnu beint við um íslenskar aðstæður en annað þeim mun meira og fer hér á eftir stutt samantekt um nokkur erindanna sem svo á við um.

Meðalkostnaðurinn rúmar 16.000 á hverja kú

Í opunarerindi ráðstefnunnar, sem var flutt af dr. Henk Hogeveen frá háskólanum í Wageningen í Hollandi, kom fram að við skoðun á 77 ritrýndum greinum um fjárhagsleg áhrif júgurbólgu í heiminum þá nemur meðalkostnaðurinn 116 evrum eða rúmlega 16.000 krónum á hverja kú óháð því hvort hún fái júgurbólgu eður ei!

Ef þetta meðalverð er uppreiðnað miðað við meðalbúið á Íslandi, eins og það var samkvæmt skýrsluhaldsupplýsingum í maí sl., þá gera það um 780 þúsund íslenskar krónur á hvert bú að jafnaði!

Vissulega er hér um erlendar meðaltölur að ræða og líklegur er hitt að kostnaðurinn hér á landi sé umtalsvert hærri. Hver svo sem hinn raunverulegi kostnaður við júgurbólgu er hér hjá okkur þá er dagljóst að hann hleypur á hundruðum milljóna og því má kosta allmiklu til við að ná góðum tókum á vandanum.



Júgurbólgu greining mjaltapjóna verður betri

Þrjú erindi sneru með einum eða öðrum hætti að færni mjaltapjóna til að geta greint júgurbólgu og gefið kúabóndanum réttar og góðar upplýsingar. Segja má að sammerkt hafi verið með öllum framsögumönnum að tæknin sem mjaltapjónaframleiðendur styðjast við í dag er orðin nokkuð góð í því að finna réttar kýr, en þó gerist það enn að kýr sem eru með júgurbólgu finnast ekki.

Búnaðurinn til þess að meta mjólkina um leið og kýrin er mjólkud er þó allaf að verða betri og betri auk þess sem algörtnarnir sem hugbúnaðurinn notast við verður einnig fullkomnari með hverjum deginum. Það megi því vænta þess að mjaltapjónar framtíðarinnar verði enn betri til að finna kýr með júgurbólgu og sérstaklega kýr með dulda júgurbólgu sem reynist þeim erfitt í dag.

Hægt að draga úr lyfjanotkun

Ein málstofa ráðstefnunnar sneri sérstaklega að lyfjanotkun og m.a. að því hvort og þá hvernig mætti draga úr notkun lyfja vegna júgurbólgu. Í dag er lyfjanotkun víða í heiminum afar mikil í tengslum við júgurheilbrigði og t.d. er enn þann dag í dag mjög algengt að bændur geldstöðumeðhöndla allar kýr þrátt fyrir að fyrir liggja að það er hrein sóun á lyfjum og getur ýtt undir lyfjaónæmi baktería sem talið er ein mesta ógnin sem stöðjar að heiminum um þessar mundir. Þá er einnig allt of algengt að notuð sé svokölluð þriðju- eða fjórðukynslóðar lyf gegn bakteríum,

þrátt fyrir að ekkert kalli í raun á slíka notkun. Notkun slíkra lyfja, sem vinna oftar en ekki á bakteríum sem hefðbundið penisillín gerir ekki, er lítið hornauga víða í heiminum enda óttast margir að ef notkun lyfjanna verður almenn þá geti orðið til enn eitt afbrigðið af ofurbakteríu sem engin lyf ná að vinna á.

Fram kom að Norðurlöndin eru leiðandi á þessu sviði enda hefur lyfjanotkun vegna meðhöndlunar á júgurbólgu verið afar hófleg og bundin miklum takmörkunum. Þannig hefur t.d. júgurbólgu meðhöndlun verið svotil eingöngu framkvæmd af dýralæknum og sérhæfð geldstöðumeðhöndlun verið í notkun um árabil. Þá hefur sú aðferð að geldstöðumeðhöndla allar kýr, hvort sem þær eru með júgursýkingu eða ekki, ekki verið stunduð svo nokkru nemi ólíkt því sem þekkest víða annarsstaðar.

Þrátt fyrir góða stöðu í samanburði við mörg önnur lönd þarf að gera enn betur og lykullinn að góðum árangri í því sambandi felst fyrst og fremst í forvörnum. Að koma í veg fyrir að kýrin komist í þá aðstöðu að júgurheilbrigði hennar sé ógnað er lang áhrifaríkasta aðferðin til að draga úr notkun á lyfjum eða með öðrum orðum að draga úr þörfinni fyrir lyfjagjöf. Þá kom einnig fram að mikil þörf væri á fræðslu bæði til dýralækna og bændanna sjálfrá um lyfjanotkun og mögulega neikvæð áhrif af rangri lyfjanotkun.

Spenadýfurnar virka!

Á ráðstefnunni var greint frá áhugaverðri írskri rannsókn á virkni 6 ólíkra gerða af spenadýfum en allar höfðu það sameiginlegt að þær má nota bæði fyrir og eftir mjaltir. Rannsóknin byggði á því að mæla magn af þekktum júgurbólguvaldandi bakteríum á spenum kúa fyrir og eftir meðhöndlun spenanna með dýfunum og kom í ljós að dýfurnar drögu verulega úr fjölda bakteríanna.

Að meðaltali fækkaði Staphylococcus bakteríum um 76% og Streptococcus bakteríum um 71% þegar dýfur voru notaðar. Niðurstöðurnar sýndu enn fremur að dýfur sem innihalda 0,5% chlorhexidine og 0,6% diamine höfðu mesta virkni á Staphylococcus bakteríur og dýfur sem innihalda



Á ráðstefnunni var haldin vegleg veggjaldasýning þar sem kynntur var margs konar fróðleikur varðandi júgurheilbrigði.

0,5% chlorhexidine, 0,29% jod og 0,8% mjólkursýru höfðu mest áhrif á Streptococcus bakteríur. Vísindafólkið sem að rannsókinni stóð mæltu með því að til að ná bestum jafnaðarárangri þá ættu bændur að nota dýfur sem innihalda chlorhexidine.

Of margir fara ekki eftir ráðleggingum!

Þrátt fyrir að fyrir liggja ýmis góð ráð til að draga úr líkum á júgurbólgu þá eru enn of margir bændur að gera eitthvað allt annað! Þetta kom m.a. fram í erindi sem byggði á samskiptum rannsókn á 180 þarlandum kúabúum.

Rannsóknin beindist fyrst og fremst að bústjórn kúabændanna og hvernig hana mátti tengja við júgurheilbrigði kúa á fyrsta mjaltaskeiði. Kúabúunum var skipt upp í þrjá mismunandi hópa eftir því hvernig frumutala búanna breyttist á milli þeirra mældinga sem rannsóknin náði til. Bændurnir voru svo heimsóttir og spurðir spjörnum úr varðandi það hvernig þeir stóðu að bústjórninni og umhirðu gripa sinna frá fæðingu að fyrsta burði.

Í ljós kom að þeir bændur sem áttu í mestum erfiðleikum með júgurheilbrigði þessara ungu kúa höfðu gert margt kolrangt í uppeldi og meðferð þeirra. Þannig gáfu t.d. 57% bændanna kvígumum mjólk frá kúm með júgurbólgu og 67% gáfu kvígumum mjólk frá kúm með háa frumutölu. Þá hóstu 77% bændanna kvígur, sem voru langt gengnar, með geldkúnum. Margt annað kom fram í rannsókninni sem bendir til þess að þrátt fyrir að almenn vitneskja sé til staðar um hvað beri að gera til að draga úr hættu á slæmu júgurheilbrigði hjá ungum kúm, þá meðtaki hreinlega ekki allir þá vitneskju.

Aukin örvun eykur afköstin

Þeir sem nota mjaltapjóna við

mjaltir þekkja það vel að kúr selja misvel og mjaltatímminn getur verið afar breytilegur. Starfsfólk mjaltapjónaframleiðandans Lely skoðaði nýverið áhrif mismunandi burstatíma, þ.e. örvunar á spenaenda, á afköst mjaltapjóna á 26 kúabúum. Niðurstaðan kemur etv. ekki stórlega á óvart, enda kom í ljós að með aukinni örvun ákveðinna kúa mátti auka afköst mjaltapjónanna. Þetta á sér í lagi við um kúr sem eru seinar í gang og eru í raun tóm mjólkkaðar í upphafi mjalta þar sem flæði mjólkurinnar frá mjólkurbliðrunum fer seint af stað. Í ljós kom í þessari rannsókn Lely að með því að lengja burstatíma á spenaendum kúa sem eru lengi í gang var hægt að minnka tóm mjaltarinnar í upphafi mjalta, auka meðalflæðihraða mjólkurinnar og um leið auka afköst mjaltapjónsins mælt í lítum mjólkur á hverja klukkustund.

Niðurstöðurnar benda skýrt til þess, sem raunar hefur verið ráðlagt í áraðir, að á hverju búi með mjaltapjón þá eigi að skoða mjaltaeiginleika hvernig kúr og haga stillingum mjaltapjónsins í samræmi við hinar ólíku þarfir sem kúrnar hafa.

Umhverfsvænni mjólkurframleiðsla með betra júgurheilbrigði

Lokaerindi ráðstefnunnar flutti hinn reynslumikli og virti Norðmaður og Íslandsvinur Dr. Olav Østerås en hann hefur starfað að júgurheilbrigðismálum í áratugi. Hann fór nýjar og áhugaverðar leiðir í sínu erindi en hann velti upp sambeginu á milli sjálfbærni-markmiða Sameinuðu þjóðanna og júgurheilbrigði! Etv. ekki alveg skýrt sambengi þarna á milli við fyrstu sýn en tilfellið er að með betra júgurheilbrigði þá er hægt að vera með umtalsvert umhverfsvænni

mjólkurframleiðslu í heiminum en hún er í dag!

Í máli Dr. Olav kom fram að mjólkurframleiðsla heimsins er í dag mun umhverfsvænni en hún var fyrir þó ekki nema rúmum áratug. Árið 2005 nam losun á CO2 2,8kg á hvert framleitt kíló mjólkur en árið 2015 nam losunin ekki nema 2,5 kg af CO2. Bæting um 11% á 10 árum en á sama tíma hefur mjólkurframleiðsla heimsins aukist þannig að þrátt fyrir að minna sé losað í dag af CO2 fyrir hvert framleitt kíló mjólkur þá hefur heildarlosun búgreinarinnar sem slíkar aukist á þessu tímabili. Hann benti á að ef það tækist að ná betri tökum á júgurbólgunni þá hefði það margvísleg áhrif sem ná langt út fyrir það sem almennt er tengt við umræðu um júgurheilbrigði. Þannig mætti, með betra júgurheilbrigði, selja fleiri lítra af mjólk í stað þess að henda henni með tilheyrandi framleiðslukostnaði og umhverfisáhrifum.

Bætt júgurheilbrigði stuðlar einnig að aukum afurðum kúnna, sem lækka enn frekar umhverfisáhrif framleiðslunnar og um leið dregur bætt júgurheilbrigði úr líkunum á aukningu lyfjaónæmra baktería. Allt væru þetta þættir sem skipta ekki bara mjólkurframleiðendur í heiminum máli, heldur heimsbyggðina alla.



TIL SÖLU:
FORTRON IÐNAÐARSAUMAVÉL
til merkingar á fatnað, derhúfur og vefnaðarvöru.

Kemur með öllum fylgihlutum og tölvu til hönnunar. Vélin hefur verið í þjónustu hjá Pfaff.

Verðtilboð.

Hafið samband í s. 897-7917

EYJALIND Varahlutir í VOLVO

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland **TINDAR OG HNÍFAR GOTT ÚRVAL**

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð af áhugaverðum jörðum

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjónn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

ÞEGAR ÁREIÐANLEIKI OG ÖRYGGI GERA GÆFUMUNINN!

Vandaðir utanborðsmótorar í mörgum stærðum **F2,5 - F350**

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ Á WWW.YAMAHA.IS

YAMAHA
Revs Your Heart

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4980
info@yamaha.is
www.yamaha.is

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

LESENDABÁS

Fallegasta húsið – uppbygging og umsátur

Við Sogið stendur afar fallegt hús á fallegum stað. Hönnun hússins og smíði, staðarval og aðlögun að umhverfinu er hugsað og framkvæmt með þeim hætti að kalla má með sönnu að húsið og lóðin sem því tilheyrir sé þjóðargersemi. Ahugamenn um íslenska menningu, byggingarsögu og náttúruvernd vita að hér er verið að tala um bæinn Laxabakka, sumarhús og höfundarverk Ósvaldar Knudsen kvikmyndagerðarmanns og málameistara.

Þegar svona mikil verðmæti eru í húfi mætti halda að allt meðvitað fólk myndi leggja á eitt að varðveita þessa einstöku perlu. En eins og lesendur Bændablaðsins hafa verið upplýstir um (sbr. viðtal við Hannes Lárusson 11. apríl sl.) hefur Landvernd og Héraðsnefnd Árnesinga, sem eru eigendur aðliggjandi jarðar, stofnað til ágreinings við núverandi og fyrri eigendur Laxabakka og þannig markvisst komið í veg fyrir allar uppbyggilegar aðgerðir á svæðinu í hátt á annan áratug.

Í viðtali við Auði Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra Landverndar, sem birtist í Bændablaðinu 29. maí sl. vantar all mikið upp á að staðreyndum sé haldið til haga og, að því er virðist, á nokkrum stöðum vísitandi gripið til ósanninda.

Staðreyndir

1. Íslenski bærinn ehf. að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi, sem er hugsjónastofnun, hefur að meginmarkmiði sýningar- og fræðslustarf um íslenskan torfbæjararf og vistvæna byggingarlist auk ræktunar heðfbundinnar verkmenningar, er þinglýstur eigandi að Laxabakka. Laxabakki er með landnúmer L170095, skráð í veðbók sem eignarlóð 10.000m² eða 1 hektari að stærð. Íslenski bærinn greiðir Grímnes- og Grafningshreppi fasteignagjöld af þessari eign, grundvölluð á fasteignamati á húsnum og tilheyrandi lóð.

Það er því beinlínis rangt hjá Auði Magnúsdóttur að halda því fram að Landvernd og Héraðsnefnd Árnesinga séu þinglýstur eigendur að Laxabakka.

2. Íslenski bærinn kaupir Laxabakka, hús ásamt tilheyrandi lóð af Lögheimtunni, sbr. kaupsamning dags. 8. júní 2018. Íslenski bærinn hefur aldrei gert neina sértæka samninga um húsin að Laxabakka sem eign aðskilda tilheyrandi eignarlóð og því algerlega úr lausu lofti gripið að halda fram að eignarhald á Laxabakkahúsunum sé aðskilið landinu sem ávallt hefur tilheyrt þeim.

3. Fulltrúar Íslenska bæjarins hafa aldrei lagt fram, hvorki skriflega eða munnlega, hugmyndir um lagningu nýs vegar að Laxabakka né uppbyggingu bílastæða. Að lóð Laxabakka liggur stuttur vegslóði jafngamall húsunum



Laxabakki. Myndin var tekin árið 1944.



Hannes Lárusson.

sem endar í litlu bílastæði sem er vel innan upphaflegra lóðamarka og verður hann notaður við uppgerð hússins. Engar hugmyndir hafa verið uppi um að breikka þennan gamla vegslóða, enda yrði hann aldrei notaður nema sem þjónustuleið fyrir eigendur og umsjónarmenn Laxabakka.

4. Það hafa ekki verið lagðar fram neinar fomallegar hugmyndir um byggingu þjónustuskála á lóð Laxabakka. Leyfi til byggingar, á annars nauðsynlegu þjónustuhúsi með snyrtingu og þess háttar, myndi þegar til kemur væntanlega heyra undir skipulags- og byggingarfulltrúa en hvorki Landvernd né Héraðsnefnd Árnesinga.

Tvær umsóknir á vegum Íslenska bæjarins varðandi Laxabakka hafa verið lagðar fram hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita. Önnur um skipulagsmál: „Óskað er eftir heimild til að deiliskipuleggja lóð Laxabakka. Í deiliskipulaginu verða sett ákvæði sem heimila endurbyggingu bátaskýlis og sumarhússins með viðbótum til að mæta nútímakröfum um frístundahús. Jafnframt ákvæði um aðkomu og lagnaleiðir að lóð.“ Hin lýtur að skráningu

ítrekað verið reynt að koma á fundum með þessum mótdrægu nágrönnum Laxabakka en án árangurs.

Örfáum dögum eftir að Íslenski bærinn undirritaði kaupsamning um Laxabakka, eða þann 14. júní 2018, er Snorra Baldurssyni, fulltrúa Landverndar í Avíðrunefnd og formanni nefndarinnar, skrifað all ítarlegt bréf þar sem greint er frá þessum viðskiptum og hugmyndir reifaðar um björgunaraðgerðir og uppbyggingu Laxabakka og tillögur lagðar fram um samstarf um uppbyggingu á svæðinu. Bréfinu lýkur með þessum hætti:

„Með varðveislu Laxabakka þarna á sínum rétta stað verður því að sníða starfseminu að því, að hún snúist allt í senn, um náttúruvernd og um náttúruna, um menningarsögu, byggingararfleifð og íslenska bæinn. Hús Ósvalds Knudsens verði auk þess ævinlega helgað menningararfi, náttúruvernd og skapandi hugsun.

Okkar mat er að þessar áherslur hljóti að geta að verulegu leyti fallið saman við áherslur Landverndar í sínu starfi, enda blasir við að þegar kemur að náttúrufræðum og gestakomum þeim tengdum er samstarfsflöturinn augljós. Allar framkvæmdir og uppbygging á svæðinu myndu taka ítrasta tillit til verndargildis staðarins og náttúru hans, byggingarlistar og fagurfræði. Við höfum því velt því fyrir okkur að bjóða Landvernd til samstarfs um málið. Að öreyndu teljum við enn að við séum samherjar þegar kemur að menningarvernd og náttúruvernd og skapandi framþróun og sæmpættingu þessara þátta.

Nú veltum við því fyrir okkur hvort þú værir tilbúinn að hitta okkur á fundi, auk mín þá Pétur Ámannsson og Þorberg Þórsson, um málið þar sem við myndum reifa frekar þessar

samstarfsstillögur, vænlegt framhald og framkvæmdir?“

Þessu uppleggi var algerlega hafnað af Avíðrunefnd og fundur um málið afþakkaður.

Sigríður Anna Ellerup lögræðingur hefur skrifað forsvarsmönnum Landverndar og Héraðsnefnd Árnesinga mörg bréf þar sem eðli málsins og staðreyndir eru reifaðar og ítrekað lagt til að aðilar máls hittist. Í bréfi 15. apríl frá Sigríði segir: „Enn og aftur óskar undirrituð, f.h. Íslenska bæjarins, eftir sáttafundi þar sem aðilar reyna að nálgast lausn á málinu af virðingu fyrir viðfangsefninu.“ Þessar umleitningar hafa enn sem komið er ekki leitt til sáttafundar um þetta furðulega og þráhyggjukenda mál.

Perlan við Sogið

Það verður að teljast óvanalegt og að öllum líkindum öloglegt athæfi að nágrannar ásælist nærliggjandi eignarlóð og haldi ítrekað fram opinberlega að þeir beinlínis eigi umrædda lóð, þvert á öll opinber skjöl auk nær 80 ára hefðarréttar lögmætra eigenda á lóðinni. Til að bæta gráu ofan á svart eru það fulltrúar almannasamtaka sem ganga fram með þessum ófyrirlitna hætti. Þetta athæfi er líka þeim mun skrítnara þar sem umræddir aðilar fengu í hendur samkvæmt gjafagerningi, þar sem hvergi er minnst á lóð Laxabakka, mörg hundruð hektara lands á svæðinu tilheyrandi jörðunum Öndverðarnes 2 og Alvirðu. Bæði húsakostur og lönd Alvirðu hafa sætt mikilli vanhírðu eigenda um árabíl. Í þessu ljósi er því óskiljanlegt hvers vegna þessi samtök sækja nú svona fast að bæta á sig enn einum hektaranum ásamt húsaleifum að sýsla með.

Einnig er eftirtektarvert að á þessu svæði eru tvö önnur sumarhús á jafn stórum lóðum og tilheyrja Laxabakka og var stofnað til með sama hætti og á sömu árum. Á lóð annars þessara bústaða var byggt nýtt hús með umtalsverðum framkvæmdum árið 2004 og lagt að rafmagn og vatn eins og eðlilegt má teljast, og að þessum bústað liggur mörg hundruð metra breiður akvegur sem ruddur hefur verið í gegnum skóglendi í landi Öndverðarnes 2. Ekki er vitað til að amast hafi verið við þessum framkvæmdum, hvorki af umræddum eigendum né skipulags- og byggingarnefnd svæðisins eða Grímnes- og Grafningshreppi.

Þrátt fyrir þessa mótdrægu nágranna þá skipar þetta fallega og einstaka hús almennt þvert á móti veglegan sess í hugum fólks á svæðinu og reyndar flestra landsmanna sem þekja til hússins og svæðisins. Það er ekki síst vegna þessa jákvæða anda sem Íslenski bærinn og velunnarar hans hafa einsett sér að láta ekki undan niðurrifsöflunum í þessu máli og hvika ekki frá því markmiði að koma Laxabakka og þessari litlu lóð sem honum tilheyrir til bjargar og blása í staðinn nýju lífi. Þegar hefur verið hafist handa við þessar aðgerðir þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður, umsátur og ásælni. Fylgjast má með framvindu þessa starfs ýmist á FB síðu verkefnis: Laxabakki. Bauen Wohnen Denken og á Instagram #laxabakki.

Friðunarferli hvað varðar Laxabakka og tilheyrandi lóð er þegar hafið að frumkvæði Minjastofnunar Íslands sem gefi mögulega vegið þungt í þeirri áralöngu viðleitni að rjúfa umsátrið um Laxabakka; og Héraðsnefnd Árnesinga og Landvernd gerist nú ærlegir nágrannar og skrifi tafarlaust undir fyrirbyggjandi lóðarblað og gefi þannig grænt ljós á eðlilega uppbyggingu. Perlan við Sogið má ekki glatast.

Hannes Lárusson

Bændablaðið
Kemur næst út
11. júlí

MATVÆLAFRAMLEIÐSLA & MARKAÐSMÁL

Reglur og ríkisafskipti af landbúnaði

Heimaslátrun – af hverju?

Á síðustu vikum höfum við bræður hér á síðum Bændablaðsins fjallað um mismunandi reglur og ríkisafskipti af landbúnaði víða um heim í samhengi við heimaslátrun lamba og síðar sölu þeirra. Í þessari síðustu grein okkar að sinni er farið stuttlega yfir helstu rök fyrir því að leyfa heimaslátrun á Íslandi.

Hver er staðan í dag?

Eftir samtöl við bændur sem til þekkja teljum við að skipta megi heimaslátrun á Íslandi í tvo flokka. Fyrst má telja bændur, sem slátra hver og einn u.þ.b. 3 lömbum á klukkustund, án þess að leggja í aðra fjárfestingu í aðstöðu en nokkra króka, hnifa, slár og 1-2 vænar frystikistur. Þeir slátra gjarnan 15-50 lömbum að hausti, þekkja þokkalega til handverksins og stunda ekki hefðbundna markaðssetningu. Í þeim tilvikum ratar kjötið oft á tíðum til ættingja og vinafólks, í formi greiða eða gegn greiðslu.

Aðrir bændur eru stórtækari, þekkja vel til handverksins, geta sagt öðrum til og hafa komið sér upp ágætis aðstöðu til slátrunar og einfaldrar vinnslu. Til hagræðingar vinna þeir gjarnan saman að slátruninni. Dæmi má nefna af fjórum bændum sem slátra um 20 lömbum á klukkustund, hafa kjötiðnaðarmann sér halds og trausts og njóta aðstoðar "sölumanna" sem koma afurðunum á framfæri á vinnustöðum, saumaklúbbum og víðar.

Því fer fjarri að allir sauðfjárbændur slátri heima, en þó má greina umtalsvert aukinn áhuga á því meðal bændna síðustu ár í tengslum við lægra afurðaverð sláturleyfishafa og herra heimtökugjald af sláturhúsum. Þetta leiðir hugann að einni veigamestu ástæðunni fyrir því að losa um ríkishöftin og leyfa heimaslátrun og beina sölu bændna til neytenda – heimaslátrun borgar sig fyrir bændur.

Ábati fyrir bændur

Gangverð á heimaslátrun lambakjöti virðist liggja á bilinu 900-1300kr/kg, miðað við sjö parta sögun á heilum skrokk, sem er umtalsvert meira en bóndi fær fyrir að leggja sitt fé inn hjá sláturleyfishafa, jafnvel þótt tekið sé tillit til greiðslna úr gæðastýringu.

Samkvæmt verðskrá sláturleyfishafa (www.ks.is) er kostnaður við heimtöku 5.500kr á lamb, umfram fyrstu 15 lömbin sem slátrað er. Þeir bændur sem vilja selja beint frá býli þurfa því að greiða 110 þúsund fyrir slátrun á 20 lömbum. Tímakaup fjórmenninganna að ofan væri því 27.500kr/klst á mann. Þó skal tekið fram að kostnaður við aðstöðu er að sjálfsögðu nokkur, en jafnframt skal því til haga haldið að hvorki gæra né innmatur fást heimtekin af sláturhúsi. Þar geta legið nokkur verðmæti fyrir bændur sem kunna til verka.

Fæðuöryggi og viðhald á handverki

Fæðuöryggi grundvallast á þekkingu á matvælaframleiðslu og vinnslu. Slík þekking er oft staðbundin, enda má ljóst vera að aðstæður á Íslandi eru ólíkar t.d. meginlandi Evrópu. Þess vegna gerir matvælaölggjöf Evrópu ráð fyrir því að hægt sé, sýni áhættumat ekki fram á nauðsyn annars, að taka tillit til staðbundinna aðstæðna og þekkingar. Margir bændur þekkja handbragðið við heimaslátrun, þökk



Hluti afkomenda Björns Hjálmarssonar og Þorbjargar Ólafsdóttur á Mælifellsá á góðri stundu að gæða sér á heimaslátrun, lífrænt ræktuðu lambakjöti.



Lömb að beit í skógræktarhófi á Mælifellsá.

se þeirra heimaslátrun. Í þessu felast verðmæti fyrir fæðuöryggi á Íslandi, en þau verðmæti fynast hratt, verði ekki mögulegt fyrir reyndari bændur að yfirfæra sína þekkingu á slátrun og vinnslu til nýrra kynslóða bændna.

Meyrni og aðrir gæðabættir

Meyrni íslensks lambakjöts hefur minnkað síðustu tvo áratugin, samhliða kynbótastarfi með áherslu á vöðva í stað fitu og auknum kröfum um kælingu í sláturhúsum (Guðjón Þorkelsson og Emma Eypórsdóttir; erindi á fagfundum landssamstaka sauðfjárbændna 2.mars 2018). Á sama tíma hefur meðalneysla Íslendinga á lambakjöti minnkað, mögulega vegna þess að ýmsir setja það fyrir sig að þurfa að taka lambalæri úr frysti á miðvikudegi til að geta verið vissir um að það sé meyrnt á laugardagskvöldi. Slíkt samræmist varla nútíma neysluháttum.

Skýrsla Matis um örslátrun að Birkihlíð 30.9.2018 hefur enn ekki verið birt, en þegar hefur komið fram að í þeirri tilraun var m.a. borin saman meyrni lambakjöts sem keypt hafði verið í verslun í Reykjavík annarsvegar og kjöts af lömbum sem var slátrað í Birkihlíð hins vegar. Þau lömb þurftu eðlilega ekki að þola flutning til sláturleyfishafa og voru látin hanga í tæpa viku áður en til sölu kom. Ahugavert verður að sjá niðurstöður sérfræðinga Matis, en samfara fækkun sláturhúsa og þar með lengri flutningsleiðum og áherslu á hraðari frystingu eftir slátrun hefur verið bent á hættuna á því að seigja lambakjöts á markaði

aukist. Nýlegar niðurstöður sýna að 10-15% af lambakjöti sem slátrað er í íslenskum sláturhúsum teljast seig (sjá t.d. erindi Guðjóns og Emmu), þrátt fyrir aðgerðir eins og raförvun skrokka til að stuðla að hraðari lækun sýrustigs.

Vöruþróun og nýsköpun

Sláttíð lamba á íslenskum sláturhúsum hefst gjarnan undir lok ágúst og lýkur í október. Skipulagið miðar við að hægt sé að slátra miklu magni þegar flest fé heimtist af fjalli og eru flest sláturhús mönnum með erlendu farandvinnuafli að verulegu leyti. Ferli slátrunar er hratt og til að nýta pláss sem best er kjötið fryst í beinu framhaldi af slátrun, sem hefur í för með sér hættu á minni meyrni og gengur þvert á þróun í kjötneyslu síðustu áratugi, þ.e. vali neytenda á ferskum vörum umfram frosnar.

Samfara fækkun sauðfjár í landinu er verulegur hluti íslenskra sauðfjárbændna í stakk búinn að beita fé sínu, að hluta eða heild, með sjálfbærum hætti í heimalöndum og geta því sótt það til slátrunar þegar þeim hentar. Bændur sem slátra heima geta því markaðssett ferskt lambakjöt frá sumri til jóla, þannig nýtt mikilvægustu kjötsölutímabil ársins og hagað meðferð kjötsins eins og best verður á kosið. Hægt er að selja kjötið á netinu fyrir fram og veit þá bóndi hversu mörgu fé þarf að smala til heimaslátrunar í viku hverri. Neytendur gætu haft aðgang að upplýsingum um kjötið með app-lausnum, sem þróast hratt þessa dagana, enda söluaukning

í ferskum matvörum á netinu mæld í tveggja til þriggja stafa prósentutölum. Úr aukahræfnum má vinna með markvissum hætti, t.d. í samstarfi við sprotafyrirtæki á borð við Pure Natura sem hafa þá aðgang að ferskum aukahræfnum yfir lengri tíma ársins.

Samvinna við aðrar atvinnugreinar í héraði

Starf bændna er frumkvöðlastarf, sem krefst sífelldrar nýsköpunar og þegar aukin nýsköpun bændna verður að veruleika, opnast ýmsir möguleikar fyrir vöxt og viðgang nærhagkerfisins, t.d. í gegnum samvinnu við framleiðendur í öðrum atvinnugreinum. Náð samstarf bændna og ferðaþjónustu er t.d. algengt fyrirkomulag í Evrópu, s.s. á Ítalíu eða í Frakklandi og heimaslátrun lamba getur verið mikilvæg stoðgrein fyrir veitingahúsarekstur í grennd við bóndann eða á bóndabænum sjálfum. Slík fullvinnsla matvæla eykur ekki aðeins virði þeirra á svæðinu, heldur eykur einnig þekkingu ferðamanna og Íslendinga á íslenskum matarhefðum.

Einsleitni og viðnámsþróttur nærliggjandi hagkerfis

Síðustu áratugi hefur verið ýtt undir stærri einingar, t.d. stærri sláturhús og stærri bú. Stórar framleiðslueiningar ýta undir stærðarhagkvæmni, en sveigjanleiki minnkar oft á móti og komi til verulegs áfalls veldur það búisfjum í öðrum geirum nærliggjandi hagkerfis. Komi t.d. upp ríða á stóru bú, þarf að farga öllum fjárfestunum á bænum með tilheyrandi stóráfalli fyrir bændurna sjálfa, alla sem á búinu vinna, söluaðila aðfanga og jafnvel afurðastöð í nágrenninu. Sambærileg staða kemur upp ef t.d. stór sláturhús verða gjaldþrota. Slík áföll hafa mikil neikvæð áhrif á hagkerfið í nærliggjandi sveitum. Það er mikilvægt að einblína ekki eingöngu á stærðarhagkvæmni, því slíkt getur leitt til minni viðnámsþróttar gegn áföllum og minni framleiðslu og virðisaukningar í hagkerfinu sem heild til lengri tíma.

Bætt umhverfis- og dýravernd

Mikilvægt er á tímum vitundarvakningar umhverfis- og dýraverndar að hafa í huga að hinn upplýsti neytandi lætur sig málin varða. Ímynd lambakjöts

hjá neytendum byggir m.a. á góðri meðferð lands, lágmarks umhverfisáhrifum framleiðslunnar og meðferð á dýrum. Langur flutningur sláturlamba vinnur ekki með bændum í þessu samhengi. Niðurstæða norrænna sérfræðinga var að slátrun í litlu magni, þar sem rétt er að verki staðið, geti auknið velferð sláturdýra (Jan Hultgren, Kjartan Hreinsson o.fl., 2016), sem svo aftur getur leitt til aukinna gæða og bætrar ímyndar. Bændur sem slátra heima geta einnig boðið upp á mikið gagnsæi til kaupandans, sem eykur rekjanleika kjötsins og upplýsingaflæði.

Aukin landsframleiðsla, skatttekjur og fjölgun valkosta

Eingöngu lögleg atvinnustarfsemi telst til landsframleiðslu. Þegar svört atvinnustarfsemi, á borð við núverandi heimaslátrun bændna, er gerð lögleg telst hún því til landsframleiðslu. Þá aukast skatttekjur ríkissjóðs, þegar núverandi heimaslátrun bændna verður lögleg. Á sama tíma fjölgar valkostum bændna við slátrun, sem ýtir undir bættu þjónustu sláturleyfishafa. Valkostum neytenda fjölgar að sjálfsögðu einnig, í öllu falli þeirra sem ekki þekkja til bændna sem slátra heima í dag.

Er hættulegt að leyfa heimaslátrun?

Rök þeirra sem vilja viðhalda núverandi banni á heimaslátrun virðast flest tengjast áhættu og matvælaöryggi. Þrátt fyrir það hefur ekki farið fram vísindalegt áhættumat á heimaslátrun og bændur (sem mega slátra til eigin nota) virðast ekki hafa borið skaða af neyslunni, né þeir þúsundir Íslendinga sem neyta kjöts af heimaslátrunum ár hvert. Nýleg rannsókn MAST á bakteríuflóru kjöts sem slátrað er í sláturhúsum sýnir eðlilega að það innihaldi nokkurt magn örvera. Í því ljósi er ekki ástæða til að ætla að marktakur munur sé á örverufræðilegri stöðu heimaslátraðs kjöts og kjöts af sláturhúsum. Gera má ráð fyrir því að þeirri spurningu verði svarað þegar sérfræðingar Matis gefa út skýrslu um örsláturartilraunina frá því í september 2018.

Á hinn bóginn má benda á að með því að heimila heimaslátrun og setja eðlileg skilyrði um hreinlæti og meðferð sláturúrangs, verði stigið skref til að takmarka áhættu frá því sem nú er, en meðferð sláturúrangs frá heimaslátrun er í dag misjöfn, ef marka má samtöl okkar við þá sem til þekkja, m.a. starfsmenn heilbrigðisefirlita sveitarfélaga. Ræður þar ekki síst sú staðreynd að bændur þurfa að "þukrast" með sláturúrang, sé hann í verulegu magni, enda athæfið ekki talið löglegt.

Að lokum

Það er von okkar að þær fjórar greinar sem Bændablaðið hefur birt um reglur og ríkisafskipti af landbúnaði í síðustu tölublöðum verði til þess að vekja frekar umræðu um það hvort bændur skuli fá auknið rými til athafna. Tímarnir breytast hratt á gervihnattaöld og það er kominn tími til þess fyrir íslenska stjórnámálamenn að stíga inn í nýja öld með áráði og traust á fagmennsku íslenskra bændna að leiðarljósi.

Sveinn Margeirsson og Ólafur Margeirsson, bændasynir

VÉLABÁSINN

Nýr Skoda Karoq kominn í stað Skoda Yeti

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Nýjasta útspil Skoda er smájeplingurinn KAROQ, og kemur í stað YETI smájeppans sem var afar sterkur og lipur jeplingur.

Karoq er mikið öðruvísi en Yeti og algjörlega hannaður frá grunni með bestu fánlegu nýjungum sem Skoda býður upp á í framleiðslulínunni. Fyrir skömmu tók ég góðan prufuakstur á þessum nýja og ódýra smá-jeplingi.

Lengi getur gott „bestnað“, ótrúlegt hvað hraðastillirinn virkar vel

Fyrst var ekið innanbæjar og svo út fyrir bæinn til að prófa bílinn á malarvegi. Á malarveginum, sem var þurr og laus, var ég ánægður með fjöðrunina sem tekur dæmigerðar „pottholur“ vel, en aðeins smásteinahljóð kom frá framdekkjunum upp undir bílinn.

Í lok prufuakstursins ók ég til Keflavíkur og til baka án þess að nota hraðastillinn (cruise control) fyrr en í bakaleiðinni við Straumsvík. Stíllti ég hann þá viljandi á of mikinn hraða til að skoða sjálfvirkni hraðastillisins. Í prufuakstursbílum er sérstakur aukabúnaður sem er sjálfvirkur fjarlægðarmælir tengdur við hraðastillinn sem heldur alltaf sama bilinu í næsta bíl fyrir framan.

Ástæða þess að ég skoðaði þetta var að hingað til hafa allir bílar sem ég hef prófað týnt bílum sem á undan ekur í hringtorgum. Ég hafði hins vegar lesið um að hraðastillirinn í þessum Karoq þá væri betri og nákvæmari.

Orðrómurinn sem ég hafði heyrt var réttur, þessi bíll týndi ekki bílum fyrir framan þrátt fyrir hringtorgið við N1 Lækjargötu í Hafnarfirði. Alltaf sama vegalengd á milli bílanna og á næstu ljósum stoppaði bíllinn sjálfkrafa og fór af stað án þess að ég gerði nokkurn skapaðan hlut. Persónulega myndi ég ekki treysta þessu 100%, því öll manna verk geta bilað.



Skoda Karoq 4X4 Ambition.

Myndir / HLJ



Glettilega hátt undir lægsta punkt í Karoq.



Góð bakkmyndavél og skynjararnir nema vel til hliðanna.

Akstur og eyðsla lofar góðu

Bíllinn sem ég prófaði var bensínbíll með 1,5 TSI vél sem skilar 150 hestöflum. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 5,4 lítrar á hundraðið.

Að loknum um 150 km akstri var mín eyðsla 7,5 lítrar á hundraðið sem er nokkuð gott að mínu mati þar sem ég tók vel á



Hljóðlátur að innan miðað við stærð.

bílnum og reyndi ekkert að keyra sparakstur. Þrátt fyrir að vera ekkert að reyna að keyra sparakstur kom það mér á óvart hversu lágar eyðslutölur ég sá við aksturinn og miðað við það tel ég að auðvelt sé að ná eyðslunni verulega niður sé keyrt á ráðlögðum hraða.

Eins og alla aðra bíla sem ég prófa hávaðamæli ég bílana á 90 km hraða (alltaf eins og á sama stað). Skoda Karoq mældist mjög nálægt 70 db. sem er gott miðað við stærð bílsins. Oftast mælist hljóð aðeins hærra í litlum bílum en þeim stærri. Í öllum prufuakstrinum var ég hvergi var við aðstæður þar sem ég var ósáttur við bílinn. Ekkert út á að setja við aksturinn, útsýni gott og öikumannssætið þægilegt.



Hér er allt til að redda sér ef springur dekk, en það vantar gula vestið.

Margt gott í bílnum, en fáir mínusar

Fyrst ber að nefna verðið, en Skoda Karoq er á tilboði núna á verði frá 4.990.000 (sá ódýrasti prófaður, en í boði eru 5 mismunandi Karoq).

Bíllinn sem prófaður var er með aukalega fjarlægðartengdan hraðastilli sem kostar aukalega 55.000 (mæli eindregið með honum). Hann var með dráttarkrök sem kostar aukalega 160.000, en bíllinn má draga kerru eða vagn með bremsubúnaði sem er allt að 2000 kg.

Mikið af aukabúnaði er hægt að fá í Karoq sem að mínu mati er nauðsynlegur, s.s. hituð framrúða, hita í stýri, bílastæðaaðstoð og margt fleira.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.872 - 1.886 kg
Hæð	1.840 mm
Breidd	1.850 mm
Lengd	5.330mm

Í bílnum er varadekk sem ég kys að kalla „aumingja“ sem ekki má keyra á langt og hratt. Það minnir einna helst á skellinöðruðekki á felgu. Einnig er í bílnum millistykki fyrir mismunandi kerrurafmagnstengi, varúðarþrífyrningur, tjakkur og verkfæri til að skipta um dekk, en gula vestið vantar. Fínn fjölnota bíll með gott rými bæði fyrir farþega og farangur.

KONI

Aflvélar ehf. er nýr innflutnings og söluaðili KONI á Íslandi



Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is



ÖRYGGI – HEILSA – UMhverfi

Innlegg í umræðuna um gróðureldhættu

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Á undanförunum tveim til þrem vikum hefur verið allnokkur umræða um þá hættu sem stafar af mikilli þurrkatíð á Suður- og Vesturlandi. Varla hefur nokkur úrkoma verið á þessu svæði síðan í maí og gróður því þurr og ekki þarf mikið til að eldur kvikni. Mesta umræðan hefur verið um hættuna á skógareldi við Skorradalsvatn og aðgengi að sumarbústöðum við vatnið.

Án þess að gera lítið úr þeirri umræðu, sem er vissulega réttmæt, þá eru mörg svæði sem þurfa ítarlega úttekt á öryggi ef skógar eða annar gróðureldur kviknar.

Sumarbústaðabyggðir þurfa víða að gera áhættumat

Mjög víða á landinu eru þéttar sumarbústaðabyggðir sem oft og tíðum er bara ein aðkomuleið um einbreiða vegslóða sem varla er fær fyrir stóra slökkvibíla og hvað þá umferð í báðar áttir umlukin trjám og skógi. Það er ekki bara tré og runnar sem geta gert stórelt því sjaldnast er talað um eld í mosa, en fyrir þá sem hafa séð grámosabruna á stóru svæði vita að reykurinn er svo þykkur að inn í hann fer enginn og ef vegurinn er við svoleiðis stað verður sá vegur ekki keyrður sökum reyks.

Reglur um nálægð trjáa við vegi og bústaði

Ekki virðast vera til neinar almennar reglur á Íslandi um hversu nálægt tré og runnar mega vera við vegi og bústaði. Ekki hef ég heyrt af áætlunargerð um hvernig eigi að tryggja að eldur breiðist ekki út um of og hvort til sé



Haugslugur geta komið að góðum notum í baráttu við skógarelda.



Fæstir gera sér grein fyrir þeim gríðarlega eyðileggingarmætti sem felst í skógareldum.

áætlun um að gerð séu óbrennanleg bíl á svæðum eins og í Skorradal eða Grímsnesi.

Fyrir nokkrum árum ferðaðist ég með kanadískum hjónum sem vinna við slökkvistörf í Kanada, hann starfar við áhættumatgerð og hún ekur stórum truck sem er tankbíll með leirleðju sem sprautað er í vegkanta til að tryggja vegina ökufera ef upp kemur skógareldur.

Í áhættumati á mörgum stöðum í Kanada er hreinlega gert ráð fyrir að hús í jöðrum þorpa og smábæja

se fórnad með því að jarðýtur jafna þau við jörðu. Leðjubíllinn sprautar síðan leðju yfir rústirnar til að búa til óbrennanlegt belti til að verja hús þar á bakvið.

Einstaka menn forsjálar og hugsa til hins versta

Fyrir nokkrum árum var ég að tala við bónda á afskekktum bæ og barst talið inn á brunavarnir. Þá sagði hann mér að skammt frá bænum væri lækur og við hliðina

á honum geymdi hann alltaf haugsuguna sína. Barkinn, sem að öllu jöfnu var notaður til að sjúga úr haughúsinu, var á lækjarbakkanum til taks ef hann þyrfti að grípa til hans.

Í þessu tali spurði ég hvort það tæki ekki óratíma að fylla haugsuguna af vatni svaraði hann mér að hann væri búinn að taka æfingu á þessu í tvígang. Í bæði skiptin var hann kominn af stað með fulla haugsuguna af vatni á innan við 10 mínútum frá því að hann hóf æfingu.

Spurning um, á svona þurrkítimum, að vera með haugsuguna tilbúna fulla?

Allavega er brýn nauðsyn á að fólk almennt hugi að því hvað gerist í

næsta nágrenni við það ef kviknar eldur. Huga þarf fyrst og fremst að flóttaleiðum, svo er það hvað sé hægt að gera til að hefta eld þangað til slökkvilið kemur á staðinn, tryggja mannfólki og dýrum öryggi. Allavega er það gott ráð handa þeim sem hafa tæki eins og haugsugur að vera með vatni í þeim. Eða hafa ónotuð vatnsflát sem taka mikið magn, full af vatni sem auðvelt er fyrir slökkvilið að nálgast í neyð.

Förum varlega með eld

Hjón sem ég ferðaðist með hér um árið og hafði reynslu af stórum skógareldum, sögðu að það hræddi þau mest að vita hversu fáir gerðu sér grein fyrir eyðileggingarmættinum og hættunni sem skógareldum getur fylgt.

Léttu þér lífið

Sláttu-ROBOT

S: 544-4656

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	109	SKEINA	DANS	SNÚA HEYI	SPRIKL	NYTSEMI		HALLANDI	MÁLMUR	ÓSLÉTTUR	SÖNGLA
	FÓTA-BÚNAÐUR							RÚM			
	SÖGULJÓÐ							HANGA			
	BEIN				GÓNA						
	ANDLIT				ALDIN				KRAFTUR		
	SÆLA								ÓRÓLEG		
						OFRA					
						TVEIR EINS					
HARMA			SKAR	ÁHRIFA-VALD					RAKI	NÖLDRA	SRÍÐNI
				FÍFLAST							
SÓT			FJÖTUR					HLEYPA			
			MATJURT					ÞÖGN			
ÖNEFNDUR								GÁTA			
								ÍHUGA			
SKARÐ			EYÐA					URMULL			TRÍTLA
			NARSL					BIRGJA			
		TRÉ						HOLA			
		GLOPPU						TÚN			
FARNAST				VAN-ÞÖKNUN							
				AD					Í RÖÐ		PRÁ
				EFNI							
RÝRNA				BÁS						HRÖP	
				Í RÖÐ						SVELL	
INNYFLI			NABBI								
									FANGI		
Í RÖÐ		FRJÁLSA									
									VEIDA		

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	108	FELLA	SUBA	TÍBAR	Í RÖÐ	KALL		HALD	SKJÁLÐUR	YFIRRÁÐ	SVALL
	STÖKKUR	B	R	O	T	H	Æ	T	T	U	R
	RÁNDYR	R	E	F	U	R	A	M	A	R	M
	HNOÐAR	E	L	T	Ó	L	Ó	S	K	Y	R
	BLIK	G	L	A	M	P	I	N	Á	L	
	YFIRRHÖFN										
		P	H	Ó	Ð	A	R	A	N	Á	Í
LJÚKÐÓM	A	S	T	M	A	L	O	K	S	B	R
ÓTA	P	O	T	A	A	L	L	T	Y	M	S
YFIRR HÖND	P	R	K	Ó	R	E	A	S	N	A	K
BEITA	A	G	N	V	I	N	Ú	L	D	N	A
	A	Á	T	A	S	K	R	Á	G	R	Ó
AD LOKUM	S	Í	Ð	I	R	A	L	A	V	A	T
UNDIR- RITA	K	V	I	T	T	A	A	N	S	A	Á
ADALS- TITILL	J	A	R	L	S	Ö	K	Á	N	A	U
FRÁ	A	F	A	Ð	I	L	I	L	A	U	M

Bændablaðið

kemur næst út 11. júlí

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Jón Atli Jónsson og Bryndís Karen Pálsdóttir tóku við búskapnum í Gröf í Skaftártungu vorið 2018 af foreldrum Jóns Atla, Ólöfu Rögnu og Jóni Geir.

Býli: Gröf.

Staðsett í sveit: Í Skaftártungu.

Ábúendur: Jón Atli Jónsson og Bryndís Karen Pálsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Eigum Melkorku Sif, 8 mánaða. Svo eru 2 aðrir ætliðir í sama húsi, foreldrar Jóns Atla, bróðir og amma og afi.

Stærð jarðar? 49 ha ræktaðir en jörðin er 643 ha að heildarstærð.



Gerð bús? Sauðfjárnú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 420 fjár og smalahundarnir Röskva og Títla.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Allir dagar hefjast á kaffibolla, annars eru þeir mjög óhefðbundnir í búskap.



Gröf



Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Allt skemmtilegt nema að gefa heimagöngunum. Sauðburður og göngur/réttir toppa allt!

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonum að við verðum starfandi og á góðu róli.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við erum þakklát

fyrir fólkið sem sinnir þeim störfum og viljum samheldni.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vonandi mun honum ganga vel og að það verði meira jákvætt tal heldur en neikvætt.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Það er bara spurning hvenær með lambakjötið ... það er svo gott.

Hvað er alltaf til í ísskápnnum? Túristasinnepp, rjómi fyrir ísvélina og smjörvi, svona 13 dósir.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Léttreyktur lambahryggur er veislukostur.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar við þurftum að bruna beint heim af fæðingardeildinni til að finna fyrstu lömbin á sláturbíl það haustið.

MATARKRÓKURINN

Eldun á fiski og íslensk jarðarber

Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari



Það er lykilatriði að elda fisk ekki of mikið. Þurr fiskur er ekki góður. Þumalputtareglan varðandi eldun á fiski er sú að þegar þig grunar að fiskurinn sé tilbúinn, þá er hann það örugglega!

Eldunartíminn ræðst af þykkt stykkjanna, gerð þeirra og eldunarhitunum – því er tíminn misjafn. Ég reyni að fylgjast vel með fisknum, um leið og liturinn á honum fer að umbreytast úr glæru yfir í hvítt (eða í ljósbleikt með lax og silung) er fiskurinn tilbúinn. Þegar gaffli er stungið í stykkið vil ég sjá flögur myndast í holdinu, hann á ekki að molna því þá er hann líklega orðinn þurr. Þegar ég pönnusteiki fisk með roði hef ég pönnuna vel heita og steiki fiskinn á roðinu og sný honum svo aðeins yfir á hina hliðina – þá verður hann stökkur að utan og safamikill að innan.

Ég elska kartöflumús með fisk, þá bara nýjar íslenskar kartöflur með smjörri (grófmardar). Það er endalaust hægt að leika sér með hana með því að bæta kryddjurtum í og næstum því hverju sem er.

Grilluð rauðspretta

- › 600–800 g rauðspretta
- › 200 g smjör
- › 30 g kapers
- › 1 stk. sítróna
- › Salt og pipar

Aðferð

Brúnum smjörrið rólega á pönnu og setjum síðan grillaða rauðspretturna í álþakka – það kemur skemmtilegt hnetubragð af smjörinu.

Bætum kapers við ásamt niðurskornu sítrónukjöti og -berki sem búið er að rífa niður með fínu rifjárnri á pönnuna. Látum fiskinn



eldast á pönnunni, smökkum til með salti og pipar og færum hann svo beint upp á disk.

Ef ekki er til kapers er ágætt að nota fínt saxaðar ólífur eða sólþurrkaða tómata í staðinn.

Lúða með basilikulaufum

- › 300 g lúða

- › Nokkur basilikulauf (þurrkuð basilika) eða steinselja
- › 50 ml olía (t.d. ólífuolía) salt og pipar

Aðferð

Skerum fiskinn í litlar steikur og penslum með ólífuolíu. Grillum á báðum hliðum og kryddum með basiliku, steinselju, salti og pipar.



Íslenskir tómatar væru fullkomið meðlæti.

Blandaður fiskur í álpappír

- › 600–800 g blandaður fiskur, lax, steinbitur og kræklingur
- › 1 dl ólífuolía
- › 1 laukur, saxaður
- › 3–6 hvítlauksgeirar, skornir í sneiðar

Aðferð

Skerum fiskinn í hæfilega stóra bita og veltum hvítlauksolíu saman við

og svo er hráum kræklingi bætt við.

Bakið á grilli í álpappír eða bakka í nokkrar mín. eða þar til kræklingurinn er opnaður. Léttsteikjum svo lauk og setjum yfir fiskinn fyrir framreiðslu.

Súkkulaði- og karamellukrem með ís og íslenskum jarðarberjum

- › 160 g gott súkkulaði
- › 150 g sykur
- › 250 g rjómi eða hreint skyr
- › 20 g hunang
- › 50 g smjör

Aðferð

Notum sykurlinnu til að búa til karamellu á vægum hita (bara á þurri pönnu), síðan blanda hana með rjómanum og hunangi (ef skyr er notað er það sett eftir á).

Látum hitastigið falla niður í (75–80 gráður), hellum síðan smám saman brædda súkkulaðinu saman við og notum spaða til að hræra vel. Blöndum strax með rafmagnstöfraspota til að gera fullkomið krem.

Lækkum hitann niður í 40 gráður, bætum smjörinu við (eða skyri), blöndum aftur í rafmagnsblandara.

Leyfum að stífna í kæli og framreiðum með íslenskum berjum og góðum ís.

HANNYRÐAHORNID

Sumarlegar sessur

Ég hef lengi dáðst að litadýrðinni í Drops Eskimo garninu, en það er fánlegt í 52 litbrigðum. Ég hafði bara ekki fundið rétta verkefnið þar til ég fann uppskriftina að þessum heklðu sessum. Þá vissi ég að rétta verkefnið væri fundið.

Samverustundirnar í garðinum verða enn notalegri með þessar litríku sessur að sitja á. Uppskriftin er í heklátáknnum.

Garn: Drops Eskimo, fæst hjá Handverkskúnst


1 dokka af hverjum lit í eina sessu.

- Litasamsetning 1: Litur 1 - millifólublár nr 54, litur 2 - bleikur nr 26, litur 3 - pastelblár nr 31, litur 4 - natur nr 01.
- Litasamsetning 2: Litur 1 - ljósbleikur nr 30, litur 2 - ljósblár nr 12, litur 3 - lime nr 35, litur 4 - natur nr 01.
- Litasamsetning 3: Litur 1 - gulur nr 24, litur 2 - sægrænn nr 66, litur 3 - ljósbleikur nr 30, litur 4 - natur nr 01.

Hekluál: nr 9

Stærð: Þvermál 56 cm fyrir þæfingu, þvermál 34 cm eftir þæfingu.

Þæfing: Setjið sessuna ásamt handklæði í þvottavél með þvottaefni án ensýma og bleikiefna. Þvoið við 40 gráður með venjulegri vindingu án forþvottar. Mótið sessuna á meðan hún er enn blaut og leqqið til þerris.



Síðar meir er sessan þvegin eins og venjuleg ullarflik.

Litaskipti eftir umferðum: Umf 1, 2, 6 og 8 eru í lit 1. Umf 3 og 7 eru í lit 2. Umf 4 og 9 eru í lit 3. Umf 5 og 10 eru í lit 4.

Mynstur

- = Heklið 5 loftlykkjur og tengið saman í hring með keðjulykkju í fyrstu loftlykkju, svartir punkturinn táknar byrjun umferðar.
- = Loftlykkja
- = Tvöfaldur stuðull heklaður í/undir loftlykkju
- = Tvöfaldur stuðull heklaður í tvöfaldan stuðull
- = Hálfstuðull
- = 4 loftlykkjur heklaðar í byrjun umferðar, telst sem 1 tvöfaldur stuðull, umferðinni er lokað með keðjulykkju í 4. loftlykkju.
- = 2 loftlykkjur heklaðar í byrjun umferðar, telst sem 1 hálfstuðull, umferðinni er lokað með keðjulykkju í 2. loftlykkju og svo er heklud keðjulykkja yfir í næsta loftlykkjubil.
- = 2 loftlykkjur heklaðar í byrjun umferðar, telst sem 1 hálfstuðull, umferðinni er lokað með keðjulykkju í 2. loftlykkju.

Létt

3	4		2		1	6	
6		4		3		9	
7			9	1	2	3	
	5	7		1	2		
	2		5		6	9	
			3	8		5	4
	3	1	8	7			5
9			2		5		7
5		6		3		4	8

Miðlungs

	6	7			2	8	3
4					8		1
		8	9	3	4	5	
	7		4				2
	8	3				1	4
1					5		9
		4	7	1	9	6	
	9		5				7
	2	6	8			9	5

Þung

		6		4		7		
	2		1		5		3	
5			7		9			1
	6	1				2	9	
9								3
	3	4				5	8	
3			4		6			5
	1		9		2		7	
		8		5		1		

Þyngst

2	1				4				
9				2					
8		5							
	6	2			9	3			
	8		4		1		5		
		1	8		7	6			
							8	9	
				7				6	
			3					7	1

Sudoku

